PETTA VILTU SJÁ Á AIRWAVES ▶64

Emotional frumsýnt
LOSTAFULLUR LEIKUR ▶22

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
25. október 2014
251. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

ÞARF EKKI AÐ SEGJA ÉG ELSKA ÞIG

Jóhanna Kristjónsdóttir hefur lifað tímana tvenna þótt hún sé ekki nema rúmlega sjötug. Hún segir frá æskunni og uppvextinum, áfalli við þrettán ára aldur, guðfræðináminu, blaðamennskunni og þeim sterku konum sem að henni standa. ▶ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞJÓÐKIRKJAN ÞARF EKKI AÐ FARA Í VÖRN Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson ræða stöðu þjóðkirkjunnar. ▶30

Gerður Kristný Orti drápu um stúlku sem lendir í ógæfu ▶38

HÖNNUÐURINN SEM ELSKAÐI AÐ DANSA
Ferill og ævi Oscars de la Renta fata-hönnuðar. ▶32

FRÉTTIR

GLEÐIFRÉTTIN

Mannréttindadómstóllinn dæmdi Erlu Hlynsdóttur í vil

„Þetta eru frábærar fréttir og ég ákvað að vonast eftir nákvæmlega þessu," sagði blaðakonan Erla Hlynsdóttir í tilefni þess að Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi. Hæstiréttur dæmdi Erlu til að greiða eiginkonu Guðmundar Jónssonar, sem kenndur er við Byrgið, bætur fyrir ummæli sem höfð voru eftir viðmælanda í frétt sem hún skrifaði 2007. Íslenska ríkið á að greiða Erlu 1,2 milljónir í bætur vegna málsins.

FIMM Í FRÉTTUM HRÍÐSKOTABYSSUR OG FÓTBOLTAMENN

Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, fullyrti að ekki væri verið að vopna lögregluna umfram það sem verið hefði síðustu ár vegna fregna af sendingu hríðskotabyssna frá Noregi.

Stefanía Thors, varaformaður Félags kvikmyndagerðarmanna, sagði skrýtið að Íslandsstofa treysti ekki íslensku kvikmyndagerðarfólki til að kynna Ísland. Um er að ræða hluta af herferðinni Inspired by Iceland.

➜ **Lars Lagerbäck,** annar landsliðsþjálfara Íslands, gladdist þegar hann sá á netinu að íslenska fótboltalandsliðið hefur farið upp um 76 sæti á styrkleikalista FIFA síðan hann tók við því fyrir 34 mánuðum.

Ásgrímur Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, lýsti yfir áhyggjum vegna vanbúinna og illa mannaðra erlendra flutningaskipa sem eru á siglingu við landið.

Nanna Rögnvaldardóttir, matmóðir og rithöfundur, fylgdi 80 ára gömlum matseðli, með ýmsum útúrdúrum, í viku og tókst að halda kostnaði hverrar máltíðar undir 248 krónum.

VIÐ HVERFISGÖTU Efnt var til mótmælanna eftir að fréttir bárust að Ríkislögreglustjóri hefði fengið um 150 vélbyssur frá norska hernum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rauðri málningu skvett á lögreglustöðina og grjóti kastað:

Mótmæltu vopnaðir vatnsbyssum

MÓTMÆLI Rúmlega hundrað mótmælendur söfnuðust saman við lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík í gær til að mótmæla vopnaburði lögreglunnar. Mótmælendurnir mættu margir vopnaðir vatnsbyssum, sápukúlum og vatnsblöðrum líkt og hvatt hafði verið til á Facebook-síðu mótmælanna. Þau fóru að mestu friðsamlega fram en þó var rauðri málningu skvett á lögreglustöðina og grjóti kastað í húsið. Einn karlmaður var handtekinn og leiddur á brott af lögreglu.

- hg / Sjá síðu 4

Hermenn drápu ungling:

Grjótkasti svarað með skotum

ÍSRAEL, AP Orwah Hammad, fjórtán ára gamall drengur frá Palestínu, lést þegar ísraelskir hermenn svöruðu grjótkasti palestínskra ungmenna með skotum í Jerúsalem á föstudag.

Alls særðust tólf Palestínumenn í átökunum. Ísraelski herinn fullyrti að hermenn hefðu komið í veg fyrir frekari árásir með því að skjóta á Palestínumann sem hefði kastað eldsprengjum að umferðargötu í borginni. - hg

Sameining í sjávarútvegi:

LÍU gæti farið inn í ný samtök

SJÁVARÚTVEGUR Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Samtök fiskvinnslustöðva verða sameinuð í nýja félaginu Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi ef aðalfundur LÍU samþykkir sameininguna.

Aðalfundur LÍÚ verður haldinn fimmtudaginn næstkomandi og verður tillaga um sameininguna þar borin upp. Stofnfundur Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi á að fara fram á Hilton Reykjavík Nordica daginn eftir. - hg

Viðgerð á Þingvöllum afhjúpar Konungsveg

Hleðslur úr hinum forna Konungsvegi komu í ljós við lagfæringar við Nikulásargjá og Flosagjá á Þingvöllum. Fornleifafræðingar rannsaka nú fundinn. Hanna þarf svæðið að nýju með hliðsjón af minjavernd, segir fræðslufulltrúi þjóðgarðsins.

FORNMINJAR „Nú þurfum við að endurmeta alla hönnun og vinna úr þessari stöðu," segir Einar Á.E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins á Þingvöllum, um kanthleðslur úr gamla Konungsveginum sem komið hafa í ljós við Flosagjá og Nikulásargjá.

Einar segir að í vikunni hafi hafist framkvæmdir vegna lagfæringar á veginum og aðkomusvæði vestan megin við brúna yfir Flosagjá, sem yfirleitt er nefnd Peningagjá. Malbik hafi verið flysjað ofan af veginum.

„Við gerðum það mjög varlega vegna þess að hér getur maður alltaf átt von á fornleifum alls staðar. Mjög fljótlega komu hleðslur í ljós, fyrst norðan megin við veginn og síðan sunnan megin þar sem hleðslurnar eru skýrari. Það eru kantarnir á gamla Konungsveginum sem fór þarna yfir," segir Einar.

Konungsvegur var lagður í tilefni Íslandsheimsóknar Friðriks VIII Danakonungs árið 1907. Vegurinn liggur um Þingvelli að Geysi og Gullfossi og kostaði ríkið 14 prósent af ársútgjöldum.

„Maður átti von á því að einhvern tíma í millitíðinni frá því vegurinn var byggður og þangað til í dag væri búið að ryðja minjum af honum burt en kantarnir af honum eru þarna mjög skýrir undir," segir Einar sem kveður fornleifafræðing nú vinna við að hreinsa hleðslurnar og meta.

„Það verður reynt að fara eftir ráðleggingum frá Minjastofnun um það hvernig við getum hannað í kringum þetta. Það kemur kannski í ljós í næstu viku í hvað þetta stefnir. Hugsanlega verður þetta bara enn betra," segir fræðslufulltrúinn á Þingvöllum. gar@frettabladid.is

KONUNGSVEGUR Gamlar kanthleðslur komu í ljós er unnið var að lagfæringum á vestan við Peningagjá á Þingvöllum.

MYND/EINAR SÆMUNDSEN

„Það kemur kannski í ljós í næstu viku í hvað þetta stefnir.
Einar Á.E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi á Þingvöllum.

FÖRUNEYTI KONUNGS Friðrik VIII ríður hér í fararbroddi á Konungsveginum þar sem hann liggur að Flosagjá og þar yfir.

CHEVENING
— UK GOVERNMENT SCHOLARSHIPS —

Langar þig til Bretlands í framhaldsnám?

Breska sendiráðið auglýsir eftir umsóknum um Chevening-námsstyrk til íslenskra ríkisborgara fyrir skólaárið 2015/16

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má finna á:
www.chevening.org/iceland/

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2014

British Embassy Reykjavik
/UKinIceland
@UKinIceland

Sérstakur saksóknari segist ekki geta svarað því hvort hann sitji áfram:

Rannsakar leka gagna til RÚV

SAMKEPPNISMÁL Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari ætlar að rannsaka leka á trúnaðargögnum um kæru Samkeppniseftirlitsins gegn ellefu starfsmönnum tveggja skipafélaga til Kastljóss. Þetta kemur fram í svari Sigríðar við fyrirspurn RÚV um málið.

Fréttaskýringaþátturinn Kastljós fjallaði um kæru Samkeppniseftirlitsins til embættis sérstaks saksóknara vegna meintra brota Eimskips og Samskipa á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið fór fram á að opinber rannsókn færi fram á því hvaðan og hvernig trúnaðarupplýsingunum var lekið til Kastljóss.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segist í samtali við Fréttablaðið ekki geta svarað því hvort hann ætli að sitja áfram í embætti þegar rannsóknin hefst.

„Ég hef nú ekkert enn þá heyrt af þessu og get voða lítið sagt á meðan ég hef ekki neinar upplýsingar," segir Ólafur.

Ekki náðist í Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, við vinnslu fréttarinnar. - ak / hg

RÍKISSAKSÓKNARI Sigríður ætlar að skoða meintan leka á rannsóknargögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



„Ég hef nú ekkert enn þá heyrt af þessu og get voða lítið sagt á meðan ég hef ekki neinar upplýsingar.
Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

GILDIR 25.10.14 - 27.10.14

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM

ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 20.32% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

18.10.2014 → 24.10.2013

105 MÁL sem sérstakur saksóknari hefur höfðað hafa verið útkljáð með dómi fyrir héraðsdómstólum frá því embættið var stofnað árið 2009.

6 ÞINGMENN myndi Framsóknarflokkurinn fá ef gengið yrði til kosninga nú samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og þannig missa 13 menn.

94% umsókna um skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar er búið að reikna hjá skattstjóra að sögn forsætisráðherra.

1.500 MANNS eru á biðlista eftir aðgerð til þess að fjarlægja ský af augasteini. Biðin er um það bil eitt og hálft ár.

40 fölsunarsendingar hafa verið stöðvaðar af tollayfirvöldum á tæpum þremur árum en sendingarnar eru í langflestum tilfellum frá Kína.

62% svarenda í nýrri könnun Fréttablaðsins eru á móti sölu áfengis í búðum, 30 prósent eru hlynnt.

sexfalt meira af sementi hefur verið notað við gerð Vaðlaheiðarganga en áætlað var. Til stóð að nota um 200 tonn en nú þegar hafa 1.200 tonn verið notuð.

Afkoman undir væntingum:

Nýherji hagnast um 12 milljónir

VIÐSKIPTI Hagnaður Nýherja á þriðja ársfjórðungi nam 12 milljónum króna en fyrirtækið var rekið með um 100 milljóna tapi á sama tíma í fyrra.

FINNUR ODDSSON

Um 137 milljóna króna hagnaður var af rekstri Nýherja á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við rúmlega 1.100 milljóna tap á sama tímabili 2013. Finnur Oddsson, forstjóri upplýsingatæknifyrirtækisins, segir afkomuna á þriðja ársfjórðungi undir væntingum en að reksturinn á fyrstu níu mánuðum ársins sé á áætlun. - hg

Um 1.000 lítrar gefnir í dag:

Gefa kjötsúpu tólfta árið í röð

SKEMMTUN Boðið verður upp á íslenska kjötsúpu á Kjötsúpudeginum á Skólavörðustíg í Reykjavík í dag, fyrsta vetrardag.

Alls verða 1.000 lítrar af súpu á boðstólum en Samtök kaupmanna á Skólavörðustíg halda nú Kjötsúpudaginn í tólfta sinn. Boðið verður upp á súpu á fimm stöðum en Úlfar Eysteinsson, veitingamaður á Þremur frökkum, mun ausa á fyrstu diskana fyrir fanga Hegningarhússins á Skólavörðustíg. Dagskráin stendur yfir frá klukkan 14.00 til 16.00. - hg

LEIKLIST

Stúdentar sýna í tanki

Borgarráð hefur samþykkt að leigja Stúdentaleikhúsinu hitaveitutank í Perlunni þar sem Sögusafnið var áður. Sýna á leikritið Stundarfrið á tímabilinu 12. til 24. nóvember. Leigan er 150 þúsund krónur.

Safna gögnum með 84 skjálftamælum

Viðamesta rannsókn á jarðhitakerfi hér á landi stendur yfir á og við Reykjanes. Alls eru 19 þátttakendur í verkefninu, þar af þrír frá Íslandi. Verkefnið gengur vel ef frá eru taldir mælar sem hafa lent í veiðarfærum sjómanna í þrígang.

RANNSÓKNIR „Reyndar rak einn mælinn upp í fjöru á Mýrunum, og tveir hafa komið upp í veiðarfærum sjómanna. Aðrar truflanir hafa ekki orðið," segir Ögmundur Erlendsson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR), um framgang fjölþjóðlegs rannsóknarverkefnis við kortlagningu jarðhitakerfisins við Reykjanes.

Tilgangurinn er að þróa nýjar aðferðir til að rannsaka jarðhitakerfi. Vonir standa til að því loknu að fá sem besta mynd af svæðinu og fá upplýsingar úr dýpri jarðlögum en nú eru fyrir hendi. Þetta gætti leitt til þess að staðsetning borhola verði markvissari og árangursríkari.

Í sumarlok kom hópur jarðvísindamanna frá ÍSOR og jarðvísindastofnuninni GFZ (GeoForschungZentrum) í Þýskalandi fyrir 24 jarðskjálftamælum á hafsbotni allt í kringum Reykjanes. Verkið var unnið í samstarfi við HS Orku. Auk þeirra var í sumar komið fyrir 30 mælum á landi. Þá hefur ÍSOR undanfarin tvö ár komið fyrir níu jarðskjálftamælum á vinnslusvæði HS Orku. Veðurstofa Íslands rekur sjö mæla og tékkneskir sérfræðingar hafa að auki sett niður 14 mæla. Allt í allt eru það því 84 mælar sem munu gefa upplýsingar sem nýttar verða í verkefninu.

„Þetta er gríðarstórt og metnaðarfullt verkefni sem nýtist öllum jarðfræðiheiminum. Þær þjóðir sem eru með okkur hafa ekki þessar náttúrulegu aðstæður sem hér eru. Svo á móti kemur að við höfum ekki tólin og tækin sem þeir hafa, svo þetta tvinnast vel saman," segir Ögmundur.

SJÓSETNING Mælarnir eru dýr og sérhæfð tæki, fengin frá þýskum tækjabanka. MYND/PHILIPPE JOUSSET

Mælarnir sem fara í sjó eru dýr og sérhæfð tæki; hver þeirra vegur um 500 kíló og kostar á bilinu tíu til tólf milljónir króna. Verkefnið er styrkt af 7. rammaáætlun ESB og er heildarstyrkurinn rúmir 1,5 milljarðar króna. Þar af er styrkupphæð til Íslands um 250 milljónir. Alls eru 19 þátttakendur í verkefninu, þar af þrír frá Íslandi; ÍSOR, HS Orka og Landsvirkjun. Reykjanesið, Krafla og Geitafell við Hornafjörð verða athugunarsvæðin hér á landi og hliðstæð svæði erlendis eru ítölsku jarðhitasvæðin Larderello og eyjan Elba og Tenerife á Kanaríeyjum.

500 kílógrömm vegur hver mælir sem fer í sjó og kostar 10–12 milljónir króna.

Að sögn Ögmundar er stefnt að því að mælarnir liggi í sjó í eitt ár, en verkefnið mun standa lengur, eða í allt að því þrjú ár.

svavar@frettabladid.is

EASYJET Flugfélagið flýgur til 134 áfangastaða í heiminum. NORDICPHOTOS/AFP

Flýgur til átta áfangastaða:

Easyjet bætir við flugleiðum

FERÐAÞJÓNUSTA Breska flugfélagið EasyJet ætlar að bæta tveimur flugleiðum við áætlunarkerfi félagsins til og frá Íslandi næstkomandi mánudag og bjóða þá flug til Gatwick-flugvallar í London og Genfar.

EasyJet ætlar einnig að hefja reglulegt flug milli Belfast og Íslands þann 12. desember. Félagið mun þá fljúga til átta áfangastaða frá Íslandi og áætlar að flytja um fjögur hundruð þúsund farþega á ári í þeim ferðum. - hg

Týndur síðan í september:

Ferðamanns leitað áfram

SLYS Leit að þýska ferðamanninum Christian Mathias Markus, sem sást síðast 18. september, stendur enn yfir.

CHRISTIAN MATHIAS MARKUS

Að sögn Hlyns Snorrasonar yfirlögregluþjóns er rannsókn mannshvarfsins ekki hætt þó hún hafi ekki borið árangur til þessa.

„Menn bara halda áfram að grennslast fyrir," segir Hlynur. „Það er búið að leita á landi og í fjörum þannig að leitin er nú í því formi að menn ganga fjörur af og til." - bá

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	26°	Friedrichshafen	25°	New York	18°
Aþena	16°	Gautaborg	12°	Orlando	25°
Basel	17°	Kaupmannahöfn	12°	Ósló	12°
Berlín	12°	Las Palmas	28°	París	17°
Billund	14°	London	15°	San Francisco	19°
Frankfurt	15°	Mallorca	28°	Stokkhólmur	10°

Á MORGUN NV-læg, 5-10m/s



MÁNUDAGUR NV-læg, 5-15m/s, hvassast á annesjum



SKIN OG SKÚRIR sunnan heiða þessa helgina en áfram stöku él eða snjókoma um landið N- og NV-vert. Áframhaldandi norðlægar áttir og kólnar heldur til sunnudags en líklega frostlaust með ströndum.

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

WWW.NISSAN.IS

NISSAN

Innovation that excites

FRUMSÝNING

NÝR NISSAN X-TRAIL

STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

360° MYNDAVÉLATÆKNI



SJÖ SÆTI

ÖRYGGISHJÚPUR

NISSAN HEFUR TEKIÐ FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnast af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

NISSAN X-TRAIL
ACENTA PLUS, SJSK., DÍSIL
7 sæta, framhjóladrifinn

Verð: 5.890.000 kr.

Eyðsla 5,1 l /100 km*

NISSAN X-TRAIL
ACENTA PLUS, BSK., DÍSIL
7 sæta, fjórhjóladrifinn

Verð: 6.290.000 kr.

Eyðsla 5,3 l /100 km*

Í ACENTA PLUS: Rafdrifin glersóllúga - LED dagljósabúnaður.
Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM65020

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Viltu ná tökum á heilsunni?

Kynningarfundur
mánudaginn
27. okt. kl 20:00

Heilsulausnir
- sniðið fyrir þig til þess að ná árangri

Upplýsingar í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

HEILSUBORG
www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108
Reykjavík • Sími 560 1010

Gylfi Arnbjörnsson var endurkjörinn forseti Alþýðusambandsins í gær:

Harma stöðuna á vinnumarkaði

KJARAMÁL Fulltrúar á þingi Alþýðusambandsins (ASÍ) samþykktu í gær ályktun um að kjarasamningar hafi sjaldan eða aldrei skilað jafn ólíkum launahækkunum og á yfirstandandi ári. Þingið harmi þá stöðu sem komin sé upp á íslenskum vinnumarkaði eftir að almennt launafólk hafi haldið aftur af kröfum sínum á sama tíma og fjölmiðlar birti fréttir af miklum launahækkunum margra stjórnenda í fyrirtækjum.

Alls voru sjö ályktanir um kjaramál, velferð og áskoranir á íslenskum vinnumarkaði samþykktar samhljóða eða með miklum meirihluta atkvæða á 41. þingi ASÍ sem lauk síðdegis í gær.

Gylfi Arnbjörnsson var endurkjörinn forseti ASÍ með 201 atkvæði af 275. Mótframbjóðandinn Ragnar Þór Ingólfsson, stjórnarmaður í VR, hlaut 69 atkvæði. Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, og Sigurður Bessason, formaður Eflingar, voru kjörin í embætti varaforseta ASÍ. - hg

ENDURKJÖRINN Gylfi Arnbjörnsson var fyrst kjörinn forseti ASÍ árið 2008.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þriðjungur segist styðja ríkisstjórnina

Næstum sjö af hverjum tíu segjast ekki styðja ríkisstjórnina. Formenn ungliðahreyfinga stjórnarflokkanna segja að þetta skýrist af umræðu um virðisaukaskatt.

STJÓRNMÁL Um 30 prósent styðja ríkisstjórnina, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins. 55 prósent segjast ekki styðja hana, tólf prósent segjast óákveðin og þrjú prósent svara ekki spurningunni.

Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem taka afstöðu segjast 35 prósent styðja ríkisstjórnina. Sextíu og fimm prósent segjast ekki styðja hana.

Magnús Júlíusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, segir að þessar tölur komi sér ekki á óvart í ljósi þess hve mikil umræða hefur verið um breytingar á virðisaukaskattskerfinu. „Umræðan hefur verið mjög á einn veg. Hún hefur verið einfölduð mjög og eitt atriði tekið fyrir," segir Magnús og vísar þar í umræðu um hækkun skatta á matvæli. „Þetta er í sjálfu sér erfitt mál, á meðan kynningin er í eina áttina þá eðlilega kemur það niður á fylgi við ríkisstjórnina," segir hann. Það sé hins vegar áhugavert að umræðan hafi ekki komið niður á fylgi Sjálfstæðisflokksins. Magnús bendir á að flokkurinn mælist sterkur og segist telja að það sé að miklu leyti vegna sterkrar forystu hans.

Magnús segir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins þurfi að vera miklu duglegri að kynna fyrir þingi og þjóð hver heildaráhrif af virðisaukaskattsfrumvarpinu séu. Breytingin geti þýtt kaupmáttaraukningu upp á 0,4% fyrir heimilin. „Það er stóra málið og það virðist ekki ná að komast inn í umræðuna," segir Magnús.

Helgi Haukur Hauksson, formaður Sambands ungra framsóknarmanna, segir mikilvægt að menn átti sig á þeim gífurlega mikilvægu verkefnum sem verið er að vinna að. Það sé líka ljóst að hækkun virðisaukaskatts á matvæli sé ekki líkleg til vinsælda fyrir ríkisstjórnina.

Helgi Haukur segir að ríkisstjórnin sé að fást við vandasöm verkefni, Verið sé að vinna í því að leysa skuldavanda heimilanna með leiðréttingunni. „Það er heldur ekki auðvelt að glíma við ríkisfjármálin þegar nettóvaxtagjöld ríkissjóðs voru til að mynda á síðasta ári 70-80 milljarðar," segir Helgi Haukur. Það sé aldrei til vinsælda fallið að skera niður.

Könnun Fréttablaðsins á stuðningi við ríkisstjórnina var gerð dagana 21. og 22. október. Hringt var í 1.241 mann þangað til náðist í 801, en 85 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Úrtakið er lagskipt slembiúrtak.

jonhakon@frettabladid.is

STYÐUR ÞÚ RÍKISSTJÓRNINA?



„Þetta er í sjálfu sér erfitt mál, á meðan kynningin er í eina áttina þá eðlilega kemur það niður á fylgi við ríkisstjórnina.

Magnús Júlíusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.

EVRÓPUMÁL

Smáríki í Evrópu:
Slóvenía og staða þess innan Evrópusambandsins

Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands
í samstarfi við Evrópustofu

MÁNUDAGINN 27. OKTÓBER KL. 12-13 Í ODDA 201

Hefur stærð aðildarríkja Evrópusambandsins áhrif á hvernig þau móta Evrópustefnu sína?

Dr. Cirila Toplak fjallar um hvaða áhrif hugmyndir Slóvena um landið sem smáríki í ESB hafa haft á Evrópustefnu Slóveníu og ber saman við svipaða umræðu í öðrum smáríkjum Evrópusambandsins.

Dr. Cirila Toplak er dósent í stjórnmálafræði við Háskólann í Ljubljana í Slóveníu.

Fundarstjóri: Jóna Sólveig Elínardóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og www.evropustofa.is
Alþjóðamálastofnun á Facebook: www.facebook.com/althjodamalastofnun
Evrópustofa á Facebook: www.facebook.com/evropustofa

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI
HÁSKÓLI ÍSLANDS

Margir kunna að hafa að smitast af ebóluveirunni í Malí í Afríku:

Ebóla greind í sjötta landi Afríku

SENEGAL, AP Malí er sjötta ríki Vestur-Afríku þar sem upp kemur tilfelli ebólusmits eftir að veiran greindist í gær í smábarni sem nýverið kom til landsins.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) segist líta svo á að neyðarástand hafi komið upp því barnið, tveggja ára gömul stúlka, var með blóðnasir á ferðalagi sínu til landsins frá Gíneu. Stúlkan og amma hennar notuðust við almenningssamgöngur á ferðalaginu. Í tilkynningu frá WHO í gær kemur fram að þær hafi ferðast um nokkurn fjölda þorpa á leið sinni og hafi stoppað í tvo tíma í Bamako, höfuðborg Malí, áður en komið var til Keyes í vesturhluta landsins.

Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum reyndu aftur á móti í gær að slá á ótta fólks þótt ebóla hafi greinst í lækni í New Yorkborg þar sem milljónir notast við almenningssamgöngur. Litlar líkur séu á smiti þar því veiran smitist bara með líkamsvessum á borð við munnvatn, blóð, ælu eða saur. Þegar vessarnir þorna drepist vírusinn á nokkrum klukkustundum. Fólk smiti ekki nema það sé veikt.

Vestra var líka upplýst í gær að bandarísku hjúkrunarfræðingarnir tveir sem smituðust af ebólu á sjúkrahúsi í Dallas í byrjun mánaðarins séu nú báðir lausir við veiruna. - óká

Í GÍNEU Hermaður hverfur af vettvangi við Masiaka-þjóðveginn á þriðjudag þar sem heilbrigðisstarfsmaður mælir líkamshita fólks í viðleitni til að finna ebólusýkta í landinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.citroen.is

MEIRI TÆKNI FÆRRI DROPAR

CITROËN C3
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 2.250.000 KR.

CITROËN C4
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.250.000 KR.

CITROËN C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.990.000 KR.

7 MANNA

CITROËN GRAND C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,0 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.390.000 KR.

CITROËN C5
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,9 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.990.000 KR.

Við bjóðum gott úrval glæsilegra Citroën bíla sem allir eiga það sameiginlegt að vera hlaðnir tæknibúnaði og skara fram úr í sparneytni. Veglegur kaupauki fylgir öllum nýjum Citroën í október. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér málið.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Eldsneytisnotkun er miðuð við blandaðan akstur. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Ráðherrar sverja af sér vélbyssur

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segist ekki haft nein afskipti af komu 250 MP5-hríðskotabyssa hingað til lands. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að lögreglan hafi heimild til að endurnýja búnað sinn án þess að ráðherra skipti sér af.

Jóhanna Margrét Einarsdóttir
jme@frettabladid.is

MP5-HRÍÐSKOTABYSSUMÁLIÐ Í HNOTSKURN



STJÓRNMÁL „Utanríkisráðherra hefur enga aðkomu að þessu máli. Við höfum ekki haft milligöngu um neinar byssur. Það er einhver misskilningur hjá lögreglunni með þetta mál," sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra í gær.

Á fundi allsherjar- og efnahagsnefndar Alþingis í vikunni með ríkislögreglustjóra og yfirlögregluþjóni hjá embættinu kom fram að utanríkisráðuneytið hefði haft milligöngu um komu 250 MP5-hríðskotabyssa hingað til lands. Í tilkynningu frá embætti Ríkislögreglustjóra í fyrradag kemur fram að norsk sendinefnd hafi komið til landsins í júní 2013 í boði utanríkisráðuneytisins. Norsku nefndarmennirnir greindu þá frá því að íslensku lögreglunni stæði til boða að fá hríðskotabyssurnar.

Gunnar Bragi segir að það sé engin leynd í málinu en bætir við að menn hefðu átt að segja strax hvernig hlutirnir væru því það sé ekkert óeðlilegt við þá. „Hins vegar hef ég ekki hugmynd um af hverju það var ekki gert," segir ráðherra og bætir við að honum finnist að það hefði átt að svara skýrar um þessi mál.

Á fundi nefndarinnar kom einnig fram að innanríkisráðuneytinu hefði verið kunnugt um málið.

Þetta er endurnýjun á búnaði, annað ekki.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra.

Samkvæmt því sem Fréttablaðið kemst næst var ráðuneytið upplýst um norsku byssurnar í júlí, en engar fundargerðir eða aðrar ritaðar heimildir munu vera til um þær upplýsingar sem ráðuneytið fékk.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að ráðuneytið hafi verið upplýst um að lögreglan væri að endurnýja búnað sinn og til þess hafi hún heimild í reglugerð frá 1999. „Þeir hafa þessa heimild," segir Hanna Birna og segir að engin stefnubreyting hafi átt sér stað varðandi vopnaburð eða vopnaeign lögreglunnar. „Þetta er endurnýjun á búnaði, annað ekki," segir Hanna Birna um byssurnar 150 sem lögreglan á að fá.

Hvorki Hanna Birna né Gunnar Bragi telja að það þurfi að ræða það opinberlega að hingað séu komnar 250 hríðskotabyssur, eða hvernig málið bar að. Málið sé ekki þess eðlis. Það sé eingöngu verið að endurnýja úrsérgengin skotvopn lögreglunnar og Gæslunnar. Hún fargi skotvopnum á móti þeim byssum sem hún sé að fá, vopnaeignin sé ekki að aukast.

Lögreglan hefur hins vegar ekki tilkynnt um að hún hafi eytt neinum af vopnum sínum.

Fréttablaðið hefur ekki fengið að sjá samninginn sem gerður var milli Norðmanna og Íslendinga um MP5-byssurnar og ekki hefur fengist uppgefið hver skrifaði undir hann.

Þá liggur ekki fyrir hvort MP5-byssurnar eru gjöf frá Norðmönnum eða hvort þeir eru að selja íslenskum yfirvöldum byssurnar. Lögreglan á að fá 150 MP5-byssur en Landhelgisgæslan 100.

Bæði Landhelgisgæsla og lögregla halda því fram að byssurnar séu gjöf. Upplýsingafulltrúi norska hersins segir að kaupsamningur hafi verið gerður og Íslendingar hafi keypt byssurnar fyrir 11,5 milljónir króna.

Landhelgisgæslan segir að ekki hafi verið greitt fyrir byssurnar og ekki hafi verið farið fram á greiðslu fyrir þær. Lögreglan hefur sagt að hún vilji ekki byssurnar þurfi hún að greiða fyrir þær.

MP5-byssurnar 250 komu með flutningavél norska flughersins frá Noregi í febrúar og hafa síðan verið geymdar innan tollverndarsvæðis Keflavíkurflugvallar í viðurkenndum skotvopnageymslum. Lögreglan fékk raunar 35 þeirra

Við höfum ekki haft milligöngu um neinar byssur. Það er einhver misskilningur hjá lögreglunni með þetta mál.

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra.

til afnota í skamman tíma til æfinga.

Byssurnar eru undanþegnar opinberum gjöldum samkvæmt gildandi varnarmálalögum.

Hvorki Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, né Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, vildu svara spurningum Fréttablaðsins um þetta mál í gær.

KIA | Ábyrgð fylgir!
Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*

Kia Cee'd SW EX
Árgerð 6/2013, ekinn 34 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 4,5 l/100 km.
3.390.000 kr.

6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Lykill
Afborgun aðeins 51.170 kr. á mánuði m.v. 339.000 kr. útborgun og 90% bílalán frá Lykli í 84 mánuði. 9,15% vextir, 10,83% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 84 mánaða. Nánar á lykill.is

Kia Carens EX
Árgerð 3/2014, ekinn 8 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, 7 manna, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.990.000 kr.

Kia cee'd EX
Árgerð 3/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, beinskiptur, eyðsla 4,3 l/100 km.
3.590.000 kr.

Kia Sportage EX
Árgerð 6/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.
4.990.000 kr.

Kia Sorento Classic
Árgerð 7/2013, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
6.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

CHEVROLET DAGURINN

VETRARSKOÐUN CHEVROLET – Í DAG 25. OKTÓBER

Allir Chevrolet eigendur sem koma í vetrarskoðun fá gjafakort hjá Bón & þvottastöðinni

ÓKEYPIS VETRARSKOÐUN

Veturinn er á næsta leiti og því ætla starfsmenn Bílabúðar Benna að leggja sig sérstaklega fram um að auka öryggi og ánægju Chevrolet eigenda með vetrarskoðun, sértilboðum og glaðningi fyrir alla fjölskylduna – án endurgjalds.

ÓKEYPIS ÞJÓNUSTA

Fyrir utan veglega vetrarskoðun bjóðum við ókeypis áfyllingu á rúðuvökva og afhendum gjafakort hjá Bón og þvottastöðinni.

FRÁBÆR TILBOÐ

Sértilboð og kynningar á bílavörum. Sölumenn nýrra og notaðra bíla verða í samningsstuði og bjóða í reynsluakstur. Það verða einnig tilboð á nýjum dekkjum fyrir veturinn.

PIRELLI | TOYO TIRES driven to perform | BFGoodrich TAKE CONTROL | MAXXIS

Við hvetjum Chevrolet eigendur til að koma og njóta þess sem við höfum upp á að bjóða. Við stöndum vaktina á milli **kl. 11:00 og 16:00** á laugardaginn í Reykjavík og Reykjanesbæ.

FACEBOOK LEIKUR

Kíktu í heimsókn, líkaðu síðuna og vertu með.
Þann 1. nóvember drögum við út einn vinningshafa úr vinahópnum sem fær 70.000 kr. innborgun á harðskeljadekk frá Toyo í verðlaun.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Læknar ætla að ganga ákveðið fram í verkfallsaðgerðum á mánudaginn:

Starfsemin riðlast öll í verkfalli

HEILBRIGÐISMÁL Þróun kjaradeilu ríkisins og Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands hefur orðið þess valdandi að læknar hyggjast ganga ákveðið fram í verkfallsaðgerðum sínum. Þeir munu sinna alvarlegustu tilfellum sem koma upp en þar draga þeir línuna, segja heimildir Fréttablaðsins innan Landspítalans.

Ekkert bendir til annars en verkfall lækna hefjist á mánudag, enda hefur næsti fundur í kjaradeilu þeirra ekki verið boðaður fyrr en að kvöldi sama dags.

Vegna verkfallsins hafa starfsmenn Landspítalans unnið hörðum höndum að viðbúnaði, en um nýjan raunveruleika lækna og heilbrigðisstofnana er að ræða þar sem læknar hafa aldrei áður nýtt verkfallsrétt sinn. Félögin tvö deila verkfallsaðgerðum niður á stofnanirnar. Helsti viðbúnaðurinn felst í að gera svokallaðan undanþágulista, sem snýr að því að í húsi séu læknar á hverjum tíma til að sinna bráðatilfellum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins innan Landspítalans mun starfsemin raskast verulega. Á mánudaginn eru það rannsóknasvið og kvenna- og barnasvið þar sem lögð verða niður störf; á öðrum sviðum verður starfað áfram en þó undir miklum áhrifum frá verkfallinu, þar sem starfsemi eins sviðs snertir óumflýjanlega önnur, t.d. rannsóknasviðs.

LSH Verkfall á kvenna- og barnasviði auk heilsugæslu mun auka álag á bráðadeildir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Allar verkfallsaðgerðir sem skipulagðar eru næstu vikurnar hafa þessi ruðningsáhrif.

Skurðlæknafélagið hefur sínar aðgerðir 4. nóvember með allsherjarverkfalli.

- shá

Nýsköpunarstyrkir Landsbankans

Landsbankinn styður góðar hugmyndir í atvinnurekstri og veitir allt að 10 milljónir króna í nýsköpunarstyrki árið 2014.

Markmið nýsköpunarstyrkja Landsbankans er að styðja við frumkvöðla með því að veita þeim tækifæri til að þróa nýja viðskiptahugmynd, eldri viðskiptahugmynd á nýju markaðssvæði eða þróa nýja vöru eða þjónustu. Nýsköpunarstyrkjum er jafnframt ætlað að styðja frumkvöðla til kaupa á efni, tækjum eða sérfræðiþjónustu vegna nýsköpunar eða sækja námskeið sem sannanlega byggir upp færni sem nýtist við þróun viðskiptahugmyndar.

Styrkupphæðir
» 500.000–2.000.000 kr. – styrkir fyrir verkefni sem eru lengra komin.
» 200.000–500.000 kr. – styrkir fyrir fyrstu skrefin.

Umsóknarfrestur
Umsóknarfrestur vegna nýsköpunarstyrkja er til og með **1. desember 2014.** Dómnefnd er skipuð þremur fagaðilum og tveimur sérfræðingum bankans. Sótt er um styrkina rafrænt á vef bankans, landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, umhverfisstyrkir, samfélagsstyrkir og nýsköpunarstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

JÓNSSON & LEMACKS • JL.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

VEFURINN OPNAÐUR Kristján Þór Júlíusson opnar vefinn. Geir Gunnlaugsson landlæknir og Jórlaug Heimisdóttir fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fólk getur skráð óskir sínar um líffæragjöf:

Líffæravefur opnar

HEILBRIGÐISMÁL Nýr líffæravefur var formlega opnaður í gær hjá Embætti landlæknis. Fram til þessa hafa þeir sem vilja gefa líffæri ef reynir á þurft að fylla út sérstakt líffæragjafakort og ganga með það á sér. Að öðru leyti hafa upplýsingar um líffæragjafa hvergi verið skráðar og því engar tölulegar upplýsingar til um fjölda þeirra.

Hægt er að komast inn á vefinn í gegnum hnapp á heimasíðu Embættis landlæknis. Á vefsvæðinu er að finna margvíslegar upplýsingar tengdar líffæragjöf, auk þess sem fólk getur opnað sérstakt svæði og með Íslykli eða rafrænu skilríki komið til skila afstöðu sinni til líffæragjafar.

Skipti fólk um skoðun þá er hægt að breyta vali sínu á sama vefsvæði.

- vh

Viðskiptatækifæri
Stórt hostel í miðbæ Reykjavíkur

Til sölu er stórt og vinsælt hostel í góðum rekstri á rólegum stað í miðbæ Reykjavíkur.

Hostelið er eitt það stærsta á sínu sviði í Reykjavík með 180 rúm í 71 herbergi og með mjög mikla stækkunarmöguleika. Ársvelta er um 130 mkr. og afkoma góð.

Hostelið er í leiguhúsnæði með góðum leigusamningum svo hér er ekki um sölu á fasteign að ræða.

Gott tækifæri fyrir þá sem vilja hasla sér völl í mest vaxandi atvinnugrein landsins.

Áhugasamir aðilar hafi samband við Guðna Halldórsson sími 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Haukur 10.14

LAMBAKJOT.IS

KJÖTSÚPUDAGURINN

- fyrsta vetrardag - 25. október

ÞÉR ER BOÐIÐ

í ilmandi kjötsúpu á Skólavörðustíg kl. 14

Tökum saman á móti vetrinum með íslenskri kjötsúpu og íslensku fjöri. Taktu með þér fjölskyldu og vini og njóttu einstakrar stemmningar á Skólavörðustíg á fyrsta dag vetrar.

Boðið er upp á ljúffenga, ilmandi og heita kjötsúpu á fimm stöðum á Skólavörðustíg. Það eru margir af færustu matreiðslumönnum landsins sem sjá um matseldina.

Lambakjöt

NÁTTÚRULEGA
Í STEMMNINGUNNI

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Þessi gullfallegi og einhleypi maður, **Tómas Meyer**, er fertugur í dag.

Kveðja!
Klíkan

Engum vísað frá í nýja gistiskýlinu

Gistiskýli fyrir heimilislausa karlmenn verður flutt úr Þingholtsstræti að Lindargötu 48 á mánudaginn. Tryggvi Magnússon umsjónarmaður fagnar bættum aðstæðum fyrir utangarðsmenn. Segir erfitt að horfa á þjáningar meðbræðra.

VELFERÐARMÁL „Ég sé fyrir mér að það fari miklu betur um alla gesti okkar að öllu leyti. Þetta er að færast til nútímans hvað húsnæði varðar. Gamla húsnæðið í Farsóttarhúsinu í Þingholtsstræti fullnægði ekki kröfum um öryggi.“ Þetta segir Tryggvi Magnússon, umsjónarmaður nýja gistiskýlisins að Lindargötu 48 sem opnað verður á mánudaginn. Tryggvi fagnar bættri aðstöðu og því að nú verði engum vísað frá.

Í Þingholtsstræti, þar sem var rými fyrir 20 manns, kom það fyrir að ekki var hægt að veita öllum gistingu yfir nóttina. „Við fengum til afnota lítið hús á Vatnsstíg fyrir fimm menn í desember í fyrra. Því verður nú lokað,“ segir Tryggvi.

Hann getur þess að í nýja húsnæðinu að Lindargötu sé gert ráð fyrir 20 næturgestum. „Við getum hýst 25 og það er leyfi til að hýsa fleiri ef þörf krefur. Mönnum verður ekki vísað frá heldur verður málið bara leyst.“

Þegar flutt verður úr gistiskýlinu í Þingholtsstræti á mánudaginn yfirgefa gestirnir húsnæðið klukkan 10 um morguninn. Þeir geta svo komið í nýja húsnæðið að Lindargötu klukkan 17. „Það eru til staðir sem menn geta verið á að degi til, eins og í Dagsetri Hjálpræðishersins á Eyjaslóð og Kaffistofu Samhjálpar í Borgartúni,“ greinir Tryggvi frá en hann hefur tekið á móti næturgestum í sjö ár. Hann viðurkennir að starfið taki stundum á. „Jú, auðvitað. Það verður að segjast eins og er. Það er erfitt að sjá meðbræður sína líða þjáningar.“

VIÐ NÝJA GISTISKÝLIÐ Tryggvi Magnússon umsjónarmaður segir menn geta gengið að því vísu að fá húsaskjól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tryggvi á ekki von á því að menn safnist saman fyrir utan gistiskýlið eins og stundum gerðist í Þingholtsstræti. „Þegar ekki komust allir að í fyrra skapaðist óöryggi og þá komu menn snemma og biðu fyrir utan. Nú geta þeir gengið að því vísu að fá húsaskjól og það miklu betra. Húsið í Þingholtsstræti var byggt árið 1884 og var barn síns tíma. Það var timburhús en nú flytjum við í steinhús.“

Gerðar hafa verið miklar endurbætur að Lindargötu. „Það var nánast allt endurgert innanhúss,“ tekur Tryggvi fram.

ibs@frettabladid.is

Hansahátíð

Städtebund Die HANSE

Laugardaginn 25. október 2014 kl. 14:00-17:00.
Pakkhús Byggðasafns Hafnarfjarðar, Vesturgata 6.

Fyrirlestrar, tónlist, matur og leikrit.

Á Hansahátíð Byggðasafns Hafnarfjarðar verður boðið uppá margvísilegan fróðleik og skemmtun um það tímabil í sögu Hafnarfjarðar þegar þýskir Hansakaupmenn réðu þar ríkjum.

- **Hansasambandið í fortíð og nútíð** – *Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar.*
- **Hansakirkjan í Hafnarfirði, fyrsta lúterska kirkjan á Íslandi, reist 1533 aflögð 1603** – *Jónatan Garðarsson, fjölmiðlamaður.*
- **Streng stillir fingur** – *Spilamenn Ríkínís syngja og leika á forn hljóðfæri veraldlega og andlega tónlist sem rekja má til Hansatímabilsins.*
- **Orgelið í Skálholti og reikningurinn frá Hinrik Marthens Hamborgara** – *Bjarki Sveinbjörnsson, tónlistarfræðingur.*
- **Hamborgarar í Hafnarfirði. Þegar Hafnarfjörður var miðstöð utanríkisverslunar Íslendinga** – *Pétur Eiríksson, sagnfræðingur MA.*
- **„Afsegjum vjer þann mjöð, sem skömmu seinna verður daufur og fúll“ Um bjórföng og áfengisdrykkju Íslendinga á tímum Hansakaupmanna** – *Stefán Pálsson, sagnfræðingur.*
- **Annríki** – *Þjóðbúningar og skart sýna tóvinnu þar sem ullarreyfi verður skipt í tog og þel, ullin kembd og spunnin á snældu og undirbúin í vefnað eða til að prjóna úr. Einnig verður sýnd gerð gamla hringavíravirkisins eins og það var unnið í skartgripi á þessum tíma.*
- **Boðið verður uppá veitingar í anda tímabilsins, nýbakað brauðmeti framreitt af Jóni Árelíussyni bakarameistara**
- **Leikfélag Hafnarfjarðar mun forsýna leikritið „Draugagangan – göngum aftur“ þar sem áhugahópur um draugaveiðar reynir að veiða drauga í Pakkhúsinu**

Ókeypis aðgangur

HAFNARFJÖRÐUR

Audi
Vorsprung durch Technik

Audi Q5
Stílhreinn og fjórhjóladrifinn

Kröfur eiganda Audi hafa sett há viðmið hvað varðar notagildi og útlit. Audi Q5 er glæsilegur bíll og með quattro fjórhjóladrifinu er fátt sem stoppar hann. Meðal staðalbúnaðar bifreiðarinnar eru leðurklædd sæti, BI-Xenon ökuljós, LED dagljós, þrískipt sjálfvirk loftkæling, rafdrifin opnun á afturhlera, Bluetooth símabúnaður, skyggðar rúður ásamt öðrum sjálfsögðum þægindum. Audi Q5 er sérstaklega vel búinn og tilbúinn fyrir íslenskar aðstæður.

Verð frá kr. 9.040.000,- 2.0 TDI, 177 hö, sjálfskiptur – Aukabúnaður á mynd: „Offroad“- pakki

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

Heitasta sumarfríið 2015

Mallo

*Bókunarafsláttur er 10.000 kr. á mann á viku og 20.000 kr. ef dvalið er í 2 eða 3 vikur. 5 manna fjölskylda X 20.000 kr. = 100.000 kr.

*Innifalið: Flug og gisting samkvæmt ofangreindu. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald. Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

Vikulegt flug
frá 21. maí til 24. september 2015
með glænýjum Airbus vélum.

rca

Sparaðu allt að 100.000 kr.* með því að bóka fríið fyrir 20. nóv.

Raðhúsagarðurinn IRIS, Sa Coma ★★★

Verð frá 99.900 kr.*

á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn 2ja til og með 11 ára í íbúð með 2 svefnherb.
11. júní í 7 nætur án fæðis.

* Verð með bókunarafslætti. **Verð án afsláttar: 109.900 kr.**

Flaggskip íslendinga á Palmanova

Einkaumboð á Íslandi fyrir VIVA

Playa Dorada, Sa Coma ★★★

Verð frá 124.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó á Playa Dorada með öllu innföldu.

* Verð með bókunarafslætti. **Verð án afsláttar: 134.900 kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 71140 10/14

Vertu vinur VITA á Facebook
www.facebook.com/vitaferdir

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Skógarhlíð 12
Sími 570 4444

VITA er lífið

Niðurstaða skoðanakönnunar er sumum áfall:

Framsókn hrapar

Hugsanlega hafa framsóknarmenn ekki náð að koma skilaboðum áleiðis um allt það jákvæða sem gert hefur verið að undanförnu, voru viðbrögð Sigrúnar Magnúsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, þegar hún var innt eftir viðbrögðum við nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, en samkvæmt könnuninni hefur flokkurinn misst tvo af hverjum þremur þingmönnum sínum og um leið tvo af hverjum þremur kjósendum. Allt þetta hefur gerst á aðeins hálfu öðru ári.

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Er þetta rétt hjá Sigrúnu? Framsóknarflokkurinn hefur fengið sín tækifæri. Síðustu daga hafa verið fluttar margar fréttir af gerðum, hugsunum og ákvörðunum forystufólks Framsóknarflokksins. Í hugann kemur flutningur Fiskistofu, hvalabeinin, gámahúsin og áburðarverksmiðjan svo eitthvað sé nefnt. Ekki vantar athyglina sem flokksmenn hafa fengið.

„Mér finnst ótrúlega margt hafa gerst og merki sjást um bættan þjóðarhag á mörgum sviðum. Hér er lítið atvinnuleysi og ekki verið meiri kaupmáttaraukning lengi, jafnvel kannski ekki í sögunni," sagði Sigrún líka í samtalinu við Fréttablaðið.

Ef við gefum okkur að þessi greining sé öll rétt þá er ljóst að tveir af hverjum þremur sem kusu Framsóknarflokkinn í kosningunum í fyrra þakka honum aldeilis ekki það sem vel hefur verið gert. Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur fjármálaráðherra, fær viðurkenningu fyrir efnahagsárangurinn með haftakrónunni. En alls ekki Framsóknarflokkurinn.

Það er grafalvarlegt mál, fyrir flokk forsætisráðherra, hvernig fylgið hefur hrunið af flokknum. Kjörfylgi Framsóknarflokksins varð minnst, allavega á seinni tímum, í kosningunum 2007, þegar flokkurinn fékk 11,7 prósent atkvæða og aðeins sjö þingmenn. Það voru kosningarnar eftir að Halldór Ásgrímsson hafði um tíma gegnt embætti forsætisráðherra. Nú mælist flokkurinn með aðeins 8,7 prósent og fengi einungis sex þingmenn. Engum dylst hversu alvarlegt þetta er, nema kannski þingflokksformanninum, sem sagði við Fréttablaðið:

„Við höfum ákveðið að dvelja ekki við skoðanakannanir." Þessi orð eru léttvægari en orð er á gerandi. Ekki nokkur manneskja trúir því að það fólk, sem ber ábyrgð á Framsóknarflokknum, geti ákveðið að dvelja ekki við skoðanakannanir. Við bætist, eins og kemur fram í Fréttablaðinu í dag, að einungis rétt um þriðjungur kjósenda styður ríkisstjórnina. Og ekki bara það, meira en tíundi hver sem segist enn ætla að kjósa Framsókn styður ekki ríkisstjórn Framsóknarflokksins.

Óðum styttist í opinberun skuldaleiðréttinganna. Fari svo, sem suma grunar, að niðurstaðan þar verði undir væntingum mun enn fjara undan Framsóknarflokknum, elsta flokki landsins sem verður aldargamall eftir rétt rúm tvö ár.

Nei, Sigrún Magnúsdóttir og annað forystufólk Framsóknarflokksins. Þið hafið fengið tækifæri til að segja skoðanir ykkar, hugsanir, fyrirætlanir og allt sem þið teljið eiga erindi við kjósendur. Hafi ekki tekist að koma sjónarmiðunum á framfæri er aðeins við Framsóknarflokkinn að sakast. Þingmaður flokksins vill blása ungu fólki von í brjóst með áburðarverksmiðju. Það þarf trúlegast annað og meira en verksmiðju til að snúa við fylgisþróun Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

Fullir og réttindalausir

Í vikunni bárust fréttir af því að hópi ungra manna hefði verið vikið úr Verzlunarskóla Íslands vegna áfengisneyslu í húsakynnum skólans. Enn sem komið er er ekki fullkomlega ljóst hvort ákvörðunin sé endanleg. Ein ummæli skólastjórans mátti skilja sem svo að viðkomandi mættu koma á skrifstofu hans með skottið á milli lappanna og skýra mál sitt.

Það er auðvitað góður kostur að biðjast afsökunar og lofa betrun. Bæði er það vænlegast til árangurs og líka er það bara það sem maður á að gera þegar maður gerir mistök. En í ljósi þess að ungt fólk þekkir stundum ekki rétt sinn er mikilvægt að árétta eitt: Ef skólinn gefur nemendunum ekki færi á að bæta sitt ráð þá er hann á hálum ís. Menn fyrirgera ekki réttindum sínum við það að gera heimskulega hluti.

Um starfsemi framhaldsskóla gilda lög. Í þeim lögum segir meðal annars að skólar eigi að setja sér skólareglur og að í þeim skólareglum eigi að fjalla um meðferð ágreiningsmála og viðurlög við brotum. Í lögunum segir líka að þegar kemur að brottvísunum úr skóla eigi að fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga um málsmeðferð. Það skiptir strax máli því það þýðir að skólayfirvöld verða að rannsaka málið fyrir hvern og einn af þessum 16 einstaklingum, veita þeim andmælarétt, leiðbeina þeim um allar mögulegar kæruleiðir og umfram allt að gæta meðalhófs.

Veita þarf áminningu

Grípum aðeins niður í skólareglur Verzlunarskóla Íslands. Í kaflanum „Vímuefni" segir: „Stranglega er bannað að hafa um hönd áfengi og önnur vímuefni eða vera undir áhrifum þeirra í húsnæði skólans og á lóð hans." Miðað við fréttirnar virðist því sem einhverjir nemendur hafi brotið þessar reglur.

Í skólareglunum segir einnig:

„Brjóti nemandi skólareglur er honum veitt skrifleg viðvörun áður en til áminningar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Fái nemandi áminningu skal hún vera skrifleg þar sem fram kemur: tilefni áminningar og þau viðbrögð sem fylgja í kjölfarið brjóti nemandi aftur af sér […]."

Samkvæmt eigin reglum skólans verður því almennt að gefa viðvörun og áminningu áður en fólk er rekið úr skóla. Nefnd er ein undantekning, brot á almennum hegningarlögum. En neysla áfengis er ekki brot á lögum, hegningarlögum eða öðrum. Það er áfengisneysla fólks undir áfengiskaupaaldri heldur ekki. Áfengislög banna einungis að fólki undir tvítugu sé afhent áfengi. En það er ekki hægt að setja nítján ára konu í fangelsi fyrir að drekka sig fulla heima hjá sér. Hún sjálf brýtur engin lög.

Kannski heldur fólk að með orðunum „svo sem" í „svo sem brot á almennum hegningarlögum" sé skólinn búinn að tryggja sig til að mega gera hvað sem er. Það er auðvitað ekki þannig. Undantekningar sem þessar verður að túlka mjög þröngt. Og raunar heimilar undantekningin aðeins það að viðvörun sé sleppt, ekki áminningunni. Vilji menn hafa það öðruvísi verður að segja það.

Óskýr refsiákvæði

Ef skólayfirvöld vilja hafa það þannig að neysla áfengis í skólanum leiði til brottvísunar án viðvörunar og áminningar þá verða þau að segja það einhvers staðar. En þau gera það ekki. Aftast í skólareglunum segir þó raunar:

„Viðurlög við broti á skólareglum geta verið eftirfarandi, eftir því hve skólayfirvöld telja brotið alvarlegt: Viðvörun kennara eða umsjónarkennara, áminning skólastjóra, brottrekstur, tímabundinn eða endanlegur."

Aftur gæti einhver haldið að skólayfirvöld hafi gulltryggt sig með því að setja saman nógu opið ákvæði. En því fer fjarri. Svona óskýr refsiákvæði ganga ekki. Hvernig eiga nemendur að vita hvort skólayfirvöld telja hitt eða þetta brot á skólareglum alvarlegt? Í skólareglunum er líka stranglega bannað að reykja á skólalóð. Gætu reykingar á bílastæði leitt til tafarlausrar brottvísunar úr skóla? Nei, bæði stjórnarskráin og Mannréttindasáttmáli Evrópu tryggja það að ef við ætlum að banna og refsa þá verður að vera alveg skýrt hvað sé bannað og hver refsingin getur orðið.

Það má að sjálfsögðu skilja það að fólk vilji að virðing sé borin fyrir skólum og reglum þeirra. En sú harka sem skólinn virðist geta hugsað sér að sýna virkar samt ekki ýkja mannúðleg. Ef frá henni verður ekki hvikað þá er skólinn á gráu svæði. Menn missa ekki réttinn til réttlátrar málsmeðferðar við það að detta í það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

TÉKKLAND - ÍSLAND

Í beinu leiguflugi

16. nóvember

Aðeins

62.900 kr.

Sjá nánar á www.gaman.is

Gaman Ferðir eru í samstarfi við Tólfuna, sem sér um stemninguna.

Leiguflugið er með vinum okkar hjá WOW air.

FÓTBOLTAFERÐIR

Liverpool - Basel í desember - 109.900 kr.
Chelsea - Manchester City í janúar - frá 129.900 kr.
Barcelona - Deportivo í maí - frá 134.900 kr.
Arsenal - Everton í febrúar - 99.900 kr.
Hópferð Arsenal klúbbsins

TÓNLEIKAFERÐIR

Queen & Adam Lambert í janúar - 109.900 kr.
Lionel Richie í febrúar - 109.900 kr.
Paul Simon & Sting í apríl - 109.900 kr.

ÁRSHÁTÍÐIR OG HÓPAR

Við hjá Gaman Ferðum höfum einstaklega gaman af því að skipuleggja árshátíðir, bæði stórar og smáar og hvert sem er í heiminum.

ANNAÐ ÁHUGAVERT

Julefrokost ferðir til Köben - 69.900 kr.
BETT sýningin í London - frá 89.900 kr.
Skíðaferð til Austurríkis - fra 179.900 kr.
Crufts, stærsta hundasýniningin - frá 95.900 kr.

www.gaman.is | 560 2000 | gaman@gaman.is

Gaman Ferðir

Ber að selja Óla Palla?

RÚV

Jakob Frímann Magnússon
tónlistarmaður

Útvarpsgjald var á sínum tíma innleitt í því skyni að renna traustum stoðum undir starfsemi Ríkisútvarpsins (RÚV), eftir að stofnuninni var fyrirvaralaust gert að axla lífeyrissjóðsskuldbindingar er nema milljörðum króna. Einhverra hluta vegna hafa stjórnmálamenn síðan á undanförnum árum tekið til við að verja útvarpsgjaldinu til ýmissa ólíkra verkefna, sem eru allsendis óskyld RÚV. Er það í senn óskiljanlegt og ólíðandi og ber að leiðrétta án tafar.

Vanhugsaðar og fjárfrekar byggingarframkvæmdir í Efstaleiti 1 hófust á síðustu öld og er enn vart að fullu lokið. Steinsteypubrölt þetta hefur verið og er enn afar þungur fjárhagslegur baggi á RÚV.

Galnar en lífseigar hugmyndir

Ríkinu ber að kaupa umrætt hús og gera stofnuninni þannig kleift að losa sig úr lamandi skuldafjötrum og einbeita sér að meginhlutverki sínu sem er að sinna íslenskri dagskrárgerð, varðveislu og skráningu menningarsögu okkar.

Þá skal þess eindregið óskað að linna megi síendurteknum bollaleggingum um að selja beri Rás 2. Hún er útbreiddasta útvarpsstöð landsins, sjálf mjólkurkýr útvarpssviðs RÚV sem mestra auglýsingatekna aflar en minnst dagskrárframlög hlýtur.

Slíkar vangaveltur eru glórulausar með öllu, leysa engan fjárhagsvanda og eru hrein móðgun við hlustendur Rásar 2 og ekki síður þá skapandi íslensku hryntónlistarmenn sem um áratugaskeið hafa mátt reiða sig á eina ófrávíkjanlega opinbera stoð í öllu sínu starfi, innan lands og utan, Rás 2.

Rás 2 hefur staðið með íslenskri útgáfu og tónlistarfólki svo af ber, hefur varpað íslenskri tónlist um árabil til tuga erlendra útvarpsstöðva, skipulagt innlegg Íslands á risamörkuðum á borð við Eurosonic og lagt grunninn að því ótrúlega ævintýri sem sókn íslenskrar tónlistar á erlenda markaði er. Auk þessa hefur stöðin valið sívaxandi fjölda íslenskra laga á spilunarlista sína sem sl. þrjú ár hefur leitt til yfir 50% hlutfalls íslenskrar tónlistar.

➜ Einhverra hluta vegna hafa stjórnmálamenn síðan á undanförnum árum tekið til við að verja útvarpsgjaldinu til ýmissa ólíkra verkefna, sem eru allsendis óskyld RÚV.

Á meðan nýgild íslensk hryntónlist, sem dáð er um allan heim, má sætta sig við heil 5% af heildarframlögum ríkis og sveitarfélaga til tónlistarlífs í landinu(!), er þeim tilmælum eindregið beint til bæði almennings og stjórnmálamanna að láta Rás 2 hér eftir njóta sannmælis, efla hana og tala upp – ekki niður.

Sama gildir um RÚV sem með réttu ber að vera þjóðarspegill sem við getum speglað okkur í með gleði og stolti.

Hlustið, kæru vinir

HEILBRIGÐISMÁL

Sigurveig Stefánsdóttir
læknir

17 ár, frá því að ég byrjaði að læra læknisfræði og þar til ég verð sérfræðingur eftir nokkra daga. Það sem hefur haldið mér við efnið á þessari langferð, er hugsjónin að láta gott af mér leiða. Tólf og hálft ár sem námið hefði getað tekið, tognaði í annan endann vegna barneigna.

Öll sú lífsreynsla sem manni hlotnast á þessum tíma, með góðu námi á erlendri grundu, gerir mann þó að fróðum og vonandi góðum lækni. Ég var líka forsjál þegar ég lagði af stað og vissi þannig að ég gæti séð fjölskyldu minni farborða. Þegar margir mínir vinir luku grunnnámi um aldamót fékk læknir útborgaðar 180 þúsund kr. fyrir dagvinnu. Framfærslukostnaður sex manna fjölskyldu var 130 þús. Háskólamenntaður maki var á þeim tíma með laun á pari við lækni og greiddi það sem upp á vantaði.

Um síðustu mánaðamót fékk ég 304 þúsund í útborguð laun. Sem sérfræðingur mun ég fá um 350 þúsund. Framfærslukostnaður sex manna fjölskyldu er að lágmarki tæp 400 þúsund. Makinn þarf að greiða það sem upp á vantar fyrir framfærslu, allan húsnæðiskostnað (sem hefur þrefaldast) og erlendu námslánin sem tvöfölduðust við hrun.

Þá segir einhver eflaust að læknar geti þó unnið aukavinnu. En hverja einustu mínútu sem ég ver í aukavinnu er ég ekki að sinna fjölskyldu, áhugamálum, gæludýrum eða vinum. Allir þeir yfirvinnutímar, sem ég hef þurft að vinna síðustu ár, eru tímar sem ég ætti ekki að þurfa að vinna, hvað þá að þeir dugi ekki til. Aðrir fara út á land, þar sem er manneklа, vinna á 24 tíma vöktum með fimm þúsund krónur á tímann, vakandi um nætur og vinna dagvinnu næsta dag. Það eru hæstu tímalaun sem ég get komist upp í á starfsævinni! Þessir vinnutímar eru þó á launaseðli. Það gera hins vegar ekki óteljandi tímar sem maður ver í endurmenntun, í að leita lausna fyrir skjólstæðinga, í að undirbúa kennslu.

Álagið engu líkt

Vinnuálagið er engu líkt og við sinnum starfi margra í einu. Bráðamóttökur sinna heilsugæslumálum, heilsugæslurnar standa án lækna. Við ausum úr hriplekum bát hvert sem litið er. Hugsjónin hefur ekkert dofnað, ég hjálpa og það tekst býsna vel. Hvergi fær maður örugglega eins mikið af klappi á bakið, eins mikið af einlægum þökkum og jafnvel faðmlögum frá skjólstæðingum sem hafa mætt skilningi og hafa fengið lausn sinna mála á faglegan hátt. En klapp á bakið borgar ekki reikningana. Þakklæti mætir ekki á söngstund í leikskólanum þegar maður kemst ekki frá á síðustu stundu vegna manneklu og faðmlögin koma ekki í stað þess að maður sinni æfingaakstri táningsins að kvöldi eða komist jafnvel í saumaklúbb.

➜ Vinnuálagið er engu líkt og við sinnum starfi margra í einu. Bráðamóttökur sinna heilsugæslumálum, heilsugæslurnar standa án lækna. Við ausum úr hriplekum bát hvert sem litið er.

Góðir læknar ganga inn í störf hvar sem er. Hví ætti ég að bjóða mér og fjölskyldunni laun sem duga ekki fyrir nauðsynjum eða vinnutíma sem þekkist hvergi, þegar annað stendur til boða? Hví ætti ég að vinna í kerfi sem sér ekki vandann? Ég er ekki að biðja um mikið. Bara viðunandi vinnuumhverfi og fjárhagslegt öryggi og þannig möguleika að sinna ekki bara skjólstæðingum mínum vel, heldur eiga eitthvað eftir til að gefa þegar heim er komið. Hlustið á kröfur lækna. Þeir vilja nefnilega vel.

Höfundur er almennur læknir starfandi á Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Lýkur sérfræðinámi sem heimilislæknir í lok árs.

Engin skjöl voru frágengin

FJÁRMÁL

Hreiðar Már Sigurðsson
fv. forstjóri

Tilgangur greinar minnar um lán Seðlabanka Íslands til Kaupþings 6. október 2008 var fyrst og fremst sá að koma því á framfæri að láninu var einvörðungu ráðstafað með hagsmuni Kaupþings og viðskiptavina hans að leiðarljósi og engar óeðlilegar fjármagnshreyfingar áttu sér stað vegna lánsins.

Það virðist hins vegar hafa vakið mesta athygli fjölmiðla að ég greini frá því að lán Seðlabankans hafi verið veitt áður en lánaskjöl hafi verið útbúin og veðsamningar frágengnir. Seðlabankinn taldi sig hafa ástæðu til að andmæla þeirri fullyrðingu minni með yfirlýsingu sama dag og greinin birtist.

Ég vil taka skýrt fram að ég tel ekki að stjórnendur eða starfsmenn Seðlabankans hafi gerst sekir um umboðssvik við afgreiðslu lánsins. Tímarnir voru óvenjulegir í byrjun október 2008 og ég held að starfsmenn og stjórnendur Seðlabankans hafi starfað í góðri trú og talið sig vera að vinna innan sinna heimilda og samkvæmt vilja ríkisstjórnar. Enginn ásetningur var um að valda fjárhagstjóni. Stjórnendur og starfsmenn Seðlabankans voru undir miklu álagi nákvæmlega eins og starfsmenn fjölmargra innlendra fjármálafyrirtækja á þessum tíma sem tóku heiðarlegar ákvarðanir þó að e.t.v. megi eftir á finna að því að vikið hafi verið frá verkferlum við afgreiðslu einstakra lánamála.

Aldrei kláraður

Það er hins vegar óumdeilt að lánið til Kaupþings var veitt án þess að lánasamningur og veðsamningur væru frágengin. Lánið var með öðrum orðum útgreitt og Kaupþingi til ráðstöfunar áður en gengið var endanlega frá þessum skjölum. Það var raunar misminni hjá mér að lánasamningur hafi verið kláraður á næstu dögum eftir útborgun lánsins. Það var aldrei kláraður lánasamningur á milli Kaupþings og Seðlabankans vegna þessa láns.

Helsta athugasemd Seðlabankans við skrif mín var sú að bankinn hafi verið búinn að tryggja sér veð í hlutabréfunum í FIH-bankanum í lok viðskiptadags 6. október en þó eftir að lánið hafði verið greitt út. Það kemur mér á óvart að Seðlabankinn líti svo á að veðsetningunni hafi verið að fullu lokið í lok viðskiptadags 6. október. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Ein þeirra er sú staðreynd að stjórn Kaupþings hafði ekki komið saman og samþykkt að veðsetja hlutabréfin í FIH til Seðlabankans í lok viðskiptadags 6. október. Sá fundur var haldinn um kvöldið 6. október og hófst ekki fyrr en kl. 20.15. Mig minnir einnig að starfsmenn lögfræðideilda bankanna hafi haldið áfram að vinna að lokafrágangi veðsetningar hlutanna að morgni 7. október.

Ef það er rangt skilið hjá mér að þurft hafi að koma til samþykki stjórnar Kaupþings banka hf. til að tryggja veðsetningu bréfanna og að vinnan sem fór fram 7. október hafi af þeim sökum verið óþörf biðst ég afsökunar á ónákvæmni minni í greininni í síðustu viku.

ENNEMM / SÍA / NM61071

Sparnaður

Láttu sparnaðinn rætast

Brúðkaupsafmæli aldarinnar

Settu þér skemmtilegt markmið og náðu því!
Við vitum að það getur verið erfitt að hefja reglulegan sparnað. Þess vegna höfum við einfaldað fyrstu skrefin í Netbankanum. Um leið og sparnaðurinn er orðinn hluti af föstum útgjöldum er eftirleikurinn miklu auðveldari.

Hvað hefur þig alltaf dreymt um að gera? Láttu sparnaðinn rætast!

Fyrsta skrefið er að stofna reikning í Netbankanum og gefa honum gott og hvetjandi nafn.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

ARNAR

FALLEGIR KERTA-ARNAR Í ÚRVALI

1. KERTA-ARINN
   NÝKOMIÐ Í HÖLLINA MIKIÐ ÚRVAL AF KERTAÖRNUM FRÁ D&M. FÁANLEGIR BÆÐI HVÍTIR OG VIÐALITIR.
   VERÐ: 45.990
2. BROSTE VASI
   VERÐ: 6.490 KR.
3. HÆGINDASTÓLL
   VERÐ: 169.990
4. HREINDÝRASKINN
   VERÐ: 27.990
5. KERTALUKTIR
   VERÐ FRÁ: 5.990

FULL BÚÐ AF FALLEGRI SMÁVÖRU

iittala · ALESSI · IVV home&table · Rosenthal · by nord · VIDIVÌ · nuance · Bloomingville · S.O.U.L SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE · Rosti Mepal · broste COPENHAGEN · bodum

NÝ OG SKEMMTILEG SMÁVARA FRÁ eva solo

1. FLÖSKUR **TILBOÐSVERÐ: 3.992 KR.**
2. KARAFLA **TILBOÐSVERÐ: 7.992 KR.**
3. ELDFÖST MÓT **TILBOÐSVERÐ: 6.392 / 7.192 / 7.992 KR.**
4. GLÖS 4 STK **TILBOÐSVERÐ: 4.792 KR.**
5. HRAÐSUÐUKETILL **TILBOÐSVERÐ: 14.392 KR.**
6. OLÍUFLASKA **TILBOÐSVERÐ: 4.312 KR.**
7. GLERKARAFLA **TILBOÐSVERÐ: 7.192 KR.**
8. VÍNTAPPAR OG OPNARAR **TILBOÐSVERÐ FRÁ: 4.392 KR.**
9. IITTALA SKÁL **VERÐ: 8.990 KR.**
10. IITTALA DISKUR **VERÐ: 5.490 KR.**
11. IITTALA BOLLI **VERÐ: 2.990 KR.**
11. IITTALA UNDIRSKÁL **VERÐ: 1.990 KR.**
12. IITTALA DISKUR **VERÐ: 2.490 KR.**

eva solo **20%** AFSLÁTTUR

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

UMBRIA

DÖNSK HÖNNUN OG GÆÐI

369.990

FULLT VERÐ: 419.990

Stærð: 330X265 H: 78 cm.
Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

HÚSGÖGN FYRIR LIFANDI HEIMILI

EGGERT – 3JA SÆTA SÓFI



79.990

FULLT VERÐ: 99.990

EGGERT 3ja sæta sófi. Stærð: 186x84 H: 83 cm. Slitsterkt áklæði í fjórum litum, ljósgrátt, dökkblátt og limegrænn. Viðarlappir.

UMBRIA – TUNGUSÓFI

239.990

FULLT VERÐ: 269.990

UMBRIA Tungusófi. Stærð: 305x163 H: 85 cm.
Ljós- og dökkgrátt, turkisblátt og rautt slitsterkt áklæði.
Einnig fáanlegur í leðri. Hnakkapúði ekki innifalinn í verði.

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

VESTA SÓFAR FRÁ FURNINOVA

ÓTAL ÚTFÆRSLUR Í BOÐI – DÆMI

VESTA 3ja sæta sófi



Stærð: 230x94x74x80

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 194.990 KR.
Fullt verð frá 259.990

VESTA tungusófi



Stærð: 295x94/160x74/80

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 299.990 KR.
Fullt verð frá 399.990

VESTA hornsófi 2,5H2,5



Stærð: 285x285x94/80

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 434.990 KR.
Fullt verð frá 579.990

Vesta er fáanlegur í nokkrum tegundum af áklæði og leðri, tvennskonar bólstrun og bak getur verið hátt og lágt.

TILBOÐ Á VÖLDUM ELDHÚS OG BORÐSTOFUSTÓLUM

MARCUS
eldhósstóll.
Margir litir.

TILBOÐSVERÐ: 5.990 KR.
Fullt verð 7.990

AROS
eldhósstóll.
Hvítur.

TILBOÐSVERÐ: 8.990 KR.
Fullt verð 12.990

WOODY
eldhósstóll.
Svartur.

TILBOÐSVERÐ: 12.990 KR.
Fullt verð 19.990

ANDREW
eldhósstóll.
Brúnt leður.

AFSLÁTTUR
6.000
KRÓNUR!

TILBOÐSVERÐ: 13.990 KR.
Fullt verð 19.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI

OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

HELGIN

Egill Ólafur Thorarensen, tónlistarmaður

Kósýslæda helgina

Það er ekki séns að ég missi af Steve Merchant á sunnudagskvöldinu. Ég hef verið mikill aðdáandi verka hans og Ricky Gervais síðan ég sá The Office í fyrsta skiptið. Annars er helgin mín bara róleg fyrir utan það. Ég er heimakær á veturna. „Kósýslæda“ þetta sjitt.

Sigrún Eldjárn, rithöfundur

Í ítalskri sveit

Um helgina ætla ég að vera í sveitinni á Ítalíu. Ég er stödd í litlum bæ og ég mun nýta tímann til að labba um, borða góðan mat, sinna myndlistinni og skrifa, en nú vinn ég að þriðju bókinni í seríunni um börnin á Skuggaskeri.

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi

Les fræðibækur

Samhliða starfi er ég í umhverfis- og auðlindafræði í HÍ og þarf því að nýta hverja stund til lesturs fræðibóka um helgina. Í dag fer ég með dóttur mína á sirkusæfingu og hjálpa henni síðan að æfa sig á þverflautuna.

Edda Hermannsdóttir, aðstoðarritstjóri

Stelpuhelgi

Helgin verður hugguleg stelpuhelgi með dóttur minni. Við kunnum ekki annað en að byrja daginn á sundi og bakstri. Í kvöld er frumsýning hjá Íslenska dansflokknum og á morgun undirbúum við matarboð.

EPLI

Forpantaðu

iPad Air 2

iPad mini 3

Nýir iPad-ar

www.epli.is

EPLI

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

DANSHÖFUNDUR OG DANSARI Meadow er fyrsta verk Brians sem hann vinnur með Íslenska dansflokknum. Hann segist þó njóta þess enn betur að dansa en að semja eigin verk, enda sé hann fullkomlega í núinu uppi á sviði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lostafullar verur á fögrum felustað

Verkið Meadow er unnið út frá hugmyndum um gleðina í dansinum, Disney-verur og felustaði í Montana sem eru æskuslóðir höfundar.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

Verk Brians, Meadow, er fyrsta dansverkið sem hann semur einn síns liðs fyrir Íslenska dansflokkinn og verður það frumsýnt í kvöld á sýningunni Emotional.

Gleðin var helsti innblástur Brians. „Þegar ég samdi verkið var ég á þeim stað í lífi mínu að ég þurfti virkilega á því að halda að muna eftir gleðinni, skynjun líkama míns, svita og svo framvegis. Ég hafði upplifað erfiðan tíma og mér fannst ég þurfa að vera meðvitaður um að muna eftir því góða og fallega í lífi mínu,“ segir Brian, sem flutti til Íslands fyrir sjö árum.

Þegar hann fór í heimsókn til foreldra sinna á æskuslóðirnar í Montana í Bandaríkjunum fékk hann innblástur fyrir verkið. „Ég er mjög hrifinn af gömlu Disney-myndunum, eins og Lísu í Undralandi og Fantasíu, og dularfullu verunum og dýrunum í þeim. Síðan þegar ég var í Montana og horfði á stórkostlegt landslagið þar fór ég að hugsa um hversu mörg falin vötn og sléttur eru í skógunum, sem enginn veit af. Það þótti mér ótrúlega heillandi og ég ímyndaði mér að alls kyns dýr byggju á felustaðnum og hugsaði um hvernig þau myndu haga sér, berjast, elskast og leika.“

Út frá hugmyndum um gleði, Disney-verur og felustaði í skóginum fór Brian að sjá fyrir sér dansara dansflokksins á hreyfingu sem tjáði þessar tilfinningar. „Meadow er í raun blanda af minningu og fantasíu. Ég myndi lýsa verkinu sem lostafullu, gleðilegu, fullu af gáska og fallega saklausu.“

Brian talar fallega um samstarfsfólk sitt í Íslenska dansflokknum og segist hafa viljað vinna verkið með þeim vegna ótrúlegra hæfileika þeirra. „Allir dansararnir eru svo hæfileikaríkir og hver og einn dansari er einstakur. Þau eru eins og ofurhetjulið, hver og einn með sinn einstaka ofurkraft.“

> **Allir dansararnir eru svo hæfileikaríkir og hver og einn dansari er einstakur. Þau eru eins og ofurhetjulið, hver og einn með sinn einstaka ofurkraft.**

Brian líður vel á Íslandi og heillast af því hversu duglegir Íslendingar eru að sækja listviðburði. „Íslendingar fara í leikhús eins og Bandaríkjamenn fara í bíó. Það er yndislegt og ég vona að yngri kynslóðir haldi þessu áfram. Vonandi munu fleiri Íslendingar sækja sýningar dansflokksins. Ég held að fæstir átti sig á því að hér á landi starfar dansflokkur á heimsmælikvarða, sem er þekktur og virtur úti í heimi. Það er fyndið en Íslenski dansflokkurinn er í raun frægari erlendis en hér heima.“

Sýningin Emotional samanstendur af tveimur dansverkum, Meadow og EMO1994 eftir Ole Martin Meland. Verk Brians verður frumsýnt í kvöld ásamt verkinu EMO1994 eftir Ole Martin Meland.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...

Á SÝNINGUNA LITAFLÓÐ með verkum eftir Þorstein Helgason sem hefst í Galleríi Fold í dag.

Á SVEFNLJÓÐ, nýja diskinn hennar Ragnheiðar Gröndal sem semur öll lögin og leikur sjálf á píanóið.

52 SONNETTUR, ástarsögu eftir Þórð Helgason, sem færði konunni sonnettu vikulega fyrsta sambúðarár þeirra.

Á THE BIG BANG THEORY á Stöð 2 í kvöld en fimmta röð gamanþáttanna er nú að hefja göngu sína.

MAGNAÐAR SÖGUR

1.
Metsölulisti Eymundsson
Innbundin skáldverk
15.10.14-21.10.14

2.
Metsölulisti Eymundsson
Innbundin skáldverk
15.10.14-21.10.14

3.
Metsölulisti Eymundsson
Innbundin skáldverk
15.10.14-21.10.14

★★★★

„Mögnuð og grípandi ...“

KARL BLÖNDAL / MORGUNBLAÐIÐ

„Stórbrotin skáldsaga, sjaldgæf lestrarupplifun ... alvöruskáldverk af hæsta gæðaflokki ...“

ÞRÁINN BERTELSSON
KVENNABLAÐIÐ

„Feikilega skemmtileg og sterk lesning.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Ótrúlega vel gert. Maður þarf áfallahjálp eftir að hafa lesið þessa bók!“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN

„... æsispennandi saga sögð af miklu valdi sem knúin er áfram af ægilegri bræði ...“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Mjög góð bók og erfitt að sjá fyrir að það verði margar betri þetta haustið.“

SIGURÐUR G. VALGEIRSSON / KILJAN

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Einmana skautadrottning með rithöfundardraum

Jóhanna Kristjónsdóttir hefur lifað tímana tvenna þótt hún sé ekki nema rúmlega sjötug. Í nýútkominni endurminningabók, Svarthvítum dögum, lýsir hún æsku sinni og uppvexti, sorgum og sigrum, og dregur upp mynd af einstaklega sterkum konum í þrjá ættliði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svarthvítir dagar, endurminningabók Jóhönnu Kristjónsdóttur, lýsir æsku hennar og uppvexti til sextán ára aldurs. Og segir ekki bara hennar eigin sögu heldur sögur foreldra, afa og amma, sterks og breysks fólks sem hefur óafmáanleg áhrif á heimssýn hinnar ungu Jóhönnu. Að körlunum ólöstuðum eru það þó hinar sterku konur, móðir hennar og ömmur í báðar ættir, sem sitja sterkast í minni lesandans að lestri loknum. Jóhanna hefur greinilega ekki langt að sækja sjálfstæðið og baráttuviljann.

„Þær voru mjög sérstakar manneskjur. Valgerður amma yfirgaf eiginmann sinn norður á Sauðarkróki og flutti til Reykjavíkur með dóttur sína, kom henni til náms með því að sinna skúringum og saumaskap. Þótt það séu ekki nema um áttatíu ár síðan mamma útskrifaðist úr M.R. þá var það nánast óþekkt á þeim tíma að stúlkur færu í menntaskóla nema þær væru af afar efnuðu fólki. Það er í raun ótrúlegt að ömmu skyldi takast þetta.

Sigríður amma var líka mikill skörungur, ljósmóðir sem hafði gott orð á sér og naut virðingar. Ég var reyndar ekki nema tíu ára þegar hún dó, en ég veit að hún var mjög merk manneskja. Gallinn er bara sá að maður var ekki nógu duglegur að spyrja þetta fólk um ævi þess. Ég hefði svo gjarna viljað vita meira.“

Mikil pabbastelpa

Mamma þín virðist líka hafa verið sterkur karakter. „Já, hún var ákaflega skaprík og dálítið hörkutól. Hún var aldrei góð við okkur systkinin á þann hátt sem mæður í dag telja sig eiga að vera, en það tíðkaðist bara ekki þá, hún var ekkert einstök að því leyti. En mamma var líka skemmtileg og notaleg þegar hún vildi það.“

Einhvern veginn fær maður það líka á tilfinninguna við lestur bókarinnar að þið Bragi bróðir þinn hafið ekki átt skap saman. „Ég veit svo sem ekki hvort við vorum eitthvað verri en systkini yfirleitt. Núorðið er eins og ekki megi lengur nefna að systkini geti stundum verið ósátt hvort við annað. Það er stutt á milli okkar og Bragi var mjög ákveðinn krakki og hafði miklu hærri rödd en ég, gat alltaf yfirgnæft mig. Við áttum oft í baksi, en það breyttist nú hægt og rólega með aldrinum.“

Lýsingarnar í bókinni gefa til kynna að það hafi ekki ríkt mikil nánd innan fjölskyldunnar en Jóhanna vill ekki alveg gangast inn á þann lesskilning. „Hvað er nánd? Það var ekki alltaf verið að segja „Ég elska þig“, eins og núna, en ég held ekki endilega að það hafi verið eitthvað slæmt. Svona var þetta bara. Það hvarflaði til dæmis aldrei að mér að mömmu þætti ekki vænt um mig. Ég held að mín fjölskylda hafi bara að mörgu leyti verið dæmigerð fyrir þennan tíma.“

Það er greinilegt af bókinni að þú hefur verið mikil pabbastelpa. „Já, ég var það, en það snerist ekki um það að sitja alltaf í kjöltu hans. Við ræddum mikið saman og ég sótti mikið í hann, þótt hann hafi alið mig upp sem framsóknarmann, það hef ég stundum átt erfitt með að fyrirgefa honum. Ég náði mér nú samt af því og hef aldrei kosið Framsóknarflokkinn. Pabbi var mér mikil fyrirmynd. Mér fannst eiginlega allt sem hann gerði vera mjög viturlegt og það var alveg sjálfsagt að ræða alla hluti við hann, eins og til dæmis þegar hann fór að setja mig inn í erlend málefni. Mér fannst það mikil upphefð að hann skyldi tala við mig um svona merkileg mál.“

Ein en ekki einmana

Við lestur Svarthvítra daga fer ekki hjá því að lesandinn skynji mikla einsemd þessarar litlu stúlku, varstu einmana barn? „Já, ég var það. Ég átti ekki gott með að eignast vini. Það var alltaf sagt að ég væri svo stjórnsöm, ég var það alls ekki. Hins vegar hefur margt af mínu fólki verið svona. Það er ekki fyrr en á unglingsárum sem ég fer að mynda einhver tengsl sem máli skipta. Sjálfsagt hef ég verið frek, en er það ekki allt í lagi? En þótt ég væri dálítið ein var ég ekkert endilega einmana, ég reyndi þá að finna mér eitthvað sem ég undi glöð við eins og að skrifa smásögur, safna leikaramyndum og skrifa Hollywood-stjörnum, það var nærri fúll tæm djobb. Svo tók ég upp á því að safna eiginhandaráritunum, sem þótti mjög spaugilegt á þeim tíma.“

> **Það var ekki alltaf verið að segja „Ég elska þig“, eins og núna, en ég held ekki endilega að það hafi verið eitthvað slæmt. Svona var þetta bara. Það hvarflaði til dæmis aldrei að mér að mömmu þætti ekki vænt um mig. Ég held að mín fjölskylda hafi bara að mörgu leyti verið dæmigerð fyrir þennan tíma.**

En varstu alltaf ákveðin í að verða rithöfundur? „Nei, það var dálítið vesen. Mig langaði að verða rithöfundur, en svo langaði mig líka að verða búðarkona og eftir að ég fór að fara í sveitina langaði mig að verða bóndi. Manni fannst maður nefnilega þurfa að velja eitthvert eitt starf og ég sá það fyrir mér að ef ég yrði búðarkona myndi líf mitt fyllast af hamingju. Ég vann reyndar seinna í búð, vandaði mig við að pakka inn og reiknaði upphæðina á blaði, það var skemmtilegt. En sennilega langaði mig nú samt mest til að verða rithöfundur. Ég skrifaði heila skáldsögu þegar ég var ellefu ára og reyndi að fá pabba til að koma henni á framfæri við ▶

Við fjármögnum flest allt milli himins og jarðar

Þegar fjölskyldan stækkar getur nýrri, sparneytnari og öruggari bíll gert gæfumuninn. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við ykkur að fjármagna það sem upp á vantar til að þið getið fengið ykkur nýjan fjölskyldubíl.

Við aðstoðum með ánægju.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

ergo

ENNEMM / SIA / NM59114

▶ útgefanda, en hann fékk mig ofan af því á sinn einstæða hátt. Ég var líka alltaf að gefa út blöð, hvaðan sem ég fékk nú þá hugmynd, en ég var ekkert uppveðruð af því, mér fannst bara að það væri mjög gott að gefa út blöð, sjálfsagt að gefa út bækur og svo ætlaði ég náttúrulega líka að verða skautadrottning og sunddrottning, var í sýningarflokki í dansi hjá Rigmor Hansen. Þannig að það voru miklar væntingar hjá mér og alls konar létt plön."

Jóhanna er svo samviskusöm

Jóhanna segir foreldra sína hafa hvatt sig áfram í skriftunum og alltaf haft mikinn áhuga á því sem hún tók sér fyrir hendur. Það varð henni því mikið áfall þegar hún fyrir slysni heyrði móður sína segja við vinkonu að hún væri ánægð með börnin sín því Bragi væri svo gáfaður og Jóhanna svo samviskusöm.

„Já, það sat mjög lengi í mér. Ég man þetta í smáatriðum enn þann dag í dag. Hún sagði þetta eins og það væri ofboðslega gott að vera gáfaður, en samviskusemin væri minna virði. Hún var auðvitað kostur en hitt var flott. Maður heyrði þetta svo sem oft, það var mesta hrós sem hægt var að segja um mann að hann væri gáfaður. Þetta var reyndar á rökum reist hjá henni hvað mig varðar, ég er mjög samviskusöm og svo hef ég áttað mig á því í gegnum tíðina að það að vera gáfaður er ekki það eftirsóknarverðasta í tilverunni, hinn kosturinn er kannski fullt eins góður."

Vottorð um meydóm

Þegar Jóhanna var þrettán ára varð vendipunktur í lífi hennar. Hún hafði þá um sumarið verið í sveit í Hjarðarholti í Dölum, eins og mörg sumur þar á undan, orðið skotin í sætasta stráknum í sveitinni og þau byrjað að vera saman á þann saklausa hátt sem unglinga var siður. Drengurinn var reyndar sautján ára og hjónin í Hjarðarholti höfðu þungar áhyggjur af sambandinu, svo þungar að þau létu foreldra Jóhönnu vita af því og gáfu í skyn að þau óttuðust að hún hefði misst sakleysi sitt. Móðir hennar brást ókvæða við og sendi dóttur sína, fjórtán ára gamla, eina til kvenlæknis til að fá það staðfest að hún væri ennþá hrein mey.

„Já, þetta er nokkuð sérstakt, svona eftir á að hyggja, og mér fannst þetta ansi erfitt en nú á dögum myndi þetta líklega þykja óhæfa. Ég vissi sjálf að ekkert hafði gerst á milli okkar og hafði ekkert að fela. Það var hins vegar ekki hægt að gefa mér vottorð, einhverra hluta vegna og ég held að mamma hafi aldrei trúað mér þegar ég sagðist aldrei hafa sofið hjá. En það var auðvitað eitt af því sem aldrei var rætt nema undir rós."

HIN UNGA JÓHANNA „Svo ætlaði ég náttúrulega líka að verða skautadrottning og sunddrottning."

Fyllibytta en ekki kommúnisti

Um svipað leyti og hún fer í þessa skoðun byrjar Jóhanna í Kvennaskólanum og fer að stunda skemmtanalífið. Bókinni lýkur þegar hún hittir Jökul Jakobsson á Laugavegi 11 og þau fella hugi saman. Um það samband skrifaði hún hina rómuðu endurminningabók Perlur og steina og við förum ekki út í það hér að ræða það. Einnar spurningar er þó óhjákvæmilegt að spyrja eftir lestur Svarthvítra daga þar sem fram kemur að foreldrar Jóhönnu hafi haft megna ímugust á tvennu í fari karlmanni; að þeir væru fyllibyttur eða kommúnistar. Hvernig leist þeim þá á Jökul?

„Það er nú svo merkilegt að þótt maðurinn væri vissulega verulega drykkfelldur og grunaður um að vera kommúnisti, sem hann var reyndar alls ekki, þá settu þau sig ekkert upp á móti okkar sambandi. Jökull var náttúrulega óskaplega sjarmerandi á þessum árum og hann einhvern veginn tók þau með áhlaupi. Móðir mín var afskaplega hrifin af honum og þeim þótti báðum mjög vænt um hann. Ég fékk alveg átölulaust að giftast honum sautján ára gömul, það þótti allt í einu ekkert tiltökumál þó ég væri við karlmann kennd."

> **Ég vissi sjálf að ekkert hafði gerst á milli okkar og hafði ekkert að fela. Það var hins vegar ekki hægt að gefa mér vottorð, einhverra hluta vegna og ég held að mamma hafi aldrei trúað mér þegar ég sagðist aldrei hafa sofið hjá. En það var auðvitað eitt af því sem aldrei var rætt nema undir rós.**

Vildi verða prestur í sveit

Eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá M.R., þrátt fyrir að vera orðin gift kona og móðir, hóf Jóhanna nám í Guðfræðideild Háskólans. Hún heldur því statt og stöðugt fram að hún hafi aldrei verið trúuð, hvað varð til þess að hún valdi guðfræðina?

„Það var vegna þess að mig langaði að verða prestur í sveit, helst á Hvammi í Dölum. Ég sá þarna gott tækifæri til að uppfylla þessa löngun sem alltaf blundaði í mér að búa í sveit. Þannig að ég var í guðfræðinni í nokkra vetur, en Jökull var mjög mikið á móti því, svo ég lagði áherslu á grísku og hebresku í náminu. Ég hætti nú samt ekkert bara vegna þess að hann væri á móti þessu, þetta var í rauninni ómögulegt. Við vorum komin með tvo krakka og það var ófært á þeim tíma að samræma þetta allt. Svo ég bara ákvað að hætta þessu og fór ekki aftur í nám fyrr en eftir að ég hætti á Mogganum og fór í nám í arabísku."

Hætti að skrifa eftir ritdóm

Jóhanna gaf út sína fyrstu skáldsögu, Ást á rauðu ljósi, tvítug að aldri, sem varð mjög vinsæl, og tvær skáldsögur í viðbót fylgdu á eftir. Eftir útkomu þriðju bókarinnar, Miðarnir voru þrír, líða hins vegar tuttugu ár þangað til hún sendir næst frá sér bók. Hvað gerðist?

„Á ég að segja þér það í alvöru? Það var vegna þess að þegar ég gaf út síðustu skáldsöguna þá birti Ólafur Jónsson, sem var góður kunningi okkar Jökuls og hafði verið með í að gefa út Ást á rauðu ljósi, óskaplega neikvæðan dóm um bókina. Ég tók það alveg ofboðslega nærri mér. Tilfellið var að ég var sjálf ekki fyllilega ánægð með þá bók, en ég vissi ekki að hún væri svona slæm. Og ég vissi vel að Ólafur skrifaði ekki svona dóm vegna þess að hann væri að ofsækja mig, við vorum miklir mátar og hann hafði alltaf stutt mig. Ég hafði bara valdið honum miklum vonbrigðum með þessari skáldsögu og þá hugsaði ég: nú bara hætti ég. Það var hvorki reiði né nein rosaleg beiskja fólgin í því – svona þegar ég var búin að ná áttum – ég bara ákvað að hætta, þetta væri greinilega ekki það sem lægi best fyrir mér. Ég missti kjarkinn, þannig séð. Svo liðu tuttugu ár og þá fór ég að gefa út ferðabækur, síðan komu Perlur og steinar og svo nokkrar bækur í viðbót."

Ástríða fyrir Austurlöndum

Ekki voru skriftirnar þó lagðar á hilluna því um sama leyti og bókin kom út hóf Jóhanna störf á Morgunblaðinu þar sem hún starfaði árum saman sem blaðamaður í erlendum fréttum og bókmenntagagnrýnandi. Áhuginn á erlendum málefnum, sem faðir hennar kveikti, hefur haldist vakandi alla tíð og það lá beint við að hún sinnti fréttum af þeim.

„Um það leyti sem ég byrjaði á Mogganum vantaði mann í erlendar fréttir og við Jökull vorum þá nýkomin frá Grikklandi þar sem við höfðum búið í ár. Meðan við vorum þar varð bylting og konungsfjölskyldunni velt úr sessi. Við fylgdumst vel með því og eftir að ég kom heim hélt ég áfram að fylgjast með því sem gerðist í Grikklandi. Þar fyrir utan hafði ég mikinn áhuga á erlendum fréttum og fannst alltaf mjög gaman að vinna í þeim. Þá var Mogginn náttúrulega afskaplega gott blað og lagði mikinn metnað í erlendar fréttir. Fréttunum var fylgt eftir og maður skrifaði greinar og analýsur. Þegar ég lagðist svo í ferðalögin höfðu þessi kynni af erlendum fréttum það mikil áhrif að ég fór býsna snemma að setja mig inn í málefni Austurlanda sem segja má að hafi orðið ástríða hjá mér."

Ekki skyldug að skrifa um allt

Sú ástríða varð til þess að Jóhanna fór að skipuleggja ferðir til Austurlanda sem hafa notið mikilla vinsælda. Hvort framhald verður á þeim á hins vegar eftir að koma í ljós. Fyrir skömmu greindist hún með krabbameinsæxli í lunga og er þegar viðtalið er tekið á leið í aðgerð til að fjarlægja það.

„Síðustu tvö, þrjú árin er ég búin að vera meira og minna og lasin, alltaf að fá einhverja kvilla. Lungnabólgur, gallsteina og fleira. Svo var ég bara orðin ágæt þangað til núna þegar kemur í ljós að það er æxli í öðru lunganu. Læknar segja mér að þetta sé mjög staðbundið og góðar horfur á að hægt verði að ná því öllu með aðgerð. Taka náttúrulega fram að það sé aldrei hægt að lofa neinu, þannig að ég geri mér grein fyrir því að það getur brugðið til beggja vona. En ég er bjartsýn og finnst ég ekkert þurfa að vera mjög hrædd við þetta, þótt auðvitað sé maður alltaf skelkaður."

Það kemur fram í inngangi bókarinnar að ein kveikjan að skrifum hennar hafi verið löngun til að skrásetja fortíðina fyrir börnin þín. Nú ertu búin að því í tveimur bókum en samt er svo mikið af lífi þínu enn óskrásett, þarftu ekki að skrifa að minnsta kosti eina bók í viðbót um árin eftir Perlur og steina?

„Það getur vel verið að ég herði mig upp í það, en ég er nú ekkert endilega skyldug til að skrifa um allt sem hefur hent mig í lífinu. Á meðan ég finn ekki hjá mér þörf til þess held ég að ég láti það bíða. Ég gæti hins vegar vel ímyndað mér að skrifa meira um ferðalögin mín. Annars fannst mér mjög gaman að skrifa Svarthvíta daga, sérstaklega eftir að ég sá að þetta voru ekki bara alveg sundurlaus minningabrot heldur væri líklega hægt gera úr þessu sæmilega heillega frásögn. Synir mínir fullvissa mig um að þessi bók eigi erindi, ég vona að það sé rétt hjá þeim."

Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram hefur komið í bílablaði Fréttablaðsins rataði Hyundai nýlega í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatíðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

10%

ÚTBORGUN INN Á NÝJAN HYUNDAI

Kynnið ykkur nýja lánamöguleika hjá sölumönnum Hyundai.

Hyundai i10
Eyðsla frá 4,7 l/100 km*
Verð frá **kr. 1.990.000**
10% útborgun frá 199.000 kr.

Hyundai i20
Eyðsla frá 3,8 l/100 km*
Verð frá **kr. 2.390.000**
10% útborgun frá 239.000 kr.

Hyundai ix20
Eyðsla frá 4,5 l/100 km*
Verð frá **kr. 3.790.000**
10% útborgun frá 379.000 kr.

Hyundai i30
Eyðsla frá 4,1 l/100 km*
Verð frá **kr. 2.990.000**
10% útborgun frá 299.000 kr.

Hyundai ix35
Eyðsla frá 5,3 l/100 km*
Verð frá **kr. 5.790.000**
10% útborgun frá 579.000 kr.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM64989

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

Það er fullt starf að vera fjölskylda

ENNEMM / SÍA / NM65126

Þú getur meira með Símanum

Venjulegt fjölskyldulíf felur í sér hin ótrúlegustu verkefni. Því höfum við sett Netið, heimasímann og sjónvarpið í þægilega Heimilispakka.

ABC flakk
- ný efnisveita í anda Netflix

Sjónvarp Símans
- allar stöðvar, Tímaflakk, SkjárBíó o.fl.

SkjárKrakkar
- 300 klukkustundir af talsettu barnaefni

SkjárEinn
- úrval af innlendum og erlendum sjónvarpsþáttum

Ljósnetið
- hraðvirkt og öruggt

Netvarinn
- útilokar óæskilegt efni af netinu

Heimasíminn
- ómissandi öryggistæki

1 Góður 8.660 kr.

2 Betri 11.230 kr.

3 Bestur 15.720 kr.

Verð án línugjalds

siminn.is

Kirkjan þarf ekki að vera normið

Prestshjónin **Jóna Hrönn Bolladóttir** og **Bjarni Karlsson** segja trúmál ekki þurfa að vera þrætuepli stjórnmála. Þau ræða stöðu þjóðkirkjunnar, segjast aldrei spyrja um trúfélagsaðild í starfi sínu en vilja leyfa trúnni að vera það sem hún er.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

SAMHELDIN HJÓN Bjarni og Jóna Hrönn eru bæði prestar og hafa starfað saman innan þjóðkirkjunnar í tæp þrjátíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta virðist svo fjarlægt okkur, sem vinnum á gólfinu. Það hefur aldrei verið meira að gera," segir Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Garðabæ, en hún og eiginmaður hennar, Bjarni Karlsson prestur og doktorsnemi í siðfræði, hafa starfað saman innan þjóðkirkjunnar í tæp þrjátíu ár.

Undanfarið hefur mikið mætt á Þjóðkirkju Íslands þegar æ fleiri segja sig úr röðum hennar. Fyrir hvern Íslending sem fæðst hefur inn í þjóðkirkjuna síðastliðin fjögur ár hefur rúmlega einn sagt sig úr henni, samkvæmt nýjustu tölum Þjóðskrár. Háværar gagnrýnisraddir hafa dunið á kirkjunni og samband kirkju og ríkis verið gagnrýnt, þó að drjúgur meirihluti þjóðarinnar sé enn skráður í þjóðkirkjuna.

„Auðvitað kallar þetta á skoðun og samtal innan kirkjunnar. Það er jákvætt að fólk skuli taka afstöðu og velta þessum málum fyrir sér. En það er samt þannig að þegar fólk leitar til kirkjunnar er aldrei spurt um trúfélagsaðild eða hvort fólk greiði sóknargjöld til viðkomandi kirkju," segir Jóna Hrönn og bætir við: „Ég hef reynslu af því að starfa með presti sem vissi það ekki fyrr en eftir sína prestsvígslu að hann tilheyrði fríkirkju af því að barn hefur alltaf fylgt trúfélagsskráningu móður og móðir hans var ekki í þjóðkirkjunni," heldur hún áfram. Jóna Hrönn segist muna eftir manni í sókninni sem kom að máli við hana og var mjög ósáttur við aðkomu yfirstjórnar kirkjunnar að kynferðisbrotamálum innan hennar. „Hann hafði sótt kirkju og einnig þegið sálgæsluþjónustu en ákvað, í ljósi þess að hann var ósáttur, að segja sig úr þjóðkirkjunni. Ég nefndi við hann að ef hann segði sig úr þjóðkirkjunni þá myndi það vera sóknarkirkjan hans og starfið þar sem myndi líða fyrir ákvörðunina. Ég sagði honum að mér fyndist að hann ætti að senda biskupi bréf og láta hann vita af ákvörðun sinni svo að skilaboðin kæmust alla leið. Ég veit að síðar gekk hann aftur í þjóðkirkjuna þegar ákveðin mál voru frágengin."

Bjarni bætir við: „Það sem margir hugsa ekki út í er að ef fólk skráir sig úr þjóðkirkjunni þá renna sóknargjöldin í ríkissjóð. Áður fóru þau til Háskóla Íslands, þannig að ef fólk er ósátt í Vestmannaeyjum við eitthvað í ákvörðunum yfirstjórnar þjóðkirkjunnar og segir sig úr þjóðkirkjunni renna félagsgjöldin þeirra úr byggðarlaginu í ríkissjóð en það heldur kannski áfram að nýta sér þjónustu Landakirkju."

Ekki hægt að senda alla heim

En hvernig á að skilja kirkjuna? Er upplifun ykkar sú að kynferðisbrotamál sem komu upp í biskupstíð Ólafs Skúlasonar, svo dæmi sé tekið, hafi eyðilagt fyrir starfi kirkjunnar?

Jóna Hrönn: „Ef kæmi upp alvarleg spilling innan KSÍ þá myndi enginn vilja banna börnum að iðka fótbolta og láta þau þannig líða fyrir einhver slæm mál hjá yfirstjórninni – valta bara yfir fótboltavellina, taka loftið úr boltunum og senda alla heim. Það sama má segja um kirkjuna. Þó að erfið mál hafi komið upp í yfirstjórn kirkjunnar þá má ekki láta safnaðarstarfið í hverfum og úti um landið líða fyrir það."

Bjarni: „Kirkjan er ekki húsin með háu turnunum, ekki fólkið sem þar vinnur, hún er í innsta eðli sínu vinátta við Jesú Krist. Enda þótt kirkjan þurfi mikið skipulag og stjórnun vegna mannahalds og reksturs þá væri mikið vanmat að líta bara á hana sem fyrirtæki. Fólkið er kirkjan og þegar við komum saman er þetta eins og þegar fullveðja fólk mætir í mat til mömmu. Systkinin eiga öll sama rétt við matarborðið en það er enginn að fara að kenna neinum neitt eða segja til syndanna."

Hvernig hefur kirkjan breyst á undanförnum árum?

Bjarni: „Snertifletirnir við mannlífið eru fleiri, hóparnir fjölbreytilegri og raunar eru áratugir síðan sunnudagurinn hætti að vera hinn eini stóri kirkjudagur."

Jóna Hrönn bætir við að um þúsund manns fari í gegnum Vídalínskirkju í Garðabæ á viku hverri og slíkt sé ekki einsdæmi. Barna- og unglingastarfið tekur rými, líka fjölbreytt tónlistarstarf, bænahópar, 12 spora starf kirkjunnar og svo hýsir kirkjan ótal AA-fundi. „Einnig eru safnaðarheimilin notuð fyrir skírnarveislur, stórafmæli og brúðkaupsveislur, fyrir utan allar erfidrykkjurnar. Svo vorum við að kynna aðferð Pílagrímafélagsins á ráðstefnu á dögunum, þessi aðferð felst í því að lesa Biblíuna, kynnast boðskap Krists og lifa undir áhrifum þess í heiðarlegu samtali og fyrirbæn fyrir öðrum. Þetta er í raun aðferð sem hefur verið iðkuð innan kristninnar í gegnum aldirnar og er hluti af fegurð trúarinnar," útskýrir Bjarni.

Purfum ekki að vera í vörn

Jóna Hrönn: „Þjóðkirkjan þarf ekki að vera í neinni vörn. Umræðuhefð þjóðarinnar byggist mikið á andúð og reiði. Í þeirri umræðu er kirkjan ekkert undanskilin. Margir þeirra sem tjá sig á opinberum vettvangi eru reiðir og beita andúðarrökum og það er kannski bara ástæða til að umvefja þá umræðu í stað þess að fara í vörn. Kannski eru þetta fæðingarhríðir að einhverju betra og heilbrigðara. Það er þannig með reiðina, hún getur orðið til þess að hreinsa til. En það er auðvitað hið versta mál ef fólk festist í henni, þá byrja hlutirnir að skemmast og þá skapast oft á tíðum einelti eins og við höfum stundum séð í þjóðfélagsumræðunni."

> **Ef kæmi upp alvarleg spilling innan KSÍ þá myndi enginn vilja banna börnum að iðka fótbolta og láta þau þannig líða fyrir einhver slæm mál hjá yfirstjórninni, – valta bara yfir fótboltavellina, taka loftið úr boltunum og senda alla heim. Það sama má segja um kirkjuna.**

Bjarni: „Ég held að við ættum bara öll að anda inn í aðstæðurnar og leyfa trúnni að vera það sem hún er. Trúmál þurfa ekki að vera þrætuepli stjórnmála, enda er það nýlunda sem kannski endurspeglar bara það að við erum að fóta okkur sem fjölmenningarsamfélag. Við erum mörg og fjölbreytt með alls kyns hugmyndir um lífið og tilveruna og lausnin verður aldrei sú að taka eitt hugmyndakerfi, hvort sem það væri kristni, veraldlegur húmanismi eða hvað annað, og gera það að viðmiði fyrir restina. Um leið og við búum til norm sköpum við jaðarhópa. Með jaðarhópum nærist svo andúðin og skammirnar og allir tapa. Sannleikurinn er sá að trúarbrögð heimsins eiga umfram allt langa reynslu af friðsælli sambúð um veröldina. Í stað þess að þagga niður ólíkar raddir eigum við að halda hvert öðru ábyrgu í mannréttindamálum og umhverfismálum og reyna að skilja hvert annað. Það er góð trúmálapólitík. Ef kristin trú fær að fara að eðli sínu í samfélaginu þá er hún hvorki hugmyndakerfi né hagsmunahópur heldur fjöldahreyfing sem hefur enga hagsmuni aðra en almannahag. Ef kristin kirkja rís upp til varna þá getur það með réttu einungis verið í því skyni að verja mannréttindi eða náttúru. Þess vegna þykir mér svo vænt um Pílagrímafélagið sem við vorum að kynna þvert á allar kirkjudeildir því þar er trúin bara iðkuð en ekki notuð sem tæki á annað fólk."

Engin plastblóm í kirkjunni

Jóna Hrönn: „Í þessu sambandi er gott að horfa til Agnesar biskups. Þar fer jarðbundinn og hógvær leiðtogi sem er ekki í varnarbaráttu. Kirkjan vill að foreldrar sjái sóknarkirkjuna sína sem samherja að uppeldi barna, að hún sé vettvangur umræðu um mikilvæg gildi starfandi í virkum tengslum við listalífið. Þegar áföll verða í byggðarlögum kemur fólkið saman í sóknarkirkjunni til að finna samstöðu og styrk. Eins þegar gleðin ríkir. Messan er ekki klöppuð í stein en er á hverjum stað og tíma tjáning fólksins á sinni trú og menningu."

Bjarni: „Þess vegna verður allt sem gerist í kirkju að vera ekta, til dæmis mega bara vera lifandi ljós og blóm á altarinu af því trúin snýst um heilindi. Þannig var það á Kristsdeginum í Hörpu, þar var allt ekta. Þó að athygli annarra hafi beinst að ferlega klaufalegu orðfæri á heimasíðu þá ljómaði húsið af þakklæti og kærleika. Öðrum megin í salnum sat ungur rappari í hettupeysu, hinum megin nokkrar nunnur, öll með sams konar hvítar hettur á höfði. Mjög skemmtileg sýn sem lýsir því hvernig trúin getur sameinað ef hún fær að vera það sem hún er."

→ Sex hundruð sögðu sig úr þjóðkirkjunni á þremur mánuðum

636

manns sögðu sig úr þjóðkirkjunni á tímabilinu 1. júlí til 30. september í ár en aðeins 94 nýir meðlimir voru skráðir.

17.607

manns skiptu um trúfélag frá apríl 2010 og út september 2014. Þar af voru langflestir að segja sig úr þjóðkirkjunni, eða 13.145 einstaklingar. **Þjóðkirkjan er enn langstærsta trúfélagið á landinu.**

244.440

manns eru meðlimir íslensku þjóðkirkjunnar.

Flestir skrá sig utan trúfélags

Vöxtur var hjá öðrum trúfélögum, hjá fríkirkjunum þremur og hjá lífsskoðunarfélaginu Siðmennt. Langflestir þeirra sem skipt hafa um trúfélög undanfarin ár hafa þó skráð sig utan trúfélags.

SELD TIL BRETLANDS!

RAGNAR JÓNASSON
NÁTTBLINDA

★★★★
„Einhver eftirtektarverðasti glæpasagnahöfundur landsins; hæfilega jarðbundinn, ákaflega vel máli farinn og hugmyndaríkur."
BIH, PRESSAN.IS

MÖGNUÐ SPENNUSAGA!

Lögreglumaður á Siglufirði er skotinn með haglabyssu af stuttu færi um miðja nótt. Ung kona flýr þangað norður undan ofbeldisfullum sambýlismanni. Og sjúklingur er lagður inn á geðdeild í Reykjavík gegn vilja sínum. Þessir þræðir fléttast saman í magnaða spennusögu!

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

ÆVI OG FERILL
OSCAR DE LA RENTA

1932 Fæddur 22. júlí í Santo Domingo í Dómíníska lýðveldinu.

1951 fer til Spánar að læra listmálun. Vann fyrir sér með því að teikna tískumyndir fyrir dagblað í Madrid.

1961 fer til Parísar og fær vinnu sem aðstoðarmaður hjá Lanvin undir stjórn *Antonio del Castillo.*

1963 Fær vinnu hjá *Elizabeth Arden.*

1965 Færði sig yfir til *Jane Derby* og tók við því merki er hún lést sama ár.

1967 Stofnar sitt eigið fatamerki og kvænist fyrri konu sinni, *Françoise de Langlade.*

1983 Eiginkona de la Renta deyr úr krabbameini. De la Renta ættleiðir dreng frá Dómíníska lýðveldinu, hann *Móses.*

1993-2002 Yfirhönnuður hjá *Balmain* og er sá fyrsti frá Dómíníska lýðveldinu sem er ráðinn á franskt tískuhús.

2006 Fer að einbeita sér í auknum mæli að hönnun brúðarkjóla. Greinist með krabbamein.



2014 Sýnir á tískuvikunni í New York, hannar brúðarkjól *Amal Alamuddin.*

1930 | 1940 | 1950 | 1960 | 1970 | 1980 | 1990 | 2000 | 2010

1956 Gerir sinn fyrsta kjól, sem birtist á forsíðu tímaritsins Life.

1962 *Jackie Kennedy* klæðist kjól eftir de la Renta í opinberri heimsókn í Indlandi.

1973-1976 Forseti Council of Fashion Designers of America, Inc. CFDA. Og aftur árið 1986-1988.

1977 Fyrsti ilmurinn hans kom út, *OSCAR.*

1989 Kvænist *Anne France Mannheimer.*

2003 *Carrie Bradshaw* klæðist bleika kjólnum í Sex and the City.

2014 Lést þann 20. október á heimili sínu í Kent, Conneticut.

Á VINNUSTOFUNNI Gakktu líkt og það séu þrír karlmenn á eftir þér.

FLOTT Oscar de la Renta ásamt leikkonunni Audrey Hepburn 28. október 1988.

GLÆSILEG Ásamt Opruh Winfrey á Met Gala í New York 3. maí 2010, hún að sjálfsögðu í kjól frá honum.

Góðhjartaði fatahönnuðurinn sem stjörnurnar elskuðu

Adda Soffía Ingvarsdóttir
adda@frettabladid.is

Hátískuhönnuðurinn **Oscar de la Renta** lést í vikunni, 82 ára að aldri. Banamein hans var krabbamein, en hann greindist árið 2006. De la Renta var einstakur listamaður, hann lærði aldrei fatahönnun en var engu að síður einn fremsti fatahönnuður heims.

Þegar hann bjó á Spáni heillaðist hann af blómum og litum þeirra, sem endurspeglaðist í hönnun hans gegnum árin. Hann klæddi margar af þekktustu stjörnum samtímans, leikkonur, forsetafrúr og sjónvarpsstjörnur, hvort sem tilefnið var verðlaunahátíð eða brúðkaup. Hönnun hans vakti einnig sérstaka athygli í sjónvarpsþáttunum Sex and the City, en stílisti þáttanna, Patricia Field, fékk hönnuðinn með sér í samstarf og muna flestir aðdáendur þáttanna eftir bleika kjólnum sem Carrie klæddist í lokaseríunni. Vinir hans lýsa honum sem einstaklega góðhjörtuðum manni sem var vinur vina sinna og tók þeim eins og þeir voru.

Ummæli þekktra vina de la Renta

Oscar de la Renta var frábær hönnuður, sannur listamaður, byltingarmaður. Rödd hans mun halda áfram að óma í hjörtum okkar, bjartsýni hans og ást á lífinu mun veita okkur innblástur um ókomna tíð. hans verður sárt saknað.

Diane von Furstenberg.

Hann var frábær dansari. Það var unaður að bara að vera í kringum hann, sérstaklega á heimili hans og í garðinum hans, þar sem hamingjan réð ríkjum.

André Leon Talley, hjá Vogue.

Hann sagði alltaf: Taktu vinum þínum eins og þeir eru, ekki eins og þú vilt að þeir séu. Oscar var allt sem þú leitar að í vini.

Anna Wintour, ritstjóri Vogue.

Ég man ekki hvernig ég fékk hugrekkið til þess að verða vinur hans.

Sarah Jessica Parker, leikkona.

Brúðarkjólar Oscars

Oscar de la Renta var einna þekktastur fyrir brúðarkjólalínurnar sem hann gerði og voru kjólarnir hans eftirsóttir í brúðkaup stjarnanna. Eitt af hans síðustu verkum var að hanna brúðarkjól Amal Alamuddin-Clooney mannréttindalögfræðings sem gekk að eiga leikarann George Clooney í september. Áður hafði hann meðal annars sérhannað kjóla á Jennu Bush, dóttur George Bush Bandaríkjaforseta, fyrir leikkonuna Kate Bosworth og leikkonuna Amöndu Peet.

AMAL ALAMUDDIN MÆTIR Í LOKAMÁTUN HJÁ OSCAR DE LA RENTA 2014.

Oscar og forsetafrúrnar

„Tíska er ópólitísk og óhlutdræg“ sagði de la Renta, en hann var einna þekktastur fyrir að klæða forsetafrúr Bandaríkjanna. Hann breytti viðhorfi til klæðnaðar þeirra og hvatti þær til þess að klæðast fatnaði sem var í tísku en þó klassískur. Oscar var bara tvítugur þegar forsetafrúin Jackie Kennedy klæddist kjól eftir hann, en hann sérhannaði fjölda kjóla á hana síðar. Forsetafrúin Nancy Reagan var góð vinkona de la Renta og klæddi hann hana fyrir hin ýmsu tilefni. Hillary Clinton var í gylltum kjól eftir hann þegar Bill Clinton var endurkjörinn 1997. Öðru máli gegnir hins vegar um núverandi forsetafrú, Michelle Obama, en hann gagnrýndi hana mjög fyrir klæðaburð. Fannst honum óviðeigandi að forsetafrúin klæddist kjól frá J-Crew, fjöldaframleiddu merki, og ungum hönnuðum á borð við Alexander McQueen og Jason Wu. En tveimur vikum fyrir andlát hönnuðarins klæddist Obama kjól úr smiðju hans í fyrsta sinn eftir að forðast það í sjö ár.

LAURA BUSH Í KJÓL Á LIBERTY BALL 2005.

HILARY CLINTON 1997.

24. - 27. október
Föstudag - mánudags

TAX FREE

HELGI

SPARAÐU 20,32% AF VÖRUM Í VERSLUN*

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði og vörum merktum "Everyday Low Price".

kaffi ILVA

Laxabeygla

Reyktur lax, egg, graflaxsósa og salatblanda. 995,-

© ILVA Ísland 2014 Virðisaukaskatturinn er reiknaður af við kassann. Afsláttarprósenta er 20.32%. Gildir fyrir allar vörur í verslun, nema vörur á áður niðursettu verði, vörum merktum "Everyday Low Price" eða á ILVA kaffi. Að sjálfsögðu stendur ILVA skil á virðisauka til ríkissjóðs. Verðlækkunin er alfarið á kostnað ILVA.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

ILVA

Jólaland Blómavals er ævintýraheimur sem glatt hefur börn og fullorðna í áratugi.

JÓLALANDIÐ

SERÍUR

MIKIÐ ÚRVAL
Föndurseríur
verð frá 699
Skrautseríur verð frá 999

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Þvottavél 1200sn
69.900 kr
~~79.900~~

Þvottavél EWP 1262TDW
6 kg, 1200 snúninga
1808865

Rafhlöðuborvél
19.995 kr
~~28.995~~

Rafhlöðuborvél 18V
Högg, 1.3 Ah
2 LI-ION rafhlöður
5245557

Caffitaly
18.900 kr
Hylkjakaffivél

Caffitaly hylkjakaffivél
Þrýstingur: 15 bar
1840100

Hrærivél
49.900 kr
~~64.795~~

Hrærivél Rusell Hobbs
800W, 4.6 ltr stál skál
1.25 ltr gler skál fyrir blandara
1840073

Takmarkað magn 9 stk aðins til í Skútuvogi

Höggborvél
3.495 kr
Power Plus

Höggborvél
Power Plus 600W, flýtipatróna.
5245308

Eldhúshnífar
9.990 kr
Hnífasett

2001317

Matarstell
5.990 kr
~~12.990~~

Matar- og kaffistell Studio
24 stk, 4 manna
2201157

Kuldaskór barna
6.999 kr
st. 28-39

5872399-401

DAGSKRÁ

Jólalandið Blómavali Skútuvogi opnar formlega kl 10.

LEIKHÓPURINN LOTTA skemmtir börnunum kl. 14

ÍS aðeins 150kr
Í Kaffi Garði laugardag

Börnin fá andlitsmálningu frá SIRKUS ÍSLAND kl. 13-16

OPNAR Í DAG

POTTAPLÖNTUR
50% afsláttur

JÓLASTJARNA
999
~~1.690~~

LILJUR
1.490
3 stk

NÓVEMBER KAKTUS
999

Vaffla og kaffi
590 kr
Kaffi Garður Skútuvogi á laugardag

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

PENINGARÁÐ MIKILVÆGT AÐ ÞEKKJA SINN RÉTT

Um sjötíu manns hafa að meðaltali sótt námskeiðin Fjármál við starfslok, sem VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, hóf að bjóða upp á árið 2010. Á námskeiðunum leiðir **Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri VÍB,** þátttakendur í allan sannleika um ráðstöfun lífeyrissparnaðar, skatta og skerðingar, skynsamlega ávöxtun peninga og ótal margt fleira sem huga þarf að þegar starfslok nálgast.

Björn segir elsta árgang 68-kynslóðarinnar ekki hafa verið nægilega fyrirhyggjusaman að kynna sér breytingar á fjármálum sem oftast verða við umskiptin og bendir á nokkur gagnleg atriði:

Hagnýt vefsíða

Á nýstofnaðri vefsíðu, http://www.vib.is/60plus/, sem til-einkuð er fjármálum sextugra og eldri eru ýmsar hagnýtar upplýsingar.

Úttekt á sparnaði

Fyrir starfslok þurfa margir að taka stórar ákvarðanir, sem auk annars snúast um hvenær á að hefja töku lífeyris og hvernig eigi að haga úttekt séreignarsparnaðar. Um séreignarsparnaðinn gætir til dæmis oft þess misskilnings að úttekt skerði lífeyri og greiðslur Tryggingastofnunar. Að vísu skerðir úttektin sérstaka framfærsluuppbót og einnig skerðast greiðslur TR vegna vaxta af fé sem ávaxtað er með útteknum séreignarsparnaði.

Mismunandi skattþrep

Það getur hentað fólki að taka ekki allan séreignarsparnaðinn út á einu ári til þess að forðast að lenda í hæsta skattþrepi sem er rúmlega 46% og miðast við að 785 þúsund króna heildartekjur á mánuði; laun, lífeyrir, greiðslur TR og úttekt séreignar.

TR og skerðingarnar

Skerðingarákvæði TR eru kapítuli út af fyrir sig, sem lúta flóknum útreikningum og byggjast á ýmsum hlutföllum og frítekjumörkum, sem í fljótu bragði virðist þurfa sérfræðiþekkingu til að fá einhvern botn í. Til dæmis virðist ekki öllum vera kunnugt um að við 67 ára aldur fái allir grunnlífeyri, sem nú er ríflega 35 þúsund krónur, frá TR án tillits til greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Frestun lífeyris

Hægt er að fresta töku lífeyris frá TR til 72 ára og hækkar hann þá um 0,5% fyrir hvern mánuð. Þeir sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóð fá greiðslur frá TR sem eru um 220 þúsund krónur á mánuði.

’68 ER 68

Kynslóðin sem kennd er við árið 1968 og stóð fyrir æskubyltingu er komin á eftirlaunaaldur.

Valgerður Þ. Jónsdóttir
valgerdur@frettabladid.is

Þeir elstu sem jafnan eru kenndir við 68-kynslóðina eru 68 ára í ár. Þeir eru fæddir 1946 og komust á eftirlaunaaldur í fyrra. Sumir eru hættir að vinna, nauðugir eða viljugir, og hjá öðrum er stutt í starfslokin. Þótt 68-kynslóðin sé ekki einsleitur hópur og ómögulegt sé að setja alla undir sama hatt er margt sem sameinaði ungt fólk á árunum kringum 1968. Til að mynda að vilja umfram allt ekki feta í fótspor foreldra sinna, sem unga fólkinu þótti óttalega smáborgaralegir og um fátt annað hugsa en efnisleg gæði. Að „vera“ frekar en „eiga“ og slá öllu upp í kæruleysi var meira í anda 68-kynslóðarinnar.

Þessi kynslóð varð fyrirferðarmeiri en kynslóðirnar á undan, gagnrýnni á alla skapaða hluti og óhrædd að lýsa andúð sinni á því sem henni þótti miður fara í samfélaginu. Viðhorfin spegluðust með afgerandi hætti í lífsstíl, tísku, kvikmyndum, sjónvarpi, bókmenntum, myndlist og þó fyrst og fremst tónlist. Efalítið hefur 68-kynslóðinni þótt lagið When I’m Sixty Four sem Paul McCartney söng árið 1967 skemmtilegt og skrítið. Textinn var einhvern veginn á skjön við tíðarandann og kallaði ósjálfrátt fram myndlíkingar. Var hægt að ímynda sér sig 64 ára, hvað þá sjálft átrúnaðargoðið svona aldurhnigið? Æskan er alltaf eilíf í augum æskunnar. En svo verður fólk fullorðið, roskið og gamalt. Líka 68-kynslóðin, sem sumum af yngri kynslóðum finnst hafa svikið sínar gömlu hugsjónir og ekki gengið síður hart fram í efnishyggjunni en þær fyrri.

Á árunum eftir stríð vænkaðist hagur almennings á Vesturlöndum. Lýðræði, jöfnuður og mannréttindi voru meira í brennidepli, almannatryggingar og heilsugæsla efldust og menntun var ekki lengur munaður útvalinna. 68-kynslóðin fékk því ýmislegt upp í hendurnar, sem foreldrar þeirra púluðu fyrir í svita síns andlits. Og hafði að margra mati enga ástæðu til að gera æskubyltingu eins og uppsteyt hennar var stundum kölluð. Reyndar í nafni ástar, friðar og fagurra hugsjóna. Víetnamstríðið var í algleymingi og því mótmælti 68-kynslóðin ákaft með kröfuspjöld í mótmælagöngum. Eða í ræðu, riti og tónlist – á stundum undir áhrifum vímuefna.

Svona var lífið í hnotskurn í þá daga. Núna standa kurteis börn upp fyrir 68-kynslóðinni í strætó og hún verður alveg hissa og kannski pínulítið móðguð. Þótt ung sé í anda stendur hún á þeim tímamótum að þurfa að huga að starfslokum sínum. Stundin er komin, elsti árgangur 68-kynslóðarinnar þarf að pæla í lífeyrisgreiðslum, réttindum, skerðingum, sköttum og sparnaði til að „eiga“ og „vera“.

2.712

Íslendingar eru eða verða 68 ára í ár, þar af **1.404 karlar** og **1.308 konur.** *Hagstofa Íslands.*

68 ÁRA Líf, starf og starfslok yngstu eldri borgaranna sem eru öll fædd 1946

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur

Enn í 100% starfi

„Ég kom heim eftir háskólanám í Svíþjóð og fór ekki að vinna við mitt fag fyrr en um þrítugt og þá hjá ríki og borg. Við Guðfinna Eydal stofnuðum fyrstu sjálfstæðu sálfræðistofuna á Íslandi, sem við rekum enn. Samhliða rekstrinum höfum við skrifað bækur og haldið námskeið. Ég er enn í 100% starfi, sem ég lít einnig á sem hugsjón. Á meðan ég hef áhuga, metnað og heilsu hef ég ekki hugsað mér að hætta að vinna. Undanfarið hef ég þó leyft mér að taka mér frí innanlands og í útlöndum eða sameinað frí og vinnuferðir. Ég nýt lífsins; lifi í núinu og á góða fjölskyldu. Frá því það varð skylda hef ég borgað í lífeyrissjóð og fengi nú mánaðarlega um 150 þúsund krónur eða svo. Fyrir nokkrum árum keypti ég hlutabréf hjá Kaupþingi til að eiga til elliáranna. Sá sjóður tapaðist í hruninu og síðan hef ég ekki trú á bönkunum. Mín kynslóð gerir meiri kröfur og biður ekki afsökunar á sjálfri sér eins og kynslóðirnar á undan. Hún er menntaðri og hefur tekið og tekur enn virkan þátt í samfélaginu og er sér meðvitandi um hreyfingu og mataræði. Ég ímynda mér að sjötugir núna séu oft eins og fimmtugir áður fyrr. Þótt sjálf kjósi ég að vinna áfram, skil ég þá vel sem ekki eru í áhugaverðu starfi, eru þreyttir og vilja hætta að vinna sem fyrst.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Friðgerður Elín Bjarnadóttir, aðstoðarkona fatlaðra

Tekur einn dag í einu

„Ég hef unnið ýmis störf, meðal annars í verslun og á skrifstofu. Árið 1984 hóf ég störf hjá Akraneskaupstað sem aðstoðarkona í grunnskóla og síðar á sérdeild fyrir fjölfatlaða við Brekkubæjarskóla. Þar vann ég í fjórtán ár eða þar til ég gerðist ríkisstarfsmaður og elti fólkið mitt úr sérdeildinni, sem var að flytja á nýtt sambýli. Á þessum tíma missti ég manninn minn og aðstæður breyttust. Ég hef unnið láglaunastörf í tæp þrjátíu ár og hef því alltaf verið blönk. Í fyrra var ég orðin þreytt en gat þó ekki alveg slitið tengslin, vinn núna 26,5% starfshlutfall og hóf úttekt úr lífeyrissjóðnum. Það er ekki nóg að vera vitur eftir á því ég sé núna að ég fór alltof seint að borga í séreignarsjóð. Ég hafði ekki kynnt mér nægilega vel áður hversu mikið ég fengi úr lífeyrissjóðnum og því um líkt. Tekjurnar eru nokkuð rýrari en áður. Breytingin er þó ekki stórvægileg, enda hef ég svo lengi haft úr litlu að spila. Ég fer lítið í ferðalög og afar sjaldan til útlanda. Þótt ég hafi aldrei verið hippi tek ég einn dag í einu eins og þeir gerðu. Mín kynslóð gerir samt örugglega meiri kröfur en til dæmis foreldrar mínir, afar og ömmur, og er sér meðvitaðri um að láta sér líða sem best í ellinni. Bítlakynslóðin er enn í fullu fjöri!“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jóhannes Daði Halldórsson, varaformaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur

Hefði viljað vinna til sjötugs

„Mér var sagt upp í fyrra hjá Isavia þar sem ég vann á þungavinnuvélum eins og ég gerði hjá varnarliðinu í þrjátíu ár áður. Það er aldrei gaman að missa vinnuna, ég hefði viljað vinna til sjötugs. Núna er ég í hlutastarfi hjá VSK, sé til dæmis um sumarbústaðina. Í hruninu varð mér hált á að hafa skrifað upp á fyrir aðra og varð því að taka lán til að borga annarra manna skuldir, að öðrum kosti hefði ég þurft að selja húsið. Þótt ég hafi borgað í lífeyrissjóð, hef ég minna umleikis en áður. Ég segi oft að þeir sem hafa bara tekjur úr lífeyrissjóði eða frá TR geti hvorki lifað né dáið. Upphæðin nær ekki einu sinni viðmiðunarmörkum. Vissulega hefði ég átt að vera fyrirhyggjusamari, nurla svolítið til efri áranna. Húsið er í rauninni minn sparnaður en líklega verð ég að minnka við mig fljótlega. Ég þarf að spara meira en áður og leyfi mér sjaldan að fara í bíó, út að borða eða því um líkt. Sjálfur ólst ég ekki upp í ríkidæmi, en á þeim tíma var samt mikill uppgangur á öllum sviðum. Mín kynslóð gerir því trúlega meiri kröfur til lífsgæða en kynslóðirnar á undan. Verst er að núna er allt í niðursveiflu og ýmislegt sem þótti sjálfsagt þegar ég var ungur, til dæmis læknisþjónusta, virðist í æ meiri mæli vera bara fyrir útvalda.“

arna

- fyrir fólkið í landinu!

Viðurkenning fyrir hágæða mjólkurafurðir án laktósa

Í umsögn dómnefndar segir: Fjöregg MNÍ var afhent á Matvæladegi 17. október og hlýtur Arna ehf. þessa viðurkenningu fyrir framleiðslu sína á hágæða mjólkurafurðum án laktósa. Tilkoma Örnu var ákveðin tímamót fyrir þá sem eru með laktósaóþol en vilja geta neytt ferskra mjólkurafurða af því tagi sem fyrirtækið framleiðir. Arna er lítið en vaxandi fyrirtæki sem starfar í tæplega 1000 manna bæjarfélagi á Vestfjörðum. Einn af styrkleikum Örnu felst í því að hún er lítið og sveigjanlegt fyrirtæki.

Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands

Fjöregg MNÍ

Nýtt frá Örnu

Íslenskur Salatfeti í kryddlegi, án laktósa

Arna mun á næstu dögum setja á markað Salatfeta án laktósa í kryddolíu.

Í kryddolíuna er blandað rauðlauk, hvítlauk, rósmaríni, basiliku, timjan og rósapipar og ber osturinn keim af þessum kryddum.

Verði ykkur að góðu!

Til hamingju með glæsilegan árangur

atvest
ÞRÓUN & RÁÐGJÖF

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

ARNA ehf. Mjólkurvinnslan Bolungarvík • laktósafrítt.is

Önnur fyrirtæki sem voru tilnefnd til verðlaunanna og náðu hátt að mati dómnefndar voru: Eimverk ehf. fyrir vöruþróun og notkun á lífrænu íslensku byggi til framleiðslu á viskíi og gini en Eimverk er fyrst íslenskra fyrirtækja til að framleiða maltviskí; Garðyrkjustöðin Sunna í Sólheimum í Grímsnesi fyrir frumkvöðlastarf og elju við lífræna ræktun grænmetis; Omnom ehf. fyrir skemmtilega nýjung í súkkulaðigerð á Íslandi en fyrirtækið framleiðir súkkulaði alveg frá grunni, þ.e. beint úr baununum auk þess sem umbúðahönnun er einnig mjög vel heppnuð; Sólsker ehf. fyrir úrvinnslu afurða úr makríl en fyrirtækið framleiðir bæði makrílpaté og heitreyktan makríl auk þess að stunda umhverfisvænar veiðar og vinnslu.

Jón Bjarni Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI og formaður dómnefndar, afhenti Fjöreggið en það er sem fyrr gefið af Samtökum iðnaðarins.

ÖNNUR BÓK STEN Á TOPPNUM!

Viveca Sten hin sænska trónir á toppi metsölulista Eymundsson þessa viku með glæpasöguna Í innsta hring sem Ugla gefur út. Þetta er önnur bók Sten sem út kemur á íslensku.

FÆRT TIL BÓKAR

Lolita loks á íslensku

Ein frægasta bók allra tíma, Lolita eftir **Vladimir Nabokov,** er komin út á íslensku í fyrsta sinn. Árni Óskarsson þýddi og það er Dimma sem gefur út.

Sagan hefur verið umdeild frá því hún kom út árið 1955, enda efnið eldfimt, en hún hefur jafnframt vakið ómælda aðdáun og verið prentuð aftur og aftur.

Vísur fyrir börnin

Ein af forvitnilegri bókum í flóðinu er barnavísnabókin Ekki á vísan að róa eftir **Egil Eðvarðsson**. Hér sýnir sjónvarpsmaðurinn góðkunni á sér nýja hlið en hann bæði semur vísurnar og málar myndirnar.

Upphaflega samdi hann vísurnar fyrir eigin börn og sendi þeim meðan þau bjuggu á Englandi.

Ritþing um Jón Kalman í Gerðubergi

Jón Kalman Stefánsson er gestur Ritþings í Gerðubergi í dag. Stjórnandi þingsins er Eiríkur Guðmundsson og spyrlar eru Þorgerður E. Sigurðardóttir og Gauti Kristmannsson. Magga Stína leikur nokkur lög sem tengjast höfundi og verkum hans og leikkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir mun lesa úr bókum Jóns Kalmans.

Þingið hefst klukkan 14 og stendur til 16.30 og fyrirkomulagið er þannig að rithöfundurinn situr fyrir svörum tveggja spyrla og stjórnanda í léttu persónulegu spjalli, leikin er lifandi tónlist sem tengist höfundi og lesið er upp úr verkum hans.

Myrkusinn kemur í bæinn

Ný ljóðabók **Gerðar Kristnýjar**, Drápa, er ljóðaflokkur sem fjallar um unga stúlku sem lendir í ógæfu. Ljóðið er knappt, myndirnar sterkar og ljóðmælandann þekkir fólk að illu einu. Gerður segir efnið hafa leitað á sig árum saman og sér hafi fundist stúlkan sem ljóðið fjallar um hafa átt það skilið að vera flutt drápa eins og skáld fluttu konungum fyrr á tíð.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Þetta er samtímaljóð um efni sem mér lá á hjarta. Í raun og veru eru þetta glæpaljóð. Eftir bylgju norrænna glæpasagna hlýtur að vera kominn tími á norræna glæpaljóðið," segir Gerður Kristný um nýju ljóðabókina sína Drápu. „Þegar ég var blaðamaður skrifaði ég nokkrar greinar um ungar konur sem höfðu orðið fyrir ógæfu. Fæstar höfðu lifað hana af. Ég bjóst við því að þessar sögur myndu gleymast mér með tímanum en það gerðu þær ekki. Eftir því sem árin liðu fóru sögurnar að leita æ meira á mig og mér fannst konurnar eiga það skilið að ég flytti þeim drápu eins og skáld gerðu fyrir norska konunga hér áður fyrr. Ég las því meðal annars hæstaréttardóma, Opinberunarbókina og frásagnir af galdraofsóknum á Samaslóðum til að búa mig undir samningu verksins. Síðan tók ímyndunaraflið vitaskuld við."

Trúðar í skemmtanalífinu

Ljóðið ber með sér nístandi kulda, bæði vegna vetrarins sem þar ríkir og eins er umfjöllunarefnið hrollvekjandi. „Mig langaði til að yrkja Reykjavíkurljóð sem væri um leið vetrarljóð. Ég losna ekkert undan fannferginu í ljóðunum mínum. Í Drápu ríkir því sannkallað vetrarstríð."

Trúðar koma mjög við sögu í Drápu og ekki sem neinir gleðigjafar, hefurðu eitthvað persónulega á móti þeim? „Nei, en mér finnst þeir sjaldnast fyndir. Í Drápu er sögð saga sem hefst nóttina þegar myrkusinn kemur til Reykjavíkur. Þetta orð „myrkus" segir líklega allt sem segja þarf um stemninguna þá nótt. Börnum finnst líka trúðar oft hrylllegir. Einu sinni þurfti sonur minn að leggjast inn á barnadeild Landspítalans. Þar blöstu við rúmföt með trúðamyndum, einmitt það sem barninu var hvað verst við. Það er líka hægur vandi að skella trúðum inn í leitarvélina og fá upp óhuggulegar myndir. Myrkusinn tengist reykvísku næturlífi. Stelpum sem eru að fara út á lífið er oft sagt að vara sig á vondu körlunum en þeir eru ekki endilega auðþekkjanlegir. Þeir sem virðast gleðigjafar eru það oft ekki og skemmtanalífið getur snúist upp í andhverfu sína."

Að bróka það vonda

Formið á ljóðunum í Drápu er ofboðslega knappt, geturðu endalaust yddað ljóðformið? „Í þjóðsögunum er hægt að vekja upp draug sem verður þá að lúta vilja manns og það er þannig sem ég fer með ljóðið. Ég vek það upp og það verður að lúta vilja mínum og gera það sem ég vil. Ég velti því reyndar fyrir mér, eins og með Blóðhófni á sínum tíma, hvort efni Drápu ætti frekar heima í skáldsögu en ljóðið á einfaldlega betur við mig. Það er hægt að segja býsna margt í þessu knappa formi og alltaf er það mér jafnmikil uppgötvun í hverri ljóðabók hvað þó er hægt að koma mikilli sögu fyrir innan þess. Skemmtilegasta vinnan er líka yfirlesturinn með ritstjórunum þegar farið er í að stroka út það sem engu máli skiptir."

Ljóðmælandinn er dálítið sérstakur, svo vægt sé til orða tekið. „Já, mig langaði til að velta fyrir mér hinu góða og hinu vonda í þessum heimi og sambandinu á milli þeirra. Eins og sonur minn sagði einhvern tíma eftir að hafa horft á einhverja Disney-myndina þá enda þær flestar á því að það góða brókar það vonda. Það fannst mér skemmtileg túlkun. Í fyrra var mér boðið á ljóðahátíð á Samaslóðum. Það var ferð sem átti eftir að nýtast mér meira en mig grunaði því þar fóru fram miklar nornabrennur á sautjándu öld. Ég komst í vitnisburð þeirra sem sakaðir voru um galdra, áttu að hafa hitt djöfulinn og gengist honum á vald. Djöfullinn var sagður hafa birst fólki í líki hunds eða sem svartklæddur maður – jafnvel höfuðlaus. Það var líka áhugavert að sjá hvaða matartegundir komu við sögu því djöfulskapurinn gat hvolfst yfir fólk við það eitt að borða brauðsneið með smjöri. Eftir slíkar trakteringar var enginn óhultur."

> **Ég losna ekkert undan fannferginu í ljóðunum mínum. Í Drápu ríkir því sannkallað vetrarstríð.**

Engin Disney-mynd

Það er nú ekki hægt að segja að það góða bróki hið illa í Drápu. „Nei, þar sem innblásturinn að Drápu kemur úr raunveruleikanum var ekki annað hægt – því miður. Það verður ekki gerð nein Disney-mynd eftir þessari bók."

Gerður Kristný hefur alltaf ort í mjög knöppu formi og á því er engin breyting í Drápu, nema síður sé, treystir hún lesandanum alveg til að raungera þessar knöppu myndir? „Já, þar ríkir engin miskunn. Það verður eflaust að lesa Drápu oftar en einu sinni til að átta sig á söguþræðinum og ég treysti lesendum mínum alveg til að leggja það á sig rétt eins og ég gerði þegar ég skrifaði Blóðhófni og Skautaferð, bálkinn í Ströndum. Það má vel vera að Drápa sé eilítið myrkari texti en efnið bauð ekki upp á neitt annað. Lesandinn verður að fá sér brauðsneið með smjöri, ganga til liðs við myrkusinn og vona síðan það besta."

GERÐUR KRISTNÝ „Það verður ekki gerð nein Disney-mynd eftir þessari bók."
MYND/THOMAS LANGDON

HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR „Heiðrún er prýðilegur stílisti og skrifar af öryggi þrátt fyrir að Leið sé hennar fyrsta skáldsaga." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvernig á að segja bless við lífið?

BÆKUR ★★★☆☆

Leið
Heiðrún Ólafsdóttir
SÆMUNDUR

Söguhetjan í skáldsögu Heiðrúnar Ólafsdóttur Leið er ekki á góðum stað í lífinu – og þó. Hún Signý hefur nefnilega sæst við lífið með því að taka þá ákvörðun að kveðja það. Í upphafi sögu vaknar hún á síðasta degi lífs síns og lýsir í fyrstu persónu því sem hún tekur sér fyrir hendur þann dag, skýtur inn í minningum úr fortíðinni og smátt og smátt raðast upp mynd af konu sem skemmd er af heimilisofbeldi í uppvextinum og hefur í raun aldrei náð tökum á lífinu. Hún er ekki þunglynd, að því er lesandanum virðist, hún hefur bara ákveðið að nú sé nóg komið, vill ekki meir.

Signý er vel sköpuð persóna sem lesandinn finnur til samkenndar með og saga hennar snertir á samfélagsmeinum sem við þekkjum flest. Foreldrarnir eru reyndar dálítið steríótýpískir; góða, kúgaða konan sem breiðir yfir ofbeldi eiginmannsins og frægi leikarinn sem er elskaður og dáður út á við en djöfull í mannsmynd inni á heimilinu. Heiðrún er hins vegar það góður sögumaður að lesandinn tekur þessar persónur góðar og gildar, skilur bæði þær og afstöðu Signýjar til þeirra. Aðrar aukapersónur eru líka ágætlega dregnar, einkum ógæfukonan Krissa sem verður óvart örlagavaldur í sögu Signýjar.

Heiðrún er prýðilegur stílisti og skrifar af öryggi þrátt fyrir að Leið sé hennar fyrsta skáldsaga.

Sagan rennur vel og púslin raðast saman á góðum hraða. Atvikin sem smátt og smátt eru afhjúpuð halda athygli lesandans og fá hann til að vilja vita meira um það hvað hafi leitt Signýju að þeirri niðurstöðu að lífið sé ekki þess virði að lifa því. Gallinn er hins vegar sá að ekkert í sögu hennar gerir lesandanum skiljanlegt hvernig hún komst að þessari niðurstöðu. Er ekki fullt af fólki sem á við stærri vandamál að stríða og heldur samt áfram að berjast? Höfundurinn hefur reyndar sagt í viðtölum að það sé akkúrat það sem hún hafi viljað varpa ljósi á. Að sú ákvörðun að binda endi á líf sitt snúist ekki endilega um einhver stór ytri áföll og í Signýjar tilfelli hafi droparnir einfaldlega safnast saman þar til út úr flóði. Sem er auðvitað oft tilfellið í lífinu sjálfu en veldur óneitanlega því að skáldsagan nær ekki þeim slagkrafti sem eftir er sóst og að lestri loknum er lesandinn engu nær því að skilja hvað veldur því að sögupersónan treystir sér ekki til að lifa lengur. Sem er synd því höfundi liggur mikið á hjarta og sagan ætti að hafa mun dýpri áhrif.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð saga um viðkvæmt efni, en nær ekki þeim slagkrafti sem efnið býður upp á.

Lagersala 25.–26. október

40-80% afsláttur

66° NORÐUR

-Enn meiri verðlækkun.

Börn

Máni húfa
~~3.800 kr.~~ **1.500 kr.**

Dömur

Esja dúnúlpa
~~59.800kr.~~ **19.000 kr.**

Herrar

Kjölur Primaloft skyrta
~~16.500 kr.~~ **4.000 kr.**

Aukahlutir

Vík hanskar
~~6.500 kr.~~ **2.500 kr.**

Börn

Óðinn lambhúshetta
~~2.900 kr.~~ **1.500 kr.**

Dömur

Bláfell dömujakki
~~28.500 kr.~~ **9.000 kr.**

Herrar

Eyjafjallajökull peysa
~~14.900 kr.~~ **5.000 kr.**

Bylur trefill
~~8.500 kr.~~ **1.500 kr.**

Börn

Sif hettupeysa
~~9.500 kr.~~ **4.000 kr.**

Dömur

Vatnajökull Primaloft jakki
~~58.900 kr.~~ **25.000 kr.**

Herrar

Vatnajökull Primaloft jakki
~~58.900 kr.~~ **25.000 kr.**

Viðey húfa
~~6.500 kr.~~ **1.500 kr.**

Börn

Sif peysa
~~7.500 kr.~~ **4.000 kr.**

Dömur

Kjölur hettupeysa
~~15.800 kr.~~ **4.000 kr.**

Herrar

Mosfell peysa
~~19.500 kr.~~ **7.000 kr.**

Æðey húfa
~~6.900 kr.~~ **2.000 kr.**

***Verð eru birt með fyrirvara um frekari lækkun. Auglýst verð geta lækkað á milli daga.**

Útsölumarkaður Faxafen 12 | 108 Reykjavík — Opnunartími: lau. 10-21 | sun. 12-21
Skipagata 9 | 600 Akureyri — Opnunartími: lau. 10-18 | sun. 12-18
Miðvangur 13 | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: lau. 11-18 | sun. 12-16

SVALAÐU ÞORSTANUM MEÐ AMERÍSKU GOSI

GOSDRYKKIR Í MIKLU ÚRVALI
Sætt og sykurlaust

Gildir til 26. október á meðan birgðir endast.

BBQ bræður
Budweiser, Jack Daniels og Jim Beam

Tilbúnir Starbucks drykkir

Starbuck kaffi
Love Starbuck!

Amerísk karamelluterta
Bara gott...

New York
Bagel crisps

Laffy Taffy
Fullur poki af góðgæti

1399 stk
Verð áður 1.599.-

M&M
1 kg pokar

Pepperidge Farm
Brauð og brauðskeljar

KALKÚNA-LEGGIR

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

479 kr/kg
Verð áður 599.-

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

1359 kr/kg
Verð áður 1.699.-

HEILL KALKÚNN
Frosinn

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

2519 kr/kg
Verð áður 3.598.-

KALKÚNABRINGA
Fyllt USA

Gott alla daga vikunnar!

T.G.I Friday´s
4 tegundir

NÝTT

Sara Lee ostakökur
Hver annarri betri

Campbell´s pastasósur
Fljótlegar og góðar

NÝTT

BEINT FRÁ USA

General mills morgunkorn í úrvali

BEINT FRÁ USA

Hnetusmjör
Bráðnar í munni

BEINT FRÁ USA

Úrval af amerísku góðgæti

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

8 UPPÁHALDS-ÖPPIN

Anníe Mist Þórisdóttir
afrekskona

SKYPE
Nota til að hringja heim þegar ég er erlendis.

SNAPCHAT
Nota til að senda vinum og nánustu það sem ég er að gera, þarf ekki að ofhugsa það sem er sett inn. Get bara haft gaman af því.

OMEGA WAVE
Nota á morgnana til að mæla „recovery" á líkama og taugakerfi.

INSTAGRAM
Einn af aðalsamskiptamiðlunum mínum. Auðvelt, hratt og gaman að fylgjast með vinum þar. Fylgið mér: *AnnieThorisdottir*

PAGES
Nota til að setja inn myndbönd og pósta á aðdáendasíðuna mína, auðvelt að gera það í gegnum símann.

TWITTER
Til að setja inn nýjustu uppfærslu á því sem ég er að gera og fæ hratt upplýsingar um þá sem ég þekki.

TURBO SCAN
Auðvelt að skanna inn pappíra sem þarf að skrifa undir eða senda.

SPORTS TRACKER
Nota á æfingu með púlsmæli til að sjá og halda utan um hjartslátt á meðan ég er að æfa.

Þörungurinn til bjargar á ný

Í árdaga sólkerfisins var Jörðin kaldranaleg auðn, lamin af loftsteinum og mótuð af hnattrænni eldvirkni. Forsenda þess að lífvænleg skilyrði mynduðust var þörungurinn sem umbreytti baneitruðu andrúmslofti plánetunnar í súrefnisríkan lofthjúp. Íslenskt nýsköpunarfyrirtæki freistar þess nú að framleiða ómega-3 fitusýrur með þessum lífsnauðsynlegu lífverum.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is

Þannig er hinn forni bandamaður líffræðilegs fjölbreytileika á ný í lykilhlutverki, núna á tilraunastofum vítt og breitt um heiminn. Þar á meðal undir hlíðum Reykjafjalls í Hveragerði þar sem fámennur hópur stórhuga vísindamanna hyggst breyta heiminum.

„Við erum ekki að finna upp hjólið"

Hugmyndir um þörungarækt ná áratugi aftur í tímann. Á síðustu árum, samhliða framförum í tækni og tilkomu nýrra markaða, hafa þörungaverksmiðjur skotið upp kollinum víða.

Omega Algae-verkefnið hófst árið 2011. Stofnendurnir fimm komu saman til að þróa hagkvæm kerfi sem miða að því að hagnýta auðlindir Íslands til að rækta eina elstu og mikilvægustu lífveru jarðar, þörunginn. Þremur árum síðar er tilraunaverksmiðjan í fullri framleiðslu í gróðurhúsi að Reykjum í Hveragerði.

Í stuttu máli felst verkefnið í því að framleiða ómega-3 í rörastæðum þar sem þörungar gera það sem þörungar gera best, að skipta sér í gríð og erg í krafti ljóstillífunar. „Það er skortur á þessum efnum," segir Gunnlaugur Karlsson, stjórnarformaður Omega Algae. „Þá sérstaklega á hreinum ómega-3 fitusýrum í lyfja- og matvælaiðnaði."

Horfurnar eru góðar í þessum bransa. Gert er ráð fyrir að samanlagt árlegt vaxtarstig geirans verði 12,8 prósent og að hann velti 524 milljörðum króna árið 2019. Ofan á þetta bætast spár vísindamanna um loftslagsbreytingar, fólksfjölgun, uppskerubrest og áframhaldandi súrnun sjávar.

Að standa á herðum risa

„Staðreyndin er sú að hafið stendur ekki undir eftirspurninni eftir ómega-fitusýrum á heimsvísu og því þarf að leita annara leiða." Markmið Gunnlaugs og félaga er að nýta þá þekkingu sem þegar hefur verið aflað í þörungarækt og hefur Omega Algae verið í samstarfi við fremstu vísindamenn heims á þessu sviði, þar á meðal sérfræðinga frá Wageningen-háskóla í Hollandi.„Við erum ekki að finna upp hjólið," segir Gunnlaugur. „Við erum að nýta þekkingu sem til er."

Hámarks nýting forsendan

Í rörastæðunum flæðir grunnur fæðukeðju hafsins í söltum sjó. Þörungurinn nærist á raflýsingu sem lýsir á blaðgrænuna. Þörungarnir skipta sér hratt, lífmassinn eykst hratt og prótein og olía myndast.

„Ég lít á þetta sem efnaverksmiðju," segir Hjálmar Skarphéðinsson, doktor í lífrænni efnafræði og þróunarstjóri fyrirtækisins. „Hér erum við með matvælaframleiðslu í sjó."

Hjálmar bendir á að lítil takmörk séu sett hvaða efni er hægt að framleiða með þessari tækni. „Það er hægt að framleiða mörg mismunandi efni og jafnvel blöndur af þeim líka. Hingað til hefur þessi geiri snúist að stórum hluta til um lífdísil. Vandamálið hefur alltaf verið að það fæst einfaldlega ekki nógu hátt verð fyrir afurðina."

AÐ STÖRFUM Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Omega Algae, og Hjálmar Skarphéðinsson, doktor í lífrænni efnafræði, í tilraunaverksmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON

Tæknin er dýr og búnaðurinn einnig. Því hafa menn leitað að hentugri vöru til að framleiða. Hópurinn á bak við Omega Algae leggur áherslu á hámarks nýtingu ljóss. „Þannig erum við hér að gera tilraunir með ræktun og uppstillingaraðferðir svo að sem minnst af ljósi fari til spillis. Þetta er sjálft verkefnið."

Aftur til fortíðar

Gunnlaugur og Hjálmar vonast til að tilraunverksmiðjan greiði leiðina að stærri verksmiðju þar sem hægt yrði að framleiða ómega-3 í miklu magni. Gunnlaugur segir Ísland afar heppilegan stað fyrir slíkt verkefni enda nóg af hreinni, ódýrri orku.

„Þetta er mjög áhugavert verkefni fyrir Ísland. Að framleiða grunninn í fæðukeðju hafsins á Íslandi þar sem nóg er af landi og orku fyrir svona verkefni," segir Gunnlaugur að lokum.

> **Þetta er mjög áhugavert verkefni fyrir Ísland. Að framleiða grunninn í fæðukeðju hafsins á Íslandi þar sem nóg er af landi og orku fyrir svona verkefni.**
>
> *Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Omega Algae*

KJARNASAMRUNI Tækið sem um ræðir.

Beisla frumkraftinn

Stjórnendur bandarísku samsteypunnar Lockheed Martin tilkynntu í vikunni að vísindamenn fyrirtækisins hefðu nú yfirstigið helstu þröskulda í þróun orkugjafa sem byggir á kjarnasamruna. Lockheed Martin lofar frumgerð innan fimm ára. Tækið er á stærð við smábíl og mun framleiða 100 MW þegar léttar frumeindir sameinast og mynda stærri kjarna. Kjarnasamruni er helsta orkulind alheimsins og orkugjafi sólstjarna. Lockheed Martin hefur ekki útlistað nákvæmlega hvernig tækið virkar en svo virðist sem vísindamönnunum hafi tekist að beisla vetnisplasma í ástandi þar sem vetniskjarnar renna saman og losa orku. - khn

Topp 10 söluhæstu tölvuleikjaseríur allra tíma

1. **Mario** *445 milljónir eintaka*
2. **Pokémon** *260 milljónir eintaka*
3. **Wii** *193 milljónir eintaka*
4. **Grand Theft Auto** *185 milljónir eintaka*
5. **The Sims** *175 milljónir eintaka*
6. **Need for Speed** *150 milljónir eintaka*
7. **Sonic the Hedgehog** *140 milljónir eintaka*
8. **Tetris** *140 milljónir eintaka*
9. **Call of Duty** *120 milljónir eintaka*
10. **Final Fantasy** *110 milljónir eintaka*

**Heimild: Wikipedia*

Besti Skylanders-leikurinn til þessa

SKYLANDERS: TRAP TEAM
★★★★☆
Spilað á Wii U **ÆVINTÝRALEIKUR**

Skylanders er með best heppnuðu tölvuleikjaseríum síðustu ára. Fyrsti leikurinn kom út árið 2011 og var sá fyrsti í sögunni sem kynnti til sögunnar tækni sem lætur raunveruleg leikföng lifna við í tölvuleiknum.

Með hverjum leik eru gefin út um fimmtíu mismunandi leikföng, svokallaðir Skylander-kallar, sem ungir spilarar keppast við að safna. Þetta hefur leitt til þess að í lok síðasta árs höfðu selst yfir 175 milljónir Skylander-kalla. Serían komst þar með á topp 20 listann yfir gróðahæstu tölvuleikjaseríur allra tíma. Það skyldi því engan undra að aðrir, þar á meðal Disney, skyldu líkja eftir formúlunni með svipuðum leikjum.

Trap Team er fjórði Skylanders-leikurinn og sá besti til þessa. Sem fyrr er hugmyndaauðgi í persónusköpun aðalsmerkið og eru fjölmargar skemmtilegar persónur kynntar til sögunnar, nánar tiltekið um 50 Skylander-kallar sem hægt er að safna og um 50 óvinir. Fyrirtækið Activision framleiðir leikina og hefur með hverjum leik kynnt nýjung til sögunnar. Að þessu sinni eru það gildrur sem fanga óvini þegar þeir eru sigraðir og er þá hægt að spila þá seinna í leiknum. Þetta þykir ungum spilurum vitanlega mjög spennandi, enda er mikið lagt í persónusköpun óvinanna, en þungarokksúlfurinn Wolfgang og gelgjan Dreamcatcher þóttu mér skemmtilegust. Þetta reynist líka vera bráðfyndið þar sem lítill hátalari er á hliðinu þar sem óvinirnir gjamma og segja brandara í takt við það sem er að gerast í leiknum.

Tvær gildrur fylgja með startpakkanum en best er að festa einnig kaup á hinum sex til að njóta leiksins. Það fer síðan eftir hverjum og einum hvort eða hversu hratt söfnun Skylander-kallanna fer fram.

Leikurinn sjálfur er litríkur og fullur af fjöri. Ég spilaði hann með tíu ára syni mínum og skemmtum við okkur konunglega. Hann er Skylander-fræðingur mikill og er sammála

GRJÓTHARÐUR Pungarokkarinn Wolfgang.

því að þetta sé besti leikurinn til þessa.

Leikurinn býður kannski ekki upp á miklar framfarir í spilun en grafíkin er skemmtileg og það eru persónurnar sem eiga sviðið, bæði þær góðu og vondu.

Ef leitað er að skemmtilegum og hugmyndaríkum fjölskylduleik þá mæli ég hiklaust með Skylanders Trap Team. Tinni Sveinsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

KEPPT Í RÚNINGI

Sjöunda Íslandsmeistaramótið í rúningi verður haldið í dag í reiðhöllinni í Búðardal á haustfagnaði FSD, Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu. Einnig verður sýning á ullarvinnslu, vélasýning og markaður á dagskrá. www.dalir.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Hreinsaðu til í líkamanum!

Einstök ensím við bólgusjúkdómum

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða

ALDREI HRAUSTARI

BALSAM KYNNIR *CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta heilastarfsemi og andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál."*

Ingunn Lúðvíksdóttir er þriggja barna móðir, hjúkrunarfræðingur og crossfit-þjálfari í Sporthúsinu. Ingunn hefur stundað Crossfit af kappi síðan 2009 og er núverandi Íslandsmeistari í aldursflokki 35-39. Hún er jafnframt núverandi Evrópumeistari í liðakeppni, hafnaði í 2. sæti árið 2012 og varð Evrópumeistari með liði CrossfitSport árið 2011 ásamt því að hafa keppt á heimsleikunum með liði CrossFitSport þrisvar sinnum.Ingunn þekkir því vel mikið álag á líkamann.

„Ég hef tekið inn Curcumin í nokkra mánuði og mér líður mun betur í öllum líkamanum og eftir æfingar. Mér finnst ég vera orkumeiri og eins og ég hafi aldrei verið hraustari."

LIÐIRNIR ALDREI STERKARI OG BÓLGURNAR FARNAR

Ingunn kynntist Curcumin fyrir fyrir nokkrum mánuðum. „Ég er mjög hrifin af öllu náttúrulegu og finnst gaman að prófa eitthvað nýtt. Nú tek ég Curcumin daglega og ég finn greinilega að liðamótin eru sterkari og ég þoli meira álag en áður. Bólgur sem ég hef fengið eftir æfingar og daglegt amstur eru horfnar. Mér finnst ég betur geta hámarkað mig á æfingum ásamt því að vera fljótari að jafna mig. Ég skora eindregið á fólk að prófa Curcumin."

CROSSFIT Ingunn Lúðvíksdóttir mælir eindregið með Curcumin. MYND/GVA

CURCUMIN (gullkryddið) er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að curcumin getur unnið kraftaverk gegn hinum ýmsum kvillum líkamans og sé jafnvel áhrifameira en skráð lyf. Curcumin hefur jákvæða verkun gegn slæmum liðum, gigt, bólgum og magavandamálum, styrkir hjarta- og æðakerfið og ásamt því að bæta heilastarfsemi og andlega líðan.

HREINT CURCUMIN MARGFALT ÁHRIFAMEIRA EN TÚRMERIK

CURCUMIN-innihald túrmeriks er ekki mikið, aðeins um 2-5% miðað af þyngd, og því getur hreint curcumin orðið allt að 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin-bætiefni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning frá túrmerikrótinni á þægilegan máta.

100 % NÁTTÚRULEGT

Bætiefnið er unnið úr túrmerikrót frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir strönguslu gæðakröfum (GMP-vottað).

SÖLUSTAÐIR

Nær öll apótek, Lyfja, Lyf og Heilsa, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Heilsuver, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heimkaup og Heilsutorgið Blómaval.

RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

salcura 100% náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

Þjáist þú af sveppasýkingu eða þurrki í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Sprey

er sérlega áhrifarikt við sveppasýkingu, kláða, særindum, þrusku og pirringi i slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hiklaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

Útsölustaðir: flest apótek og heilsubúðir.

ÍSLENSKIR SÓFAR SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM

MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

20%

Afsláttur af öllum sófum og sófasettum í PHOENIX áklæði

Torino
Tunga 3H2+skammel frá 436.364kr.
Hornsófar 2H2 frá 267.120kr.
Sófasett 3+1+1 frá 297.520kr.

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Þjóðlegir bolir, handprentað á Íslandi. Sjá útsölust.
á Facebook Auntsdesign, S: 618-3022

EKKERT KVÖLD EINS

HELGARSPJALLIÐ *Dansarinn Hjördís Lilja Örnólfsdóttir stígur á svið með Íslenska dansflokknum í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hún segist heppin að eiga barn sem er algjör B-manneskja og geta kúrt lengi frameftir um helgar.*

Hvað er það sem þú gerir alltaf um helgar? Ég reyni að slappa vel af og eiga góðar stundir með dóttur minni og manninum mínum.

Hvað ætlar þú að gera sérstakt um þessa helgi? Í kvöld ætla ég að frumsýna dansverkið Emotional með Íslenska dansflokknum í Borgarleikhúsinu og get ekki beðið eftir að sýna áhorfendum þetta magnaða dansverk. Ég er afar stolt af þessari frábæru sýningu og hvet fólk til að ná sér tímanlega í miða því sýningarnar verða bara fimm.

Hvar finnst þér best að vera um helgar? Mér finnst best að vera heima hjá mér eða í góðra vina hópi.

Vakirðu fram eftir um helgar? Já, ég vaki yfirleitt aðeins lengur um helgar, annaðhvort vegna gleðskapar eða þá að ég horfi á góða mynd.

Ertu árrisul eða sefur út? Mér finnst voða gott að fá að sofa út um helgar og hef kost á slíku því ég er svo heppin að eiga barn sem er algjör B-manneskja.

Hver er draumamorgunverðurinn? Ég elska vel útilátinn morgunverð eins og bröns þar sem maður fær sitt lítið af hverju, bæði matarkyns og sætmeti.

Hvernig er dæmigert laugardagskvöld í þínu lífi? Ég á mér enga sérstaka laugardagsrútínu og því er ekkert laugardagskvöld í mínu lífi eins.

Ertu með nammidag og hvert er uppáhaldssælgætið þitt? Ég á mér engan sérstakan nammidag heldur borða sætt þegar mig langar í sætindi. Ég reyni þó að borða ekki of mikið í einu. Í mestu dálæti er ís og uppáhaldssúkkulaðið Ritter Sport í næstum öllum bragðtegundum.

Hvað maularðu í sjónvarpssófanum á kósíkvöldi? Það fer svolítið eftir því í hvernig stuði ég er en oftast verður ofangreint uppáhaldsnammi fyrir valinu.

Heldurðu hvíldardaginn heilagan? Nei, það er vandasamt því ég er mjög oft með sýningar á sunnudögum.

Ferðu í sunnudagsmessu? Nei, ég fer ekki nógu oft í kirkju en er þó byrjuð að fara með dóttur mína í sunnudagaskólann.

Hvað verður með sunnudagskaffinu og með hverjum drekkur þú það? Örugglega gómsæt kaka sem ég nýt með manni mínum og dóttur og kannski bætast mamma mín og bróðir í hópinn.

Til hvers eru helgarfrí, að þínu mati? Fyrir mig sem dansara eru helgarfríin til að hvíla líkama og sál og endurhlaða batteríin fyrir komandi viku. Síðast en ekki síst eru helgarnar kærkomnar til að verja heilum dögum með barninu mínu.

DANS Á RÓSUM Hjördís Lilja Örnólfsdóttir notar helgarnar til að hlaða batteríin og eiga ljúfar stundir með manni sínum og dóttur. MYND/STEVE LORENZ

FIMM SÝNINGAR

„Ég get ekki beðið eftir að sýna áhorfendum þetta magnaða dansverk. Ég er afar stolt af þessari frábæru sýningu og hvet fólk til að ná sér tímanlega í miða því sýningarnar verða bara fimm.“

thordis@365.is

AFSLÁTTAR DAGAR
LAUGARDAG TIL MÁNUDAGS
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955

Global hnífar ÷20%
Mikið úrval af íslenskum handunnum jólavörum
NÝTT KORTATÍMABIL

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA
TILBOÐSBORÐ
20% TIL 40% AFSLÁTTUR

OPNUNARTÍMI
virka daga 11-18
laugardaga 11-16
sunnud. 26. okt. 13-16

ERUM EKKI Í KRINGLUNNI EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178

VAKNA ÚTSOFINN OG VEL HVÍLDUR

ICECARE KYNNIR *Brizo er fæðubótarefni sem er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast, og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli.*

Ég er 65 ára og undanfarin ár hef ég þurft að hafa þvaglát allt að þrisvar á nóttu. Þetta hvimleiða vandamál var alltaf að ágerast, það olli mér vanlíðan og ég náði ekki að hvílast eins og ég þurfti," segir Finnur Eiríksson. „Eftir að ég fór að taka inn Brizo-hylkin hefur líðan mín gjörbreyst. Ég þarf miklu sjaldnar að vakna á nóttunni og er því úthvíldur að morgni. Sviðinn sem einnig angraði mig er nánast horfinn. Ég mæli hiklaust með Brizo fyrir karlmenn á mínum aldri sem eiga við þetta vandamál að etja," segir Finnur.

VIRKAR VEL

Skúli Sigurðsson tekur í sama streng. „Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það virkar á mig. Ég er 66 ára og var farinn að finna fyrir því að ég þurfti að kasta oft af mér þvagi og náði sjaldnast að tæma blöðruna. Mér fannst þetta mjög óþægilegt. Samt vildi ég ekki nota lyf, frekar eitthvað náttúrulegt. Mér bauðst fyrir nokkrum mánuðum að prófa einn mánuð af Brizo og fann strax að það létti á þrýstingi á þvagrásinni. Nú hef ég notað Brizo í nokkra mánuði samfleytt og er mjög ánægður með hvernig mér líður af því. Ég hef fulla trú á svona náttúrulegum lausnum í staðinn fyrir lyf," segir Skúli.

ÁNÆGÐUR Skúli Sigurðsson er ánægður með hvað Brizo virkar vel. MYND/GVA

Brizo fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar á www.icecare.is

BETRI LÍÐAN Finnur Eiríksson hefur sofið miklu betur eftir að hann fór að taka Brizo. MYND/VILHELM

LIFIR ÞÚ LÍFI ÞÍNU TIL FULLS?

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á vellíðan.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki þess að mikið álag er á lifrinni.

NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Birnu Gísladóttur, sölu- og markaðsstjóra hjá Icecare, sem flytur inn Active Liver. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarstarfsemi. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins."

Kirsten var með dæmigerð einkenni þess að fita hefði safnast upp í lifrinni. Hún var í ofþyngd, oft uppþembd, með meltingarvandamál og „svampkennda" húð. Auk þess var hún oft þreytt. Kirsten fékk tækifæri til að prófa nýju Active Liver-töflurnar og eftir þriggja vikna notkun varð hún undrandi. „Húðin á mér er betri og pokarnir undir augunum hafa minnkað. Ég geisla og lít heilbrigðari út. Ég er mjög ánægð og hef ekki sömu löngunina í óhollan mat, áfengi, sætindi og kaffi. Það leikur enginn vafi á því að mér líður miklu betur. Ég er í náttúrulegri vímu. Jurtatöflurnar eru góðar fyrir lifrina og meltinguna. Áður fyrr fann ég að meltingin var ekki í lagi en maður finnur ekki eins mikið fyrir því ef lifrin starfar ekki eðlilega. Þess vegna hafði ég ekki leitt hugann að því hversu mikilvæg lifrarstarfsemin er fyrir aukna vellíðan."

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegri efnaskiptingu og niðurbroti á fitu. Sem betur fer er það ekki einungis prótein sem getur örvað lifrarstarfsemina," segir Birna.

LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtaþykkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins og efnið kólín sem er mikilvægt fyrir fitubrennslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.

LÉTTIST UM TVÆR FATASTÆRÐIR

„Eftir að ég tileinkaði mér heilbrigðari lífsstíl, með því að taka inn Active Liver-töflurnar með kvöldmatnum, finn ég fyrir aukinni vellíðan. Ég hef farið niður um tvær fatastærðir og skipt út fataskápnum. Það er frábært," segir Kirsten.

Active Liver og allar hinar vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Helene Jensen hefur lagt af eftir að hún fór að taka Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt," segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare, sem flytur inn Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmyntuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíumi. „Chili Burn virkar þannig með þreföldum hætti, það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina."

BYLTINGARKENNDAR TÖFLUR Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Icecare, segir Chili Burn vera byltingarkenndar töflur sem hjálpi til við brennslu á náttúrulegan máta.

LOKSINS FUNDIÐ ÞAÐ SEM VIRKAR

Helene Jensen hefur tekið Chili Burn-töflurnar inn daglega í rúma tvo mánuði. „Ég hef lagt af og ekki bætt kílóunum á mig aftur. Ég nota minni fatastærðir og það er frábært."

Hún segist hafa barist við hliðarspik og stóran maga í mörg ár, reynt allt til að grennast en ekkert gengið. „Þegar ég las að chili væri náttúrulega efnið í Chili Burn-töflunum fór ég strax í næstu heilsuverslun og keypti mér pakka – og þá fór eitthvað að gerast! Eftir að ég fór að taka Chili Burn inn hef ég minnkað matarskammtana aðeins. Mér líður betur í maganum og ég er ekki eins þrútin og útþanin eins og ég var áður eftir máltíðir. Ég var næstum búin að gleyma því hvað manni getur liðið vel þegar maður lítur vel út. Ég mun aldrei verða þybbin aftur og mun halda áfram að taka inn töflurnar."

FRAMLEITT OG PRÓFAÐ Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda catechins-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu „Obesity" sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töflurnar, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.

KEMUR Á JAFNVÆGI Í LÍKAMANUM

HEILSA OG ÚTLIT KYNNIR *Tvær nýjar meðferðir, Dermio Care og Dermionologie Facial. Rósa Björg Guðlaugsdóttir fitnesskeppandi hefur góða reynslu af meðferðunum. Þær komu á jafnvægi í líkama hennar og drógu úr þreytu og bjúg.*

Heilsa og útlit að Hlíðasmára 17 býður upp á nýja afeitrunarmeðferð sem nýtist fólki með hátt sýrustig í líkamanum, veikt æðakerfi, bjúg, exem, gigt og appelsínuhúð. Meðferðin hentar til dæmis íþróttafólki, fólki í yfirþyngd og reykingafólki en hún ýtir undir hreinsun og bætir líðan. Meðferðin heitir Dermio Care og er aðferð til að hlutleysa umframbirgðir af sýru í líffærum líkamans. Heilsa og útlit býður nú einnig upp á nýstárlega andlitsmeðferð sem kallast Dermionology. Þar er notast við einkaréttarvarinn jónaþrýsti, sem þrýstir neikvæðum jónum úr andrúmsloftinu í samþjöppuðu formi inn í húðina með hinum sérstaka „Dermio Top Head“. Meðferðin bætir ásýnd húðarinnar og yngir hana, gerir húðina stinnari og blæs nýju lífi í efnaskiptaferli alls líkamans.

„Í Dermio Care-meðferðinni byrjum við á því að bera electrolyte-gel á viðskiptavininn en það býr líkamann undir meðferðina. Með því erum við að núlla út súrt verndarlag húðarinnar sem eykur einnig gegnumflæði hennar þannig að jónaskiptin ganga betur. Viðskiptavinurinn er svo klæddur í svokallaðan detoxpoka en í honum eru neikvæðar súrefnisjónir. Þær tengjast við jákvæðu jónirnar í líkamanum og núllstilla þannig sýrustigið,“ útskýrir Sandra Lárusdóttir, eigandi Heilsu og útlits. Hún segir fólk oft upplifa kitlandi tilfinningu í fótunum og fljótlega í kjölfarið fer hreinsunin af stað. Margir þurfa því á salerni strax eftir meðferð. Meðferðin tekur 20 til 40 mínútur.

ALDREI HRESSARI FYRIR MÓT

Rósa Björg Guðlaugsdóttir æfir fitness allt að tólf sinnum í viku þegar hún er að búa sig undir mót. „Þegar ég kom í fyrstu meðferðina til Söndru í haust var ég orðin langþreytt í líkamanum, sérstaklega fótunum sem voru glerharðir. Ég fór í nokkrar meðferðir og fann um leið góða virkni. Meðferðin kom á einhvern hátt jafnvægi á allan líkamann. Þreytan hvarf líkt og bjúgurinn og mér fannst ég alveg endurnýjuð,“ segir Rósa sem telur meðferðina einnig hafa hjálpað sér við meltingartruflanir og latan ristil.

Rósa er að fara að keppa eftir rúma viku og er því í miklum niðurskurði. „Yfirleitt leggst ég í rúmið einhvern tíma á þessu niðurskurðartímabili, en í þetta sinn hef ég haldið heilsu þótt allir séu veikir í kringum mig,“ segir Rósa og þakkar það jónameðferðinni.

Í MEÐFERÐ Rósa Björg nýtur þess að fara í Dermio Care og Dermionologie Facial hjá Söndru í Heilsu og útliti. MYND/VILHELM

Rósa áréttar að ekki sé nóg að fara einu sinni til að ná einhverjum árangri. „Ég byrjaði á að fara tvisvar í viku en núna er nóg fyrir mig að fara vikulega eða þegar álagið er mikið.“ Hún hefur einnig prófað hina nýju andlitsmeðferð sem boðið er upp á hjá Heilsu og útliti. „Eftir meðferðina var húðin hrein og geislaði af heilbrigði.“

Rósa mælir eindregið með báðum meðferðunum. „Ég hef allavega aldrei verið hressari fyrir mót.“

Erum hafin með lagersölu af eldri vöru frábær verð.
Komdu og gerðu frábær kaup á vandaðri vöru.
Vertu velkomin.

Sjáðu myndirnar facebook.com/Parisartizkan

BASLER Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

þú velur einingar og raðar saman svo úr verði sófi sem passar í þitt rými. **Setup** getur verið allt frá því að vera stóll upp í stór U-laga fjölskyldusófi. Þú velur arma sem falla að þínum smekk. þú velur áklæði á sófann sem undirstrikar þinn persónulega stíl. Að lokum velur þú lit á fæturna. Við aðstoðum þig við að teikna draumasófann.

MIA & FINN NÝJAR OG FERSKAR LÍNUR

MIA skenkur 160 cm kr. 144.500



MIA TV skenkur 140 cm kr. 79.900

Finn borðstofuborð 100x180/270 kr. 143.800

NÝTT

Dixie
90x45 cm
kr. 48.900

Dixie
55x35 cm
kr. 29.900

FINN sófaborð
110x70 cm kr. 69.900

Flinga
Hilla
kr. 16.900

Finn glerskápur
95x190 cm kr. 172.600

TILBOÐ
319.900

TIMEOUT
Stóll + skemill
kr. 379.000

Yumi
borð 2 saman
kr. 28.700

FINN skenkur
108x80 cm kr. 115.400

kr. 19.900

kr. 9.600

Gina
stóll
kr. 19.900

Finn
stóll
kr. 19.990

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

SKÁLDAÐ Í TRÉ Í RÁÐHÚSINU

SÝNING Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR *Félag trérennismiða heldur tuttugu ára afmælissýningu í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík um helgina. Yfirskrift sýningarinnar er Skáldað í tré – á eigin vegum og munu nokkrir félagsmenn sýna og selja muni sína.*

Við höfum haldið nokkrar sýningar í gegnum tíðina en þar sem þetta er afmælisár ákváðum við að gera þetta aðeins öðruvísi. Sýningin heitir Skáldað í tré – á eigin vegum. Þannig reynum við að fá fólkið til að koma sjálft og standa við eigið borð og selja muni sína," segir Karl Helgi Gíslason formaður Félags trérennismiða. „Í félaginu, sem er áhugamannafélag, er yfirleitt fullorðið fólk sem er hætt að vinna og hefur þetta sem hobbí og margir sem eru komnir á þennan aldur virðast vera feimnir við að verðleggja hlutina," segir Karl og viðurkennir að hann sé þannig sjálfur. „Ég hef sjálfur verið að gefa börnunum mínum þetta og segi þá alltaf; Kemur hann með eina skálina enn," segir hann og hlær.

Karl Helgi telur sýninguna um helgina kjörinn vettvang til að minna á félagið og koma munum í verð. „Enda kostar þetta áhugamál nokkuð, bæði hráefni og áhöld."

Trérennismíði er ekki lögvernduð iðngrein en í félaginu eru 270 manns af öllu landinu. Þrettán þeirra taka þátt í sýningunni um helgina. „Þar af eru tveir sem sýna þau tæki og tól sem þarf til að gera þessa hluti." Munirnir á sýningunni eru fjölbreyttir, allt frá leikföngum og nytjahlutum og upp í skúlptúra. Karl Helgi stendur vaktina við eigið borð á sýningunni en hann mun sýna tól og tæki, skúlptúra og skrautskálar sem hann vinnur úr dýrum viði sem hann flytur sjálfur inn.

Sýningin var opnuð í gær en verður opin í Tjarnarsal Ráðhússins frá 12 til 18 í dag og á morgun.

ENGILL OG LAUFABRAUÐ Haraldur Guðbjartsson smíðar þessi forláta laufabrauðsjárn og byggir þar á gamalli og þjóðlegri hefð Íslendinga. Engillinn fallegi er eftir Guðmund Sigurðsson. Hann er bæði fallega út skorinn og aðeins öðruvísi en menn eiga að venjast. MYNDIR /GVA

FORMAÐURINN Karl Helgi Gíslason með eina af þeim skálum sem hann sýnir í Ráðhúsinu um helgina. MYND/GVA

STYRKIR LJÓSIÐ Sigurður Már selur kollinn Fuzzi og lampann Ljós íslenskrar náttúru. Lampann vinnur hann í samvinnu við glerlistakonur. Hluti af verði munanna eftir Sigurð Má rennur til Ljóssins en auk þess fá þeir sem kaupa af Sigurði Má veglegan afslátt.

VÍKINGAR Jón Guðmundsson á heiðurinn af þessu vígalega víkingaskipi.

LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is

Amorolfin ratiopharm
við naglsveppum

ný lausn án lyfseðils í apótekum Lyfju

Lyfjalakk á neglur

Amorolfin er **breiðvirkt sveppalyf** sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum og er ætlað á bæði fingur- og táneglur.

Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og **í gegnum nöglina** og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum.

Þar sem meðferðin er staðbundin eru **aukaverkanir mjög sjaldgæfar** og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

20% kynningarafsláttur
gildir til 15. nóvember 2014

LYFIS Traust í lyfjum
ratiopharm

Notkunarsvið: Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

Laus störf hjá VSÓ Ráðgjöf í Noregi

Með vaxandi umsvifum viljum við fjölga starfsmönnum okkar í Noregi. Viðkomandi þurfa að vera reiðubúnir að búa og starfa í Noregi og búa jafnframt yfir:
- Góðri kunnáttu í norsku eða öðru skandinavísku tungumáli, bæði skriflegri og munnlegri.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Faglegum metnaði og vilja til að þroskast í starfi.

Verk- eða tæknifræðingur með a.m.k. 5 ára starfsreynslu

Starfið felst m.a. í samskiptum við verkkaupa og faglegu forsvari fyrir hönnunar- og ráðgjafarverkefni stofunnar. Einnig verkefnastjórnun, framkvæmdaráðgjöf, áætlanagerð, verkefnaöflun og virkri þátttöku í þróun fyrirtækisins.

Verk- eða tæknifræðingur með 1-3 ára starfsreynslu

Starfið felst einkum í aðstoð við verkefnastjórnun, framkvæmdaráðgjöf, áætlanagerð og kostnaðarútreikninga. Miklir möguleikar á faglegri þróun í starfi.

Hægt er að sækja um störfin með því að senda tölvupóst á umsokn@vso.is merktan *Starf í Noregi*, fyrir 10. nóvember.

VSÓ hefur frá árinu 2010 sinnt fjölda verkefna í Noregi. Stór hluti þeirra eru fjölbreytt hönnunarverk sem að miklu leyti eru unnin á Íslandi en krefjast einnig viðveru og þjónustu ytra, jafnt á hönnunar- sem framkvæmdatíma. Starfsmenn VSÓ í Noregi taka því virkan þátt í þverfaglegri samvinnu með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Skrifstofur VSÓ í Noregi eru tvær, í Jessheim í útjaðri Oslóar og í Stavanger.

www.vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF
STOFNAÐ 1958

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

Sérfræðingur - Fjárstýring

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á markaðviðskipta- og fjárstýringarsviði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík

Meginviðfangsefni markaðsviðskipta og fjárstýringar eru fyrirgreiðsla við fjármálafyrirtæki og dagleg samskipti við þau, eftirlit með innlendum gjaldeyrismarkaði og krónumarkaði, ávöxtun gjaldeyrisforða og umsjón með stýringu erlendra og innlendra skulda ríkissjóðs.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Greining og mat á fjárhagslegum áhættuþáttum bankans
- Eftirfylgni með starfsreglum um varðveislu gjaldeyrisforða
- Undirbúningur fyrir reglulega fundi fjárfestingarnefndar
- Aðstoð og samstarf við fjárstýringu
- Verkefni tengd erlendum lánum ríkissjóðs
- Gagnaöflun og greining upplýsinga
- Skýrsluskrif
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur
- Háskólamenntun (BS/BA) í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum
- Þekking og reynsla af fjármálastarfsemi er mjög æskileg
- Mjög gott vald á ensku og íslensku, bæði á töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að halda kynningar og erindi á íslensku og ensku

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is. Umsóknir gilda í sex mánuði. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2014.

Nánari upplýsingar veitir Freyr Hermannsson forstöðumaður fjárstýringar. Sími 569-9600.

Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi.
Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: ***agi, virðing, væntingar.***

—Fulltrúi á skrifstofu—

Laust er til umsóknar starf fulltrúa á skrifstofu við Borgarholtsskóla. Um er að ræða 100% stöðu.
Leitað er eftir skipulögðum og stundvísum einstaklingi með stúdentspróf. Viðkomandi hafi alúðlega framkomu, þjónustulund og góða íslenskukunnáttu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á skólastarfi.

Fulltrúi afgreiðir erindi nemenda, gesta og starfsmanna, svarar erindum símleiðis, sér um skráningu ýmissa gagna, útgáfu vottorða og námsferla. Vinnur að skjalavörslu. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg.

Við bjóðum upp á gefandi starfsumhverfi og lífleg samskipti við nemendur og kennara. Sjá upplýsingar um Borgarholtsskóla: **www.bhs.is.**

Skriflegar umsóknir um ofangreint starf, ásamt prófskírteinum, meðmælum og upplýsingum um nám og fyrri störf, skulu berast Borgarholtsskóla í síðasta lagi **10. nóvember 2014**. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða.

Frekari upplýsingar veitir
Bryndís Sigurjónsdóttir skólameistari í síma 5351702 eða í tölvupósti, **bryndis@bhs.is.**

Rafvirki - Rafiðnfræðingur

566290
Vegna aukinna verkefna óskar RAF ehf. eftir að ráða rafvirkja eða rafiðnfræðing til starfa.
RAF ehf. var stofnað árið 1980 á Akureyri og rekur starfstöð þar og í Hafnarfirði. Fyrirtækið hefur auk hefðbundinnar rafvirkjunar verið í nýsköpun og vöruþróun. Í dag býður RAF ehf. upp á framúrskarandi búnað á borð við sprautuvélakerfi, ósontæki og rafsíur.
Eitt aðalsmerki fyrirtækisins er að bjóða heildarlausnir með þjónustu að leiðarljósi. Heimasíða fyrirtækisins er www.rafehf.is.

Í starfinu felst framleiðsla á vélbúnaði, uppsetning og viðhald vélbúnaðar aðallega fyrir sjávarútveginn auk þátttöku í hugmynda- og þróunarvinnu þegar við á.

Leitað er að rafvirkja – framhaldsmenntun er kostur, eða rafiðnfræðingi. Reynsla af vinnumarkaði er skilyrði.
Viðkomandi þarf að vera skipulagður, metnaðargjarn og geta unnið eftir verklagsreglum. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir mikilli hæfni í mannlegum samskiptum og geta unnið í teymisvinnu.

Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst. Vinnutími er virka daga frá kl. 8:00-17:00.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Verslunarstjóri

566287
Vegna aukinna umsvifa óska Rekstrarvörur eftir að ráða verslunarstjóra í verslun sína að Réttarhálsi 2.
Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu og dreifingu á hreinlætis-, hjúkrunar- og rekstrarvörum.
Rekstrarvörur er reyklaus vinnustaður.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Í starfinu felst allur daglegur rekstur verslunarinnar þ.e., starfsmannamál, gerð vaktaplana fyrir starfsfólk, ábyrgð á uppstillingum og útliti verslunarinnar, uppgjör, þjónusta og afgreiðsla ásamt öðru sem tilheyrir starfinu.

Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og drífandi starfsmanni með reynslu af verslunarstjórn. Viðkomandi þarf að hafa jákvætt viðmót, hafa gaman af mannlegum samskiptum og áhuga á rekstri verslunarinnar í samstarfi við gott teymi starfsmanna.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Ölgerðin / **Ferlar, fræðsla og gæðamál**

Ölgerðin leitar að starfsmanni í fjölbreytt verkefni. Um tvíþætt starf er að ræða, annars vegar vinna við gæða- og öryggismál í samstarfi við gæðastjóra og hins vegar að halda utan um fræðslu og starfsþróun starfsmanna í samvinnu við starfsmannastjóra.

Verkefnin á sviði gæða- og öryggismála snúast um greiningu tölfræðilegra gagna, úrvinnslu gagna og úrbætur, skráningu og utanumhald í gæðahandbók, utanumhald um innri úttektir, fylgni við staðla og aðkoma að gerð áhættumats.

Helstu verkefni sem lúta að fræðslu og starfsþróun starfsmanna eru þátttaka í fræðslustarfi, skipulagning þróunar- og fræðsluviðburða, skráningar og utanumhald og úrvinnsla starfsmannasamtala.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ferlavinnu og eftirfylgni
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sannfæringargeta
- Mjög góð færni í íslensku í rituðu og töluðu máli
- Mjög góð almenn tölvukunnátta

Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri. Hjá Ölgerðinni starfa rúmlega 300 starfsmenn með víðtæka reynslu og þekkingu. Ölgerðin hlaut jafnlaunavottun VR 2013. Gildi fyrirtækisins eru jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni.

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent

Norðursigling / **Markaðs- og vöruþróunarstjóri**

Norðursigling, fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í sjávartengdri ferðaþjónustu um árabil, óskar eftir að ráða markaðs- og vöruþróunarstjóra til starfa. Viðkomandi markaðs- og vöruþróunarstjóri mun eiga starfsstöð á Húsavík. Viðkomandi þarf að geta komið til starfa 1. janúar 2015.

Markaðs- og vöruþróunarstjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á:
- Stefnumótun á sviði markaðs- og vöruþróunarmála
- Gerð og framkvæmd markaðs- og vöruþróunaráætlana
- Greining núverandi vara á markaði og framsetningu nýrra vara
- Verkefnastjórnun markaðsaðgerða
- Gerð markaðefnis og markaðsrannsókna
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf á sviði markaðs- eða viðskiptafræða
- Reynsla af stýringu markaðs- og vöruþróunarmála
- Reynsla af greiningu markaða og markaðsrannsókna
- Þekking á ferðaþjónustu kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði sem og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta og geta til að hagnýta sér upplýsingatækni

Norðursigling hefur frá árinu 1995 verið í broddi fylkingar í ferðaþjónustu og strandmenningu og var fyrst fyrirtækja til þess að bjóða upp á reglulegar hvalaskoðunarferðir á Íslandi. Meginstoðir fyrirtækisins byggja á hvalaskoðun, styttri og lengri skútusiglingum og ævintýraferðum, rekstri ferðaskrifstofu, viðhaldsþjónustu og veitingarekstri. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar og starfsemi á Húsavík ásamt söluskrifstofu í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent

Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent

Hvalfjarðarsveit

Félagsmálastjóri

Laust er til umsóknar starf félagsmálastjóra Hvalfjarðarsveitar. Um er að ræða 50% starf innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum félagsþjónustu sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með rekstri og ber ábyrgð á allri starfsemi sem heyrir undir málefni félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar þ.m.t.:

- Barnavernd
- Félagsleg heimaþjónusta
- Félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Málefni aldraðra
- Málefni fatlaðra
- Önnur verkefni á málefnasviði fjölskyldunefndar og fræðslu- og skólanefndar.

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á meðferð og varðveislu gagna, úrvinnslu og upplýsingagjöf, stefnumótun, þróun verklags og þjónustugæða. Félagsmálastjóri sinnir teymisvinnu og starfar með mismunandi fagstéttum á þjónustusvæði sveitarfélagsins. Þá er félagsmálastjóri starfsmaður fjölskyldunefndar og fræðslu- og skólanefndar.

Almennt stjórnunarsvið:
Félagsmálastjóri starfar og stjórnar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um verkefni félagsþjónustu. Einnig eftir lögum er varða opinbera þjónustu og stjórnsýslu og samkvæmt markmiðum félagsþjónustunnar og fjárhagsáætlunar Hvalfjarðarsveitar á hverjum tíma.
Nokkrir helstu samráðsaðilar eru félagsmálanefnd, barnaverndarnefnd og þjónusturáð í málefnum fatlaðra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og framhaldsmenntun í stjórnun er æskileg.
- Reynsla af starfi við félagsþjónustu, málefni fatlaðra eða sambærileg störf er mikilvæg.
- Reynsla af stjórnunarstörfum á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum auk forystu- og skipulagshæfileika.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Kjör:
Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Laust er til umsóknar starf skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar. Um er að ræða 100% starf innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum í skipulags- og umhverfismálum sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
Skipulags- og umhverfisfulltrúi hefur yfirumsjón með skipulags- og umhverfismálum sveitarfélagsins, þjónustar íbúa Hvalfjarðarsveitar á þeim málefnasviðum, er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn og umhverfis,- skipulags- og náttúruverndarnefnd og vinnur skv. samþykktum þeirra.
Eftirfarandi heyrir m.a. undir verkefna- og ábyrgðarsvið skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar:

- Skipulagsgerð og útgáfa framkvæmdaleyfa.
- Umsjón með gatnagerð, fráveitumálum, umferðar- og samgöngumálum.
- Gerð starfs- rekstrar, og framkvæmdaáætlana fyrir þá málaflokka sem undir hann heyra.
- Umsjón með umhverfis- og hreinlætismálum sveitarfélagsins.
- Umsjón með náttúruverndarmálum í sveitarfélaginu.
- Umsjón með fegrun opinna svæða, gróðursetningu og uppgræðslu
- Umsjón með vinnuskóla í verkefnum sem m.a. varða opin svæði. Yfirumsjón með merkingu og kortlagningu útivistarsvæða og gönguleiða í sveitarfélaginu.

Skipulags- og umhverfisfulltrúi ber ábyrgð á meðferð og varðveislu gagna, úrvinnslu og upplýsingagjöf, stefnumótun, þróun verklags og þjónustugæða. Skipulags- og umhverfisfulltrúi er starfsmaður umhverfis,- skipulags,- og náttúruverndarnefndar.

Almennt stjórnunarsvið:
Skipulags- og umhverfisfulltrúi starfar og stjórnar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um skipulags- og umhverfismál sveitarfélaga. Einnig eftir lögum er varða opinbera þjónustu og stjórnsýslu, samkvæmt markmiðum sveitarstjórnar og í samræmi við fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar á hverjum tíma.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og viðeigandi réttindi til að annast skipulagsgerð skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking og reynsla af skipulags- og umhverfismálum er æskileg.
- Reynsla af störfum í opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Reynsla af þátttöku í stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana er æskileg.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum auk forystu- og skipulagshæfileika.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Kjör:
Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur um störf félagsmálastjóra og skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er til og með **7. nóvember nk.** Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes.
Öllum umsóknum verður svarað skriflega.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 433-8500 og á netfanginu **skuli@hvalfjardarsveit.is**

Hvalfjarðarsveit er öflugt sveitarfélag með ríflega 600 íbúa. Náttúrufegurð er víða mikil og möguleikar óþrjótandi til að njóta frábærrar útiveru. Hvalfjarðarsveit er dreifbýlt sveitarfélag með litlum íbúakjörnum. Þar eru næg og fjölbreytt atvinnutækifæri, öflugur landbúnaður og vaxandi ferðaþjónusta. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga með fjölmörgum iðnfyrirtækjum.
Í sveitarfélaginu er rekið metnaðarfullt skólastarf í sameinuðum leik- og grunnskóla.
Hvalfjarðarsveit er í nálægð við þéttbýli og í góðu samstarfi við nágrannasveitarfélög.

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ÍSTEKA

STARF Á RANNSÓKNASTOFU Í LÍFVÍSINDUM

Einstaklingur með B.S. eða M.S. menntun á sviði lífvísinda óskast til starfa á rannsóknastofu Ísteka ehf.
Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja starfsreynslu.

Upplýsingar gefur Bryndís Stefánsdóttir
Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið
bryndis@isteka.com fyrir **31. október 2014.**

Hjá Ísteka ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA.

JOE & THE JUICE
COFFEE, JUICE AND MUCH MORE

YFIR-DJÚSARI

JOE & THE JUICE LEITAR AÐ MANNESKJU TIL AÐ SJÁ UM HLUTINA Í LEIFSSTÖÐ

- VERÐUR AÐ HAFA BRENNANDI ÁHUGA Á REKSTRI
- REYNSLA AF STJÓRNUN ÆSKILEG
- FRÁBÆR ÞJÓNUSTULUND SKILYRÐI
- SKIPULAGIÐ Í LAGI
- NETTAR HREYFINGAR Á DANSGÓLFINU KOSTUR
- ÞARF AÐ KUNNA AÐ META GÓÐAN DJÚS
- EKKI VERRA AÐ VERA MORGUNMANNESKJA

Sækja skal um á **joeandthejuice.is**
Nánari upplýsingar hjá dks@joeandthejuice.is
Umsóknarfrestur til 1. nóvember

Aðstoð á tannlæknastofu

Aðstoðarmanneskja óskast í afleysingar á tannlæknastofu í Reykjavík a.m.k. næstu 9 mánuði, með möguleika á framtíðarstarfi í kjölfarið.

Á tannlæknastofunni, sem staðsett er miðsvæðis í Reykjavík, starfa 17 manns, tannlæknar, aðstoðarfólk og tannsmiðir.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Starfið felst m.a. í að aðstoða tannlækna við störf þeirra, símavörslu og afgreiðslu.

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „Aðstoð 2510"

HELSE PERSONAL AS

Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofellesskap.

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging. Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk både skriftlig og muntlig.

Fredag 31/10-14 kl 12.00 til 18.00 er vi å møte på jobbmesse på Plaza Hotell, Reykjavik. Send oss gjerne en mail i forkant med din cv.

Kontaktinformasjon:
Helse Personal, **post@helsepersonal.no**
tlf 00 47 902 80 287
www.helsepersonal.no

MOSFELLSBÆR

Leirvogstunguskóli

Laust er til umsóknar starf aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Leirvogstunguskóla Laxatungu 70 Mosfellsbæ

Leirvogstunguskóli er þriggja kjarna leikskóli þar sem dvelja 55-60 börn. Leirvogstunguskóli vinnur í anda Hjallastefnunnar sem leggur áherslu á að mæta hverju barni eins og það er, jákvæðni, einfaldleika, gangsætt umhverfi, sköpun í stað tilbúinna lausna, virðingu fyrir náttúrunni og jákvæðan aga. Hugmyndafræði skólans byggir á kennsluaðferðinni "Leikur að læra" þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa-, og hljóða-, lita og formkennslu er höfð að leiðarljósi. Auk þess leggjum við ríka áherslu á gott foreldrasamstarf ásamt útivist og hreyfingu og njótum góðs af stórkostlegri og ósnortinni náttúru Mosfellsbæjar.

Hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara
- Mikil reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Áhugi á að takast á við krefjandi verkefni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og umburðarlyndi
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember 2014.
Við óskum eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið www.leirvogstunguskoli@mos.is

Allar nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Guðrún Björg Pálsdóttir í síma 586-8648

LOFTIÐ ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA YFIRBARÞJÓN Í FULLT STARF

STARFIÐ FELUR M.A. Í SÉR:
UMSJÓN MEÐ VÖKTUM
UPPGJÖR EFTIR VAKTIR
SAMSKIPTI OG SKIPULAG

HÆFNISKRÖFUR:
REYNSLA AF SAMBÆRILEGUM STÖRFUM
METNAÐUR TIL AÐ STANDA SIG VIÐ KREFJANDI AÐSTÆÐUR
OFIÐ JÁKVÆTT VIÐMÓT

LEITAÐ ER AÐ SNYRTILEGUM OG HEIÐARLEGUM STARFSKRAFTI

EINUNGIS EINSTAKLINGAR ELDRI EN 25 ÁRA KOMA TIL GREINA

LOFTIÐ ER LIFANDI OG SKEMMTILEGUR VINNUSTAÐUR
VERKEFNIN ERU FJÖLBREYTT OG KREFJANDI EN UM LEIÐ SKEMMTILEG

TEKIÐ ER VIÐ UMSÓKNUM OG FERILSKRÁM Á:
HMARGEIR@GMAIL.COM

FYLLSTA TRÚNAÐAR GÆTT

LOFTIÐ

Austurstræti 9 - 2. hæð | ww.loftidbar.is | Facebook.com/loftidbar

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA Í NOREGI?

STARFAKYNNING 31. OKTÓBER Á CENTERHOTEL PLAZA REYKJAVÍK

EURES evrópsk vinnumiðlun í Noregi í samstarfi við EURES á Íslandi stendur fyrir starfakynningu **föstudaginn 31. október kl. 12:00-18:00** í fundarsal á jarðhæð Centerhotel Plaza við Aðalstræti 4.

Kynningin er öllum opinn og ókeypis en einkum er eftirspurn er eftir iðnaðarmönnum, smiðum, vélvirkjum (CNC), rafvirkjum, rafeindavirkjum, pípulagningarmönnum, bílstjórum með C/CE réttindi, hjúkrunarfræðingum, læknum, verkfræðingum og prestum.

EURES ráðgjafar frá Noregi kynna atvinnutækifæri ásamt fulltrúum eftirtalinna fyrirtækja og sveitarfélaga:

AM Direct - www.amdirect.no
Svane Bemanning - www.svanebemanning.no
Helse Personal - www.helsepersonal.no
Solund Verft - www.solundverft.no
Vestre Viken Hospital Trust - www.vestreviken.no
Granvin kommune - www.granvin.kommune.no
Ulvik herad - www.ulvik.kommune.no
Kvam herad - www.kvam.kommune.no
Eidfjord kommune - www.eidfjord.kommune.no
Suldal transport - www.suldaltransport.no
Landbruksteneste Hordaland - www.nlth.no
Flytt til Hardanger - www.flyttilhardanger.no
Hardangerrådet - www.hardangerraadet.no

Nánari upplýsingar um störf má finna á heimasíðu EURES á Íslandi www.eures.is.

nav

EURES

VIÐSKIPTASTJÓRI INKASSO

Inkasso leitar að viðskiptastjórum!

Helstu verkefni
- Kynna þjónustu og lausnir fyrir nýjum viðskiptavinum
- Skilgreina þarfir viðskiptavina
- Regluleg samskipti við viðskiptavini
- Tilboðs- og samningagerð

Hæfniskröfur
- Mikil reynsla af sölustörfum
- Háskólamenntun æskileg
- Skilningur á fjárhagsbókhaldi
- Góð almenn tölvufærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð ásamt þjónustulund

Umsóknir berist á netfangið umsokn@inkasso.is fyrir 2. nóvember nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar auk rökstuðnings fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir sölustjóri Inkasso, helgi@inkasso.is

INKASSO

Inkasso var stofnað árið 2010 og sérhæfir sig í öllum stigum innheimtu og reikningagerð fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Starfsmaður á verkstæði

Bílaleigur AVIS og Budget leita að starfsmanni á verkstæði á leigustöð í Reykjavík

Helstu verkefni:
- Öll almenn vinna á bifreiðaverkstæði
- Léttar viðgerðir bifreiða
- Akstur á neyðarþjónustubíl
- Svörun neyðarsíma

Hæfniskröfur:
- Reynsla af viðgerðum bifreiða skilyrði
- Meirapróf er kostur
- Bílpróf og hreint sakavottorð
- Enskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- 25 ára lágmarksaldur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Avis, www.avis.is

Umsóknarfrestur er til 26. október 2014.

AVIS Budget

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

STAÐA SÉRFRÆÐILÆKNIS OG DEILDARLÆKNIS

SÁÁ auglýsir lausar til umsóknar stöður sérfræðilæknis og deildarlæknis á Sjúkrahúsinu Vogi.

Upplýsingar veitir
Þórarinn Tyrfingsson
thorarinn@saa.is
Sími 824-7600

Tímabundið starf

- hentar vel ef þú ert að fara í skóla eftir áramót –

Óskum eftir að ráða mann og konu í verslun okkarí Smáralind frá og með 1. nóvember til áramóta.
Hentar vel, ef þú ert að fara í skóla eftir áramótin.

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur,snyrtilegur og vinna vel með öðrum.

Umsóknir skulu sendar á aslaug@lifoglist.is

Lif&List SMÁRALIND

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Sérfræðilæknir í neðri meltingarfæraskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í skurðlækningum með undirsérgreinina neðri meltingarfæraskurðlækningar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð
» Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni, m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum
» Kviðsjáraðgerðir og opnar krabbameinsaðgerðir á neðri hluta meltingarvegar
» Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
» Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfnikröfur
» Íslenskt sérfræðileyfi í almennum skurðlækningum
» Góð reynsla af kviðsjáraðgerðum
» Víðtæk reynsla af kviðsjáraðgerðum og opnum krabbameinsaðgerðum á neðri hluta meltingarvegar
» Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði
» Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2014.
» Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentum eða ljósritum af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
» Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ítarlegri upplýsingar fyllist út í umsókn fyrir læknastöðu, sjá vef Landlæknis.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
» Upplýsingar veita Páll Helgi Möller, yfirlæknir, netfang pallm@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

V&V
VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐIÐ
TRANAVOGUR 3 S: 588 4970
VÖRUBÍLAR-VAGNAR-LYFTARAR-VINNUVÉLAR

Við óskum eftir í fullt starf:

Faglærðum bifvélavirkja / vélvirkja eða ófaglærðum manni vönum viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Viðkomandi þarf að hafa rafsuðukunnáttu og geta unnið sjálfstætt, vera reglusamur og eiga gott með mannleg samskipti. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 899-6810
Umsóknir skulu sendar á veffangið **mummi@vvehf.is**

Jói Fel
BAKARÍ

Rekstrarstjóri hjá Jóa Fel - Hringbraut

Óskum eftir að ráð rekstrarstjóra til framtíðarstarfa í bakarí Jóa Fel við Hringbraut (JL húsið)

Viðkomandi þarf að sjá um vaktaskipun, starfsmannaráðningar, innkaup og allan daglegan rekstur á bakaríinu.

Æskilegt að viðkomandi sé ekki yngri en 25 ára og hafi starfsreynslu úr bakaríi eða veitingastaði. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á joifel@joifel.is

Holtagarðar - Smáralind - Kringlan - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

Hugbúnaðarþróun og söluráðgjöf

STÓLPI viðskiptalausnir er 30 ára gamalt hugbúnaðarfyrirtæki á bak við viðskiptahugbúnaðinn STÓLPA.

Við leitum nú að metnaðarfullum og þjónustuliprum einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á viðskiptahugbúnaði. Viðkomandi þurfa að vera tilbúnir að takast á við fjölbreytt og krefjandi störf í lifandi starfsumhverfi. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hugbúnaðarþróun og viðhald

Við leitum að lausnamiðuðum forritara í þróun og viðhald á STÓLPA viðskiptahugbúnaði

Hæfniskröfur

- Þekking á virkni bókhaldskerfa
- Þekking á gagnagrunnum - Access og (MS)SQL
- Reynsla af forritun
- Þekking á Visual Basic for Applications æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Sala og þjónusta

Við leitum að söludrifnum einstaklingi til að selja og þjónusta STÓLPA viðskiptahugbúnað

Hæfniskröfur

- Geta til greina þarfir viðskiptavina og veitt þeim ráðgjöf
- Reynsla sem bókari æskileg
- Reynsla af sölu æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þjónustulund og jákvæðni

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingi Hauksson, framkvæmdastjóri, í síma 898-0030. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn óskast send á netfangið gih@stolpi.is. Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember nk.

STÓLPI
1984-2014 30 ÁRA

Sérfræðingur í einkaleyfadeild

Starfið tilheyrir þróunarsviði Actavis samstæðunnar. Sérfræðingur í einkaleyfadeild sér til þess að ítarlegar upplýsingar og stefna um hugverkarétt liggi fyrir tímanlega og fylgist vel með einkaleyfum í þróun og á líftíma vörunnar.

Helstu verkefni:

- Taka saman grunnupplýsingar um einkaleyfi fyrir verkefnaval og útbúa einkaleyfaskýrslur
- Viðhalda einkaleyfaskýrslum og upplýsingum um einkaleyfi
- Andmæling einkaleyfa
- Útbúa einkaleyfaumsóknir
- Vinna að málaferlum á sviði einkaleyfa
- Taka þátt í stefnumótun um einkaleyfi

Við leitum að einstaklingi:

- með framhaldsmenntun á háskólastigi á sviði efnafræði, lífefnafræði, lyfjafræði eða sambærilegt
- sem býr yfir hæfileikum í textagerð
- með mjög góða enskukunnáttu
- með góða tölvukunnáttu
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu

Kíkið á fleiri laus störf á www.actavis.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði fyrir 2. nóvember nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is

Actavis
www.actavis.is

RAFVIRKJAR

Gaflarar ehf rafverktakar óska eftir að ráða rafvirkja til starfa
Leitum eftir vönum rafvirkja með sveinspróf.
Um er ræða almenna raflagna vinnu og þjónustustörf

Áhugasamir hringið í síma 896-8345
eða sendið tölvupóst
á **valdi@gaflarar.is**

Gaflarar RAFVERKTAKAR

Uppsteypa / Mótasmíði

Vanur aðili getur bætt við sig verkefnum við uppsteypu.

Er vanur stórum sem smáum verkum.

Upplýsingar í síma: 858 5797 hafnarsport@simnet.is

EÐALBÍLAR
BMW / LAND ROVER ÞJÓNUSTA

EÐALMAÐUR ÓSKAST

Óskum eftir vönum manni í bifvélaviðgerðum í fullt starf.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Spennandi bílar á skemmtilegum vinnustað.

Umsóknir með ferilskrá berist á netfangið:
storf@edalbilar.is

» Ráðningarþjónusta

Ert þú tölvunörd sem kann að smíða?

Hurðir & gluggar óska eftir að ráða einstakling til starfa á verkstæði við smíðar.

Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00 alla virka daga.

Starfið er fólgið í allri smíði og frágangi á gluggum, hurðum og öðru tengdu.

» Hæfniskröfur

- Æskilegt að hafa kunnáttu eða hæfni til að læra á tölvustýrðar vélar
- Sveinspróf í trésmíði er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af smíðavinnu á verkstæði æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og gott frumkvæði

Hurðir & gluggar

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Forstjóri Lyfjastofnunar

Velferðarráðuneytið auglýsir embætti forstjóra Lyfjastofnunar laust til umsóknar. Lyfjastofnun starfar samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 með síðari breytingum. Lyfjastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að skrá lyf (gefa út markaðsleyfi fyrir lyf) á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), hafa eftirlit með lyfja iðnaðinum á Íslandi og tryggja faglega og hlutlausa upplýsingagjöf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun starfa um 60 starfsmenn.

Heilbrigðisráðherra skipar í embættið til fimm ára frá 1. febrúar 2015. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn stofnunarinnar mega eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Endurskoðun lyfjalaga er fyrirhuguð á skipunartímanum og gæti hún leitt til einhverra skipulagsbreytinga á málaflokknum og stofnuninni.

Forstjóri skal hafa háskólapróf og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á starfssviði stofnunarinnar. Gerðar eru kröfur um þekkingu og reynslu af rekstri og stjórnun. Áhersla er lögð á leiðtogahæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð ásamt færni í mannlegum samskiptum. Jafnframt er gerð krafa um góða tungumálakunnáttu auk hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Einnig er mikilvægt að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Umsóknir um stöðu forstjórans verða metnar af sérstakri hæfnisnefnd sem heilbrigðisráðherra skipar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri skrifstofu heilbrigðisþjónustu, **sveinn.magnusson@vel.is.**
Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið:**postur@vel.is** eigi síðar en **20. nóvember nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 23. október 2014

Spennandi starfsnám

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

Helstu verkefni og ábyrgð

Markmið starfsnámsins er að gefa fólki sem er að hefja starfsferil sinn og vill afla sér reynslu, færi á að kynnast því fjölbreytta starfi sem unnið er í alþjóðlegri markaðssetningu hjá Íslandsstofu.

Um er að ræða 5 mánaða tímabil frá janúar fram í maí 2015 í 40% starfsnámi sem hentar vel með námi.

Umsóknum skal skila inn rafrænt á **islandsstofa@islandsstofa.is** fyrir 13. nóvember 2014.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Sylvía Kjartansdóttir, verkefnisstjóri, ferðaþjónusta og skapandi greinar ragnheidur@islandsstofa.is

Hæfniskröfur

- Umsækjandi þarf að vera í BS/BA eða meistaranámi í grein sem tengist störfum Íslandsstofu á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina
- Reynsla af almannatengslum eða alþjóðlegri markaðssetningu æskileg
- Góð þekking á Íslandi og íslenskum staðháttum
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Fyrirtaks námsferill og einkunnir

Íslandsstofa Sundagarðar 2 104 Reykjavík 5114000 islandsstofa.is

Tvö störf í verksmiðju að Svartsengi
Two positions for the plant in Svartsengi

Framleiðslustarfsmaður

Starfslýsing
Framleiðslustarfsmaður í metanólverksmiðju að Svartsengi. Um er að ræða vaktavinnu.

Ábyrgðarsvið
Eftirlit með rekstri verksmiðju ásamt viðhaldi á véla- og tækjabúnaði auk afhendingar á eldsneyti. Hæfni til að bilanagreina og framkvæma viðeigandi ráðstafanir

Hæfniskröfur
Tæknimenntun á sviði rafmagns eða vélstjórnunar.
Reynsla af viðhaldi véla- og rafmagnsbúnaðar.
Sterk öryggisvitund.
Færni í læra og tileinka sér nýja hluti.
Jákvætt hugarfar og hæfileikar í mannlegum samskiptum.
Metnaður í starfi og öguð og vönduð vinnubrögð.
Tungumálakunnátta í ensku.
Reynsla af störfum í framleiðsluumhverfi er kostur.

Operator

Job Description
Renewable fuel plant operator in Svartsengi working on shifts.

Responsibilities
Operations of equipment or systems.
General maintenance of machinery and equipment.
Conduct testing and inspections of products, services, or processes to evaluate quality and performance.

Qualifications
Technical degree in mechanical or electrical applications
Preferable track record running and operating process plants.
Strong security awareness
Willing to learn new things and ability to adapt.
Positive attitude and communication skills.
Professional composure under stress.
Proven skills, work self check ability, quality driven and superior communication and reporting skills in Icelandic and English

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember
Deadline for applications is November 2.

Carbon Recycling International (CRI) er íslenskt frumkvöðla-fyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík sem endurvinnur koltvísýring úr útblæstri iðn- eða orkuvera og umbreytir í endurnýjanlegt eldsneyti, metanól sem blanda má við bensín eða nota til framleiðslu á lífdísil og öðru bílaeldsneyti. Endurvinnsla koltvísýrings dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtækið rekur fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum við hlið orkuversins við Svartsengi í Grindavík. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 30 manns.
Carbon Recycling International (CRI) captures CO2 from industrial emissions and converts to renewable methanol fuel to be blended into gasoline for unmodified vehicles. Capture of CO2 reduces emissions of greenhouse gases. The company is currently constructing the first factory of its kind in Svartsengi.

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið vilborg@cri.is og setjið starfsheiti sem sótt er um í titilinn.
Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni okkar: www.carbonrecycling.is
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Please send an application and cover letter to vilborg@cri.is with the job title in the subject line.
Further information on our website www.carbonrecycling.is
Applicants have to be available as soon as possible.

TANDUR
- þegar hreinlæti skiptir mál

Tandur var stofnað árið 1968 og er leiðandi á sviði framleiðslu, sölu og dreifingar á hreinlætisvörum til fyrirtækja og stofnana. Áhersla fyrirtækisins er að veita faglega og framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf til viðskiptaaðila.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins **www.tandur.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Sölu- og þjónustufulltrúi

Tandur óskar eftir að ráða drífandi og framúrskarandi sölu- og þjónustufulltrúa.

Starfssvið:
- Sala og ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda
> *Hreinn Halldórsson, forstöðumaður íþróttamannvirkja í Fljótsdalshéraði*

---

90 ára afmæli

Margrét Sæmundsdóttir
Dunhaga 15, 107 Reykjavík, er 90 ára.

Tekur hún á móti vinum og ættingjum í Iðnó við Tjörnina, milli 15:00 og 18:00 á afmælisdaginn, sunnudaginn 26. október n.k

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

STURLA GUÐBJARNASON

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 20. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 29. október kl. 13.00.

Diljá Sjöfn P. Snæfeld
Guðlaug R. Sturludóttir Snæfeld
Sölvi Sturluson Snæfeld
Hilda Björk Línberg
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar sambýliskonu og móður,

HÓLMFRÍÐAR V. HAFLIÐADÓTTUR
frá Bolungarvík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Keflavík, 2. október.

Fyrir hönd aðstandenda,
Einar Guðmundsson, Friðrik P. Sigurðsson

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útföt ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GYÐU GUÐJÓNSDÓTTUR
Goðheimum 1, Reykjavík.

Valgerður Franklínsdóttir, Hrafnkell Eiríksson,
Svanfríður Franklínsdóttir, Guðni Axelsson
og fjölskyldur.

Rúnar Geirmundsson | Sigurður Rúnarsson | Elís Rúnarsson | Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÞÓRARINN SIGFÚSSON ÖFJÖRÐ

lést á heimili sínu þriðjudaginn 14. október. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum sýndan samhug.

Helga Signý Helgadóttir
Helgi Rafn Þórarinsson
Ellen Þórarinsdóttir
Dagný Þórarinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Róbert Jónsson
Kjell Arne Henriksen

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SESSELJA MARGRÉT KARLSDÓTTIR
frá Stokkseyri,

lést laugardaginn 19. október á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 28. október kl. 13.00.

Kristján Björn Ólafsson
Erna Ólína Ólafsdóttir
Kolbrún Kristín Ólafsdóttir
barnabörn og langömmubörn.
Pála Kristín Ólafsdóttir
Eggert V. Kristinsson
Hrafn Þórðarson

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
Kringlunni 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 16. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum ættingjum og vinum veitta samúð.

Anna Geirsdóttir
Sigurbjörg Geirsdóttir
Guðmundur Ásgeir Geirsson
Helga Geirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Jón Eiríksson
Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Jón Páll Garðarsson

---

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

SIGURDÍS SKÚLADÓTTIR
Háaleitisbraut 45, Reykjavík,

sem lést á líknardeild LSH í Kópavogi þann 22. október verður jarðsungin frá Háteigskirkju, fimmtudaginn 30. október kl. 13.00.

Sigríður Jóhannsdóttir
Sigurdís Haraldsdóttir
Svava Jóhanna Haraldsdóttir
Jóhann Haraldsson
Sigurdís Ásta Brynjarsdóttir
Sveinn Skúlason
Sigríður Á. Skúladóttir
og aðrir aðstandendur.
Haraldur Hermannsson
Rosa Sarvarova
Brynjar Örn Ólafsson
Erna Valsdóttir
Ari K. Sæmundsen

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

RAGNHEIÐAR MAGNÚSDÓTTUR.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki meltingar- og nýrnadeildar 13E á LSH og lyflækningadeild SAK fyrir góða umönnun, hlýju og alúð.

Steindór Hermannsson
Magnús Páll Steindórsson
Þuríður Steindórsdóttir
Drífa Steindórsdóttir
og barnabörn.
Tobías Sigurðsson
Jón Sverrir Friðriksson

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

LILLÝ O. GUÐMUNDSDÓTTIR
Möðrufelli 15, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 21. október verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. október kl. 13.00.

Gunnar Páll Ingólfsson
Laufey Ingibjörg Gunnarsdóttir
Guðmundur Karl Snæbjörnss.
Sigurður Árni Gunnarsson
Rebecca Yongco
Arnar Freyr Gunnarsson
Sigurbjörg Alfreðsdóttir

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

NAMMIDAGUR!

Nammibarinn okkar er fullur af góðgæti!

Við gefum Colgate-tannbursta með hverjum keyptum nammipoka af nammibarnum um helgina.

PIPAR\TBWA · SÍA · 143594

ALLTAF 50% afsláttur á nammibar á laugardögum og sunnudögum

OG ALLT HITT FYRIR GÓÐA HELGI

99 kr. stk.

Pepsi Max, Pepsi og Appelsín
0,5 lítrar

298 kr. pk.

Balconi snack cakes
280 g

298 kr. pk.

Disney ávaxtasafar
6 stk.

348 kr.

Hraun- og Prinstvenna
2x200 g

398 kr.

Dr. Pepper
4x330 ml

898 kr. pk.

Ben & Jerry´s ís
10 tegundir, 500 ml

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EUROSHOPPER
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900g

1498 KR.

AÐEINS 958 KR.KG.

479 kr. 500g

Frosin bláber 500g

AÐEINS 415 KR.KG.

498 kr. 1200g

Frosin jarðarber 1200g

495 kr. 1 kg.

Frosin berjablanda 1 kg.

395 kr. kg.

Beint frá USA **Sætar kartöflur**

259 kr. 1 kg.

EuroShopper
Frosin brokkolíblanda

259 kr. 1 kg.

Euroshopper **frosin Wokgrænmetisblanda**

198 kr. 200g

Bónus **Rifin pizzablanda 200g**

Aðeins 42 kr. þvotturinn

1598 kr. 38 þvottar

398 kr. 2.5 ltr.

Rúðuvökvi 2,5 ltr
18° FROSTÞOL

Sex Coke Zero Á VERÐI ÞRIGGJA

771 kr. 6 x 2 ltr.

Sex 2ja ltr. flöskur Coke Zero
129 kr. flaskan

KIPPA + POPP
898 kr.

898 kr. 4 x 2 ltr.

Fjórar 2ja ltr. fl. Pepsi / Pepsi Max
+ poki Maxipopp

259 kr. 1 ltr.

Repjuolía 1 ltr. aðeins 259 kr.
Sólblómaolía 1 ltr. aðeins 259 kr.

398 kr. 550ml.

Bónus
Rjómi 550ml
VERÐ ÁÐUR 439 KR.

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
gilda til 26.okt 2014

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

995 kr. kg

Ali elduð spareribs (grísarif) *Tilbúin, þarf aðeins að hita*

1098 kr. kg.

Ali Ferskur úrb. grísahnakki
VERÐ ÁÐUR: 1579 KR.KG

1295 kr. kg.

Bónus **Ferskur úrb. grísahryggur** **með pöru**

659 kr. kg.

Bónus **Ferskur grísabógur**

1098 kr. kg.

Bónus **Grísakótilettur**

398 kr. 2 ltr.

Bónus ís 2 ltr.
Verð áður 469 kr.

298 kr. 200g.

Bónus **Hvítt súkkulaði** 200g

179 kr.100g.

Bónus **Suðusúkkulaði 70%** 100g

298 kr. 500g

Bónus **Rúsínur 500g** *Verð áður: 349 kr.*

Uppskriftin;
bonus.is/uppskriftir
Lambabógur hægeldaður
með rósmarín, hvítlauk og
lárviðarlaufi.

859 kr. kg.

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosinn heill lambabógur**

1498 kr. kg.

Sláturfélag Suðurl. **Sérskorið lambalæri af nýslátruðu**

1298 kr. kg.

Ali Bayonneskinka
úr læri 1.flokkur

3598 kr. kg.

Íslandsnaut **Ungnautafillet ferskt**

479 kr.kg.

Kjarnafæði **Frosin svið**

VERÐ ÁÐUR: 398 KR.

359 kr 125g

Bónus Lambhagablanda

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
gilda til 26.okt 2014

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

| KL. 19:35

Sjálfstætt fólk

Næsti viðmælandi Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki er enginn annar en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra.

Meiriháttar sunnudagur

| KL. 20:10

Neyðarlínan

Sigrún Ósk fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum.

| KL. 21:25

Homeland

Við höldum áfram að fylgjast Með Carrie Mathieson og samstarfsmanni hennar, Sal takast á við erfið og flókin verkefni hjá CIA.

| KL. 22:15

Shameless

Fjórða þáttaröðin um þessa skrautlegu og uppátækjasömu fjölskyldu.

| KL. 21:00

The Mentalist

Fimmta þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.

| KL. 20:15

Playing For Keeps

Rómantísk gamanmynd með Gerard Butler, Jessicu Biel, Uma Thurman, Catherine Zeta-Jones og Dennis Quaid.

Krakka stöðin | KL. 19:00

Fuglaborgin

Stórskemmtileg teiknimynd um ungan fálka sem ferðast til fuglaborgarinnar Zambezíu.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

LÉTT

7	5		9	8		2		
				6	4	9		
	6				7			
			6		9			2
8	2	7	3	1			4	
		3		2		5	7	
2		4	8				3	
5		6						
						7		

MIÐLUNGS

7			6					2
9	6	8	7		4	1		
4	1			5			7	
8				3	2			5
			8			9		
			1				3	
5		9		8		2	1	
				1				7
				7		5		

ÞUNG

8			9			3		
		6					4	
	1							
	5							
			8			7		6
1	7	3	2	6	4			9
7		5		1	8		3	
			6		7			
	2				3		7	8

1	5	6	7	2	8	4	3	9
7	8	4	5	9	3	1	6	2
9	2	3	4	1	6	8	5	7
2	9	8	3	6	1	5	7	4
3	1	5	8	4	7	2	9	6
4	6	7	9	5	2	3	1	8
5	4	2	1	7	9	6	8	3
6	3	9	2	8	5	7	4	1
8	7	1	6	3	4	9	2	5

1	2	7	5	3	9	4	6	8
4	6	9	8	7	1	3	5	2
8	3	5	2	4	6	9	1	7
2	8	3	6	1	7	5	9	4
6	7	4	9	5	2	8	3	1
9	5	1	3	8	4	2	7	6
7	4	2	1	9	3	6	8	5
3	1	8	4	6	5	7	2	9
5	9	6	7	2	8	1	4	3

2	6	4	7	8	3	1	9	5
8	7	5	9	1	4	3	2	6
1	3	9	5	6	2	7	4	8
3	9	6	8	2	5	4	1	7
4	1	8	6	3	7	2	5	9
5	2	7	1	4	9	6	8	3
7	5	3	2	9	1	8	6	4
9	8	1	4	7	6	5	3	2
6	4	2	3	5	8	9	7	1

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég get ekki breytt stefnu vindsins en ég get snúið seglum mínum þannig að þau nái alltaf áfangastað mínum."

Jimmy Dean.

KROSSGÁTA



LÁRÉTT

2. stagl, **6.** í röð, **8.** struns, **9.** fugl, **11.** tveir eins, **12.** vansæmd, **14.** blossaljós, **16.** drykkur, **17.** hlóðir, **18.** fornafn, **20.** umhverfis, **21.** krafs.

LÓÐRÉTT

1. líkamshluti, **3.** samtök, **4.** fyrstu, **5.** gerast, **7.** pergament, **10.** grús, **13.** skraf, **15.** heiður, **16.** höld, **19.** kusk.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. tafs, **6.** áb, **8.** ark, **9.** iðm, **11.** ee, **12.** skömm, **14.** flass, **16.** te, **17.** stó, **18.** óil, **20.** um, **21.** kiðr.

LÓÐRÉTT: 1. hals, **3.** aa, **4.** fremstu, **5.** ske, **7.** bókfell, **10.** möl, **13.** mas, **15.** sómi, **16.** tök, **19.** ló.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Jón Aðalsteinn Hermannsson (1.047), Skákfélaginu Hugin, hafði svart gegn Jóhanni Arnari Finnssyni (13.87), Skákdeild Fjölnis, á Íslandsmóti skákfélaga.

Svartur á leik:

35. ...De1+! 36. Hxe1 (36. Kh1 Hxf2+ 37. Kh3 Bg2+ 38. Kh2 Bc6+ 39. Kh3 Bd7+) **Hxe1 37. Kh2 Hh1#.** Snaggaraleg endalok hjá Jóni!

www.skak.is Unglingameistaramót TR á morgun.

Leitar að þátttakendum í lifandi sýningu

Einkasýning Rebeccu Moran stendur nú yfir í Nýlistasafni Íslands. Þar notar hún lifandi þátttakendur í innsetningarverk sín.

„Ég er að leika mér með hugmyndina um „tableaux vivants“, þegar fólk endurskapaði fræg málverk í gamla daga,“ segir myndlistarkonan Rebecca Moran, sem opnaði sýninguna Laboratory Aim Density – FOREVER! Just ended í Nýlistasafninu um seinustu helgi.

Moran notar lifandi þátttakendur í innsetningunni en hún leitar nú að fólki til að taka þátt í sýningunni frá hverjum fimmtudegi til laugardags á milli klukkan 14 og 17.

Áhugasamir geta sent póst á rebekka.moran@gmail.com. Moran, sem hefur búið og starfað í Reykjavík í nær áratug, segir að sýningin fjalli meðal annars um tilraunakvikmyndir.

„Innsetningin er sí og æ að taka breytingum yfir mánuðinn en ég tek allt upp, klippi og vinn svo með myndirnar,“ segir hún.

Þrettánda nóvember verður lokahóf þar sem myndefnið verður sýnt á meðan tónlistarkonan Þóranna Björnsdóttir spilar undir.

- þij

TABLEAU VIVANT Sýningin tekur breytingum yfir mánuðinn FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FJALLAR UM TILRAUNAKVIKMYNDIR Lokaniðurstaðan verður sýnd 13. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

U2 Hljómsveitin U2 gaf út ókeypis plötu í síðasta mánuði í samstarfi við Apple.

Platan átti að vera í skýinu

Bono, söngvari U2, hefur líkt nýjustu plötu hljómsveitarinnar við mjólkurfernu í ísskápnum sem einhver ókunnugur skildi eftir.

U2 gaf út plötuna Songs of Innocence ókeypis í síðasta mánuði í samstarfi við Apple. Henni var sjálfkrafa hlaðið niður hjá hverjum notanda iTunes í heiminum, án þess að þeir bæðu um það. Uppátækið þótti umdeilt og Apple gaf út forrit sem hægt var að nota til að fjarlægja plötuna.

„Þetta er eins og að setja mjólkurfernu í ísskápinn hjá fólki sem það bað ekki um,“ sagði Bono við tímaritið Rolling Stone. „Þetta er algjör innrás en eiginlega slys. Mjólkin átti að vera í skýinu [geymsluplássi á iTunes]. Hún átti að vera fyrir framan útidyrahurðina.“

LADY GAGA Nýja glæsivillan hennar kostaði um þrjá milljarða króna.

Batman-hellir í húsi Lady Gaga

Í nýrri glæsivillu söngkonunnar Lady Gaga er leyniherbergi þar sem innblásturinn er Batman-hellirinn. Gaga greiddi 23 milljónir dala fyrir höllina, eða tæpa þrjá milljarða króna, og er hún í Malibu í Kaliforníu.

Söngkonan keypti eignina af Dan Romanelli, stórlaxi hjá fyrirtækinu Warner Bros, sem er mikill aðdáandi Batman og alls kyns leikfanga. Fimm svefnherbergi og tólf baðherbergi eru í villunni, auk íþróttasalar, vínkjallara, kvikmyndasalar og alls konar annars lúxuss.

- fb

MENNING

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins **www.seltjarnarnes.is.**

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes merkt: „Bæjarlistamaður 2015“ eða á netfangið soffia@seltjarnarnes.is **fyrir 21. nóvember.**

Menningarnefnd Seltjarnarness

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Hátíð þegar allir fimm koma saman

Hljómsveitin Secret Swing Society verður með tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði annað kvöld. Sveitin er skipuð þremur Íslendingum, einum Frakka og einum Litháa en þeir stunduðu allir tónlistarnám í Amsterdam á sama tíma.

Secret Swing Society er band sem við stofnuðum í Amsterdam árið 2010 þegar við vorum allir þar í námi,“ segir Andri Ólafsson, kontrabassaleikari hljómsveitarinnar Secret Swing Society sem heldur tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði annað kvöld. „Bandið er skipað þremur Íslendingum, einum Frakka og einum Litháa. Tveir okkar búa ennþá í Amsterdam en við hinir erum fluttir til okkar heimalanda þannig að það er hátíð þegar við hittumst allir fimm til að spila saman.“

Auk Andra er hljómsveitin skipuð þeim Grími Helgasyni klarinettleikara, Guillaume Heurtebize gítarleikara, Dominykas Vysniauskas trompetleikara og Kristjáni Tryggva Martinssyni, sem leikur á píanó og harmónikku. Þeir leika og syngja gamaldags sveiflutónlist, frumsamda og ættaða frá höfundum og flytjendum á borð við Duke Ellington, Gershwin-bræðrum, Louis Armstrong, The Mills Brothers, Louis Prima, Django Reinhardt og Fats Waller.

Secret Swing Society hefur spilað mikið úti á götum, mörkuðum og síkjum Amsterdam en einnig hefur hún ferðast til fleiri borga í Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, Litháen og á austurströnd

SECRET SWING SOCIETY Sveitin varð til þegar allir félagar hennar stunduðu tónlistarnám í Amsterdam. MYND ÚR EINKASAFNI

Bandaríkjanna, ýmist til að spila á djasshátíðum, tónleikum eða úti á götum. Hafa þeir ekkert reynt að spila á götum úti á Íslandi? „Okkur finnst reyndar skemmtilegast að spila á götum úti og höfum gert það tvisvar í Reykjavík,“ segir Andri. „Það gekk alveg ágætlega en það var rigning og ekkert rífandi stemning. Ef við værum meira á Íslandi myndum við samt örugglega nota hvert tækifæri til þess að gleðja landann með spilamennsku úti á götum, verst bara hvað veðrið býður sjaldan upp á það.“

fridrikab@frettabladid.is



SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA Kórinn hefur nokkrum sinnum flutt sálumessuna áður, síðast árið 2008. MYND: FÍLHARMÓNÍA

Eitt ástsælasta tónverk allra tíma

Ein Deutsches Requiem eftir Johannes Brahms mun hljóma í Langholtskirkju um helgina á tvennum tónleikum Söngsveitarinnar Fílharmóníu.

„Þetta er alveg geggjað verk,“ segir Magnús Ragnarsson, stjórnandi Söngsveitarinnar Fílharmóníu sem flytur Ein deutsches Requiem eftir Johannes Brahms í Langholtskirkju í dag og á morgun klukkan 16 ásamt einsöngvurunum Kristni Sigmundssyni og Hallveigu Rúnarsdóttur. „Fílharmónía hefur nokkrum sinnum flutt þetta verk, í fyrsta skipti skömmu eftir stofnun kórsins,“ segir Magnús. „Síðast fluttum við það með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2008 og fórum þá með verkið til Póllands, en það er ennþá skemmtilegra að taka þetta upp núna enda eru þetta nærri sjötíu mínútur af nánast stöðugum kórsöng sem er mjög óvenjulegt í kórverkum, þau skiptast yfirleitt nokkuð jafnt milli einsöngvara og kórs.“

Magnús segir sálumessuna vera í miklu uppáhaldi, ekki bara hjá sér heldur tónlistarfólki almennt. „Þegar maður talar við fólk í bransanum, bæði hér heima og erlendis, og spyr um uppáhaldstónverkin þess þá er þetta verk oftar en ekki í efsta sætinu, enda er það mjög sérstakt. Þetta er sálumessa en ekki í hefðbundnum sálumessutakti. Brahms valdi sjálfur texta héðan og þaðan úr ritningunni meira út frá hinum syrgjandi en þeim dána.“

Verkið er í sjö köflum og Magnús segir Brahms hafa samið það á löngum tíma. „Það er talið að kveikjan að því hafi verið dauði tónskáldsins Roberts Schumann, sem var góður vinur Brahms, og þegar móðir hans dó nokkrum árum síðar bætti hann síðan köflum við sálumessuna og flutti hana.“

Útgáfan sem Fílharmónía flytur nú er fyrir kór og tvö píanó og Magnús segir hana hafa orðið til skömmu eftir frumflutning verksins. „Sú útgáfa gefur tækifæri til meiri blæbrigða í söngnum því þegar sungið er með hljómsveit þarf að hafa sig allan við til að yfirgnæfa hljóðfærin en núna getum við alveg leyft okkur að syngja mjög veikt á köflum.“

- fsb

Ísland er hvítasta land í heiminum

Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl var staddur í Kulturhuset í Stokkhólmi í síðustu viku. Þar ræddi hann um bók sína Illsku, sem tilnefnd er til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í ár, og uppgang þjóðernisflokka í Skandinavíu.

„Við ræddum Illsku og þar með töluðum við auðvitað mikið um stöðuna í dag – þetta síversnandi ástand þar sem skandinavísku popúlistaflokkarnir ná alltaf meiri og meiri fótfestu," segir Eríkur um efni umræðnanna í Kulturhuset.

Eiríkur bjó bæði í Finnlandi og Svíþjóð á meðan hann skrifaði bókina og fylgdist með uppgangi þjóðernisflokkanna Svíþjóðardemókratanna og Sannra Finna. „Ég kom reyndar líka inn á mikilvægi þess að hætta að tala um popúlistaflokka, eiginlega – og kalla spaðann bara spaða, þetta eru nasistaflokkar," segir Eiríkur. „Jimmie Åkesson er miklu nær mörgum framámönnum hins eiginlega nasistaflokks en flestir sósíaldemókratar samtímans eru sósíaldemókrötum fjórða áratugarins. Þótt það séu líka mikilvæg atriði sem skilja að, þá eru líka mikilvægir þræðir sem sameina þá. Í Danmörku vill Folkepartiet nú til dæmis útvista rekstri á heimilum fyrir hælisleitendur og flóttamenn til þriðja heimsins, að hælisleitendur verði bara settir beint upp í flugvél og svo geymdir í Líbanon.

Þetta á sér nánast beina samsvörun í fangabúðum í Das Generalgouvernement. Nasistar lögðu mjög hart að því að færa þetta allt út úr Þýskalandi, svo þýska fólkið þyrfti að verða sem minnst vart við óhugnaðinn og ætti auðveldara með að loka augunum. Svona eins og við lokum augunum fyrir því sem gerist í fataverksmiðjum í þriðja heiminum."

En telur Eiríkur viðbrögðin við þessum flokkum hafa verið sambærileg á milli Norðurlanda? „Viðbrögðin hafa verið misjöfn á milli landanna. Danir vildu taka slaginn, ræða málin opið. Þar er mikil virðing borin fyrir opnum debatt, sem er þá oft kengrasískur líka. Svíar hafa viljað standa fast á því að vissa hluti ræði maður einfaldlega ekki – það sé ekkert til umræðu að sumir þjóðflokkar séu síðri en aðrir, sem dæmi. En niðurstaðan hefur verið sirka sú sama, að minnsta kosti hvað varðar vöxt flokkanna." Eiríkur segist telja Framsóknarflokkinn vera heldur ótýpískan í þessum efnum. „Að það skuli fyrst og fremst vera í höfuðborginni þar sem þeir finna sér sóknarfæri er áhugavert.

EIRÍKUR ÖRN Kýs að kalla þjóðernisflokkana nasistaflokka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Víðast hvar annars staðar eiga flokkar af þessu tagi meira fylgi að fagna á jaðarsvæðum.

Framsóknarflokkurinn flutti inn þessa retórík meira og minna óbreytta og skeytti henni inn í stefnuskrána sína. Að „vernda þjóðareinkennin" og að múslimum fylgi einhver barbarismi. Að þeir hugsi um að umskera börn, plotta hryðjuverk og taka undir sig heiminn, og þetta standi nú allt í Kóraninum," segir Eiríkur. „Svíþjóðardemókratarnir eru stofnaðir upp úr félagsskap sem beinlínis heitir Höldum Svíþjóð sænskri, og þeir eru mjög uppteknir af sænskleikanum. En nú er Jimmie Åkesson víst útbunninn, hann hefur meldað sig inn veikan næstu vikurnar. Í tilkynningunni segir að hann skilji ekki hvers vegna honum líði svona illa, þrátt fyrir stóran kosningasigur. Hann fattar ekki að honum líður illa vegna þess að hann er nasisti."

Hvernig kemur það til að röksemdirnar gegn íslam á Norðurlöndunum eru oft svo keimlíkar? „Það er sýnt og sannað að fólk óttast fyrst og fremst einhverja óséða framtíð. Það óttast það sem það hefur ekki upplifað. Sá sem hefur séð unglingsstelpur í hijab rífa kjaft eða frussa út úr sér kóki í hláturskasti eða bara hanga í Candy Crush í strætó sér strax að þær eru bara alveg eins og aðrar unglingsstelpur. Fylgi nasistaflokkanna er mest á svæðum þar sem ekki er mikið um útlendinga," segir Eiríkur. „Við óttumst ósýnileg skrímsli. Kannski er þar komin skýringin á Framsóknarfylginu í RVK – útlendingar á Íslandi eru mikið til einmitt frekar ósýnilegir. Ísland er hvítasta land í heimi. Það vita allir að það er mikið af útlendingum í Reykjavík, en maður verður ekkert gríðarlega var við þá.

> **Svíþjóðardemókratarnir eru stofnaðir upp úr félagsskap sem beinlínis heitir Höldum Svíþjóð sænskri.**

Þessi retórík sigtar inn á það – að lýsa annars vegar mögulegri ömurlegri framtíðarsýn og hins vegar einhverju sem gerist á bak við luktar dyr. Að lýsa því sem við sjáum ekki og vitum ekki. Það getur enginn haldið því fram að verði byggð moska í Reykjavík muni aldrei verða skipulögð hryðjuverk þar, því það er ekki til nein moska og framtíðin er algjörlega óráðin. En svo þarf heldur enginn að færa rök fyrir því hvers vegna það sé ekki hætta á því að fólk skipuleggi hryðjuverk á Mokka."

thorduringi@frettabladid.is

RISA

TAX FREE HELGI

Á KORPUTORGI

25.–26. OKTÓBER

PIPAR\TBWA • SÍA • 1436656

Tax Free jafngildir 20,3% afslætti nema annað sé tekið fram. Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.

ILVA

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA AF TILBOÐSVÖRUM OG
„EVERYDAY LOW PRICE“

the PIER

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM

KORPU OUTLET

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM

TOYS R US

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM
AÐEINS LAUGARDAGINN 25. OKT

gæludýr is

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA GÆLUDÝRAFÓÐRI

PLANIÐ bílasala 5170000

TAX FREE AF
SÖLULAUNUM

KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára

TAX FREE GILDIR EKKI Í BÓNUS OG ÚTILEGUMANNINUM

KORPUTORG

LAUGARDAGUR 25. OKTÓBER

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

BOOTLEG BEATLES

AGENT FRESCO

Tónleikar

17.00 Tónleikar Gunnars Guðbjörnssonar óperusöngvara og Jónasar Ingimundarsonar píanóleikara í Hömrum í dag. Á tónleikunum munu þeir flytja norræn sönglög eftir Jean Sibelius, Oskar Merikanto, Edvard Grieg og fleiri. 2.500 krónur inn, 2.000 fyrir lífeyrisþega en ókeypis fyrir skólafólk 20 ára og yngra.

17.00 Anna Jónsdóttir sópransöngkona fagnar útkomu plötunnar Vár með tónleikum í Ásmundarsafni í dag.

20.00 The Bootleg Beatles, tribjútsveitin treður upp í Háskólabíói í kvöld. Miðar frá 6990 krónum.

21.00 Hrútaþukl treður upp á Kexi Hosteli í kvöld.

21.00 DJ GLM spilar á Prikinu í kvöld.

21.00 Halli spilar með Jazzsveit sinni á Café Rósenberg í kvöld.

21.00 Popprokksveitin 7-9-13 treður upp á Hressingarskálanum í kvöld.

21.00 Mosi Music spilar á Dillon í kvöld.

22.00 Sveitin Autonomous spilar á Café Haíti í kvöld. 1.000 krónur inn.

22.00 Rokkararnir í **Agent Fresco** troða upp á Húrra í kvöld. Einnig koma fram sveitirnar Fufanu og CeaseTone, og síðan mun DJ Óli Dóri þeyta skífum. 1.500 krónur inn.

22.00 Skálmöld treður upp á Gauknum í kvöld.

Fræðsla

14.00 Í dag verður taílensk tunga og menning í brennidepli í Café Lingua, sem að þessu sinni fer fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Meðal þess sem verður á boðstólum er taílenskur matur og uppskriftir, litríkur dans og lifandi tónlist, sýning á þjóðbúningum og ávaxta- og grænmetisskurður. Viðburðurinn er í umsjón félagsins Taílensk samvinna. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

Ópera

20.00 Don Carlo verður flutt í Hörpu í kvöld. Óperan er sungin á ítölsku en með íslenskum texta. Miðar frá 2.500 krónum.

Sýningar

14.00 Sýningin Land fyrir stafni opnuð í dag á Minjasafninu á Akureyri.

Kvikmyndir

13.30 Í tilefni af sýningunni Stelpumenning verður kvikmyndin Drottning Versala eftir Lauren Greenfield sýnd í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag og á morgun. Athugið: takmarkaður sætafjöldi.

Uppistand

20.00 Annar dagur Reykjavík Comedy Festival fer fram í Hörpunni í dag. New York's Funniest koma fram, þeir Andrew Schulz, Ricky Valez og James Adomian. Þorsteinn Guðmundsson hitar upp.

Tónlist

21.00 DJ SimSimma spilar á Frederiksen Ale House í kvöld.

21.00 Trúbadorinn Ellert spilar á English Pub og síðan spilar tvíeykið Hjálmar & Dagur.

21.00 DJ Herr Gott spilar á Boston í kvöld.

21.00 Benni B-Ruff og DJ Kocoon þeyta skífum á Dollý í kvöld.

21.00 DJ KGB spilar á efri hæð Palóma en DJ Atli Kanill spilar á neðri hæð.

23.00 DJ Steindór Jónsson spilar á Kaffibarnum í kvöld.

23.30 DJ Styrmir Dansson spilar á Bravó í kvöld.

Fyrirlestrar

14.00 Fyrirlestur í Sjávarminjasafni Íslands um kanadíska stríðsbátinn Skeena sem fórst hjá Viðey í seinni heimsstyrjöld. Hægt verður að skoða ljósmyndir af atburðinum.

Myndlist

14.00 Einkasýning Daníels Björnssonar opnar í Kling og Bang á Hverfisgötu í dag. Sýningin fjallar um málminn bismuth.

15.00 Þorsteinn Helgason opnar einkasýningu á nýjum málverkum í Galleríi Fold í dag. Þorsteinn hefur síðustu tvo áratugi unnið með abstrakt form, undir áhrifum af franska skólanum sem kom fram í París upp úr miðri síðustu öld. Áherslan er á flæðið, bæði í pensilskrift og myndbyggingu, með ágengum litasamsetningum og allt að því geómetrískum formum.

16.00 Myndlistarsýning Guðlaugs Bjarnasonar í Listhúsi Ófeigs opnuð í dag. Við sýningaropnun verður frumflutt tónverkið Íshljómar eftir Ingibjörgu Azimu fyrir fjórar básúnur og söng sem Magga Stína sér um.

17.00 Sýningin 700IS Hreindýralands opnar í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í dag.

Markaðir

13.00 Start-up markaður á Kaffistofunni á Hverfisgötu. Listamenn markaðarins þetta skiptið eru Borghildur Tumadóttir, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Fritz Hendrik IV, Gísli Hrafn Magnússon, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Guðrún Tara Sveinsdóttir og Harpa Finnsdóttir. Stendur fram á kvöld.

Dans

18.30 Götudanseinvígi í íþróttahúsi Seljaskóla. Keppendur mæta klukkan 15:00 en forkeppni hefst klukkan 16:00. Hinn heimsfrægi dansari Henry Link mun dæma í keppninni. 1.500 krónur inn.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is

Málþing með notendum Faxaflóahafna

Miðvikudaginn 29. október, kl. 16:00 í HÖRPU

Til þess að kynna það sem efst er á baugi hjá Faxaflóahöfnum sf. og fræðast um starfsemina á hafnarsvæðum fyrirtækisins boða Faxaflóahafnir sf. til málþings miðvikudaginn 29. október kl. 16:00 í Hörpu (salur: Ríma).

Dagskrá málþingsins á að snerta málefni sem flestra á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. og verður sem hér segir:

- Ávarp: Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.
- Gísli Gíslason, hafnarstjóri:
  - Rekstur og framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna sf. árið 2015.
- Bergþóra Bergsdóttir:
  - Skýrsla um atvinnulíf og þróun í Sundahöfn.
- Davíð Stefánsson:
  - Silicor - staða og framhaldsþróun verkefnisins.
- Einar Bárðarson:
  - Samspil ferðaþjónustu í borginni við þróun hafnsækinnar ferðaþjónustu í Reykjavík.
- Umræður og fyrirspurnir.

Fundurinn er opinn öllum, en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavini.

Gísli Gíslason,
hafnarstjóri

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

BÆJARBÍÓ Pétt dagskrá verður í Bæjarbíói í Hafnarfirði á hrekkjavökugleðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hrekkjavökugleði haldin í Hafnarfirði

Nornaleit, hryllingsmyndir og draugadiskó í boði.

Í tilefni hrekkjavökunnar ætla Hafnfirðingar að halda íslenska hrekkjavökugleði í miðbæ Hafnarfjarðar dagana 29. okt. til 2. nóvember. Menningar- og listafélag Hafnarfjarðar ásamt Miðbæjarsamtökunum, Firði verzlunarmiðstöð, Bókasafni Hafnarfjarðar, Hafnarborg, Leikfélagi Hafnarfjarðar, Pólska menningarsambandinu og Alþjóðaskólanum hafa tekið sig saman og ætla að halda hátíðina.

Gleðin byrjar í Bæjarbíó á miðvikudeginum með pólskri draugasögustund og íslenskri draugamynd um kvöldið. Á fimmtudagskvöld verða meðal annars hryllingsmyndir sýndar í Bæjarbíói og á föstudeginum verður meðal annars lesið upp úr draugasögum í Bókasafni Hafnarfjarðar. Á laugardeginum verður miðbærinn undirlagður af börnum og foreldrum í Nornaleit, sem er stafa- og vísbendingaleikur. Draugadiskó hefst kl. 16 og stendur til 19.00, auk þess sem hryllingsmyndir verða sýndar í Bæjarbíói frá morgni til kvölds. - fb

SUNNUDAGUR 26. OKTÓBER

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Tónleikar

19.30 Margvísleg kammertónlist verður spilað í Hörpunni í kvöld. 3.500 krónur inn.

21.00 Jazzdjamm á Hressingarskálanum í kvöld.

21.00 DEEP PEAK spila á Húrra í kvöld. DEEP PEAK er þríeining sem hefur bækistöðvar í Reykjavíkurútibúi Reglu Hins Öfuga Pýramída. Upphaf fjölskyldunnar má rekja til loka síðasta árs og eru meðlimirnir alfamenn, konur og kynleysingjar sem leika á strokhljóðfæri, hljóðbreyta, tilfinningar og samkennd.

17.00 Í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms Péturssonar verða 12 passíusálmalög eftir Michael Jón Clarke flutt af tónskáldinu og Eyþóri Inga Jónssyni organista í Hallgrímskirkju.

Tónlist

21.00 Trúbadorinn Danni spilar á English Pub í kvöld.

21.30 DJ Ívar Pétur úr FM Belfast spilar á Bravó í kvöld.

22.00 DJ Krystal Carma þeytir skífunum á Kaffibarnum í kvöld.

Leiðsögn

15.00 Í dag mun Hallgerður Hallgrímsdóttir leiða gesti Listasafns ASÍ um yfirstandandi sýningu sína Hvassast úti við sjóinn og segja frá tilurð verkanna sem þar eru til sýnis og þankaganginum sem þeim liggur að baki.

Myndlist

14.00 Í dag verður opnuð sýning á verkum Guðmars Guðjónssonar í Boganum í Gerðubergi. Verkin eru unnin með pastelkrít en krítin er sá miðill sem Guðmar heillaðist af strax í upphafi myndlistarferils síns.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is

ELÍSABET II Tístir á síðu breska konungsveldisins.

Bretadrottning tístir í fyrsta sinn

Elísabet II Bretadrottning hefur sent sitt fyrsta tíst af hinni opinberu Twitter-síðu breska konungsveldisins. „Það er sönn ánægja að opna sýninguna um upplýsingaöldina í dag í Vísindasafninu og ég vona að fólk njóti komunnar. Elísabet R," segir í tístinu en þannig kvittar drottningin undir opinber skjöl. R-ið stendur fyrir „regina" sem þýðir drottning á latínu. Ekki liggur þó fyrir hvort Elísabet hafi skrifað þetta með eigin hendi.

Drottningin varð fyrsti konunglegi þjóðhöfðinginn til að senda tölvupóst en það var á því herrans ári 1976. - þij

SKRILLEX Treður upp á Sónar-hátíðinni í Reykjavík á næsta ári.

Á spítalann eftir Skrillex-tónleika

Sextán tónleikagestir þurftu að fara á spítala vegna ofneyslu vímuefna eftir tónleika með Skrillex í Chicago en hann mun koma fram á Sónar-tónleikahátíðinni í Hörpunni á næsta ári.

Nokkrir þeirra voru undir lögaldri. Öryggisstjórinn á tónleikunum sagði í viðtali við NBC Chicago: „Ef foreldrar þeirra hefðu verið þarna hefðu þau farið heim með foreldrum sínum. Það er ekki sanngjarnt að láta tónleikahaldara sjá um krakka sem kunna ekki að hegða sér. Þeir eru ungir og oft og tíðum óábyrgir."

Meira en 10.000 manns voru gestir á tónleikum Skrillex. - þij

MEÐ FAGMENNSKU FRAM Í FINGURGÓMA

– Gæði í íslenskri ferðaþjónustu – 50 ár frá stofnun Ferðamálaráðs

FERÐAMÁLAÞING 2014 - HALDIÐ Í HÖRPU (SILFURBERG) MIÐVIKUDAGINN 29. OKTÓBER

Dagskrá:

12:45 **Afhending ráðstefnugagna**

13:00 **Setning** – *Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri*

13:15 **Ávarp** – *Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála*

13:30 **Quality - a key element to sustainable visitor economies** – *Lee McRonald, International Partnerships Manager VisitScotland*

14:00 **Quality - living up to the marketing promise, a partnership approach** – *Colin Houston FIH, Industry Manager (2020) VisitScotland*

14:30 **Þjónustumat, þörf eða þvaður?** – *Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands*

14:50 **Kaffi og kruðerí**

15:10 **Hver stjórnar mínu fyrirtæki?** – *Kristín Björnsdóttir, ráðgjafi - FOCAL*

15:20 **Mikilvægi gæða í örum vexti** – *Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri - Elding hvalaskoðun*

15:30 **Vakinn og sofinn** – *Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri - Geysir bílaleiga*

15:40 **Gæði og æði** – *Ingibjörg Ólafsdóttir, hótelstjóri - Radisson Blu Hótel Saga*

15:50 **Öryggi á eigin skinni** – *Jón Gauti Jónsson, fjallaleiðsögumaður - Fjallaskólinn*

16:00 **„If everyone is moving forward together, then success takes care of itself"** – *Robyn Mitchell , framkvæmdastjóri - Hybrid Hospitality*

16:10 **Góðir ferðamannastaðir** – *Björn Jóhannsson, umhverfisstjóri – Ferðamálastofa*

16:20 **Gæði í gegn** – *Helgi Jóhannesson, leiðsögumaður og lögmaður – LEX lögmannsstofa*

16:30 **Tökum höndum saman** – *Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri - SAF*

16:40 **Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálastofu**

17:00 **Þinglok**

Fundarstjóri – *Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Höfuðborgarstofu*

17:15 **Hanastél og húllumhæ, ferðamál í hálfa öld**
- Kjartan Lárusson, fyrrverandi formaður Ferðamálaráðs
- Erna Hauksdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri SAF
- Helga Braga Jónsdóttir, leikkona og flugfreyja

Skráning á www.ferdamalastofa.is

PÖRT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501

VAKINN Quality

LÍFIÐ

Trend á Twitter Tíst vikunnar

Tíst vikunnar voru mörg og fjölbreytt. Þessa vikuna veltu Íslendingar vöngum yfir hinum ýmsu málum svo sem tískubloggum og matarskorti.

Emmsjé Gauti
@emmsjegauti
Ég fór á Borgríki 2 í gær en þori ekki að tjá mig um hana því ég er að byrja í Mjölni í kvöld.

Margrét Erla Maack
@mokkilitli
Ég skrifaði vangaveltur um flippnálgun til vitundarvakningar. Ég er ánægð með hana. Ok.

Unnur Eggertsdóttir
@UnnurEggerts
Ég er alltaf að segja hluti eins og ‚Nei ég tímdi ekki að borða í dag' við random fjölskyldumeðlimi í von um að þau sendi mér pening. #hvað

Björn Bragi
@bjornbragi
Er skrýtið að ég byrji með tískublogg ef ég á ekki kærasta sem er atvinnumaður í fótbolta?

Future Islands frá Baltimore slógu í gegn í ár þegar þeir fluttu lagið Seasons (Waiting on You) í spjallþætti Davids Letterman, The Late Show, þó að sveitin hafi reyndar starfað í mörg ár. Danstaktar söngvarans Gerrits Welmer vöktu einnig mikla lukku. Tónlist Future Islands mætti lýsa sem skemmtilegri blöndu af „northern soul" og synþapoppi.

HVAÐ ER MEST SPENNANDI Á AIRWAVES?

Nú styttist í að tónlistarhátíðin Iceland Airwaves gangi í garð en hún hefst þarnæsta miðvikudag, 5. nóvember. Í tilefni af því tók Fréttablaðið saman tíu mest spennandi erlendu flytjendurna sem jafnframt eru rísandi stjörnur í tónlistarbransanum. Alls munu 219 flytjendur troða upp á Airwaves og verður því úr nægu að moða fyrir íslenska sem erlenda tónlistaráhugamenn á hátíðinni.

Betra er seint en aldrei í tilfelli söngkonunnar Kelela frá Los Angeles. Hún náði loksins að komast á kortið í fyrra með fyrstu plötunni sinni Cut 4 Me, þar sem hún syngur yfir fútúríska takta eftir einhverja fremstu taktsmiði heims, meðal annars Nguzunguzu sem koma einnig fram á hátíðinni. Lagið Bank Head með pródúsernum Kingdom var kallað besta lag ársins 2013 í tímaritinu Dazed & Confused.

Söngvarinn og gítarleikarinn Ruban Nielson frá Nýja-Sjálandi stofnaði sveitina Unknown Mortal Orchestra sem hefur slegið í gegn á undanförnum árum. Um er að ræða gæða sixtís sækadelíu í nútímalegum poppbúningi.

Son Lux gaf út fyrstu plötuna sína hjá plötuútgáfunni Anticon, sem er þekkt fyrir óvenjulegt og ljóðrænt rapp, en á undanförnum árum hefur hann gert efni sem á meira skylt við síðrokk og trip-hop heldur en rapp. Hann hefur einnig samið kvikmyndatónlist, til dæmis fyrir myndina Looper, og unnið með fjölmörgum stjörnum eins og Laurie Anderson, Sufjan Stevens og Busdriver.

Perfect Pussy er rokksveit frá New York en félagar hennar eru allir úr pönk-, harðkjarna- og hávaðasenunni. Söngkonan Meredith Graves syngur einlæga texta undir hnausþykkum hávaðavegg.

Jungle er sjö manna hópur frá London sem spilar nútímalega sálartónlist. Samnefnd plata þeirra, sem kom út hjá XL Recordings í ár, hefur hlotið góða dóma og er sveitin þekkt fyrir líflega tónleika.

How to Dress Well er listamannsnafn Bandaríkjamannsins Tom Krell. Tónlistin hans er einhvers konar „avant-garde" R&B sem er afar brothætt og jafnvel drungalegt á tíðum.

Jessy Lanza er frá Kanada og gefur út hjá plötufyrirtækinu Hyperdub sem er einn helsti framvörður nútímalegrar raftónlistar í dag. Plata hennar Pull My Hair Back sem kom út í fyrra er sneisafull af ljúfu elektrópoppi.

Jaakko Eino Kalevi er költfígúra í heimaborg sinni Helsinki þar sem hann vinnur sem sporvagnsstjóri ásamt því að gera tónlist. Hann er skemmtilega fjölhæfur tónlistarmaður en á plötunni hans Modern Life frá 2010 má greina marga mismunandi stíla, allt frá hressu partípoppi yfir í kaldara elektró.

Tvíeykið Nguzunguzu ásamt fyrrnefndri Kelelu, gefur út hjá plötufyrirtækinu Fade to Mind, sem gefur út framsýnustu klúbbatónlistina í dag. Tónlistin er furðuleg og framsækin – ryður veginn fyrir hljóm framtíðarinnar.

Forval vegna hugmyndasamkeppni um útlit Tryggvagötu 13 og næsta umhverfi

Lóðarhafi Tryggvagötu 13, eignarhaldsfélagið T13 ehf, efnir til forvals, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og Reykjavíkurborg.

Óskað er eftir áhugasömum einstaklingum/teymum til að taka þátt í forvali fyrir hugmyndasamkeppni.

Keppnin tekur til útlits Tryggvagtötu 13, borgartorgs og útfærslu á hluta Tryggvagötu.

Forvalslýsingu má nálgast á vef Arkitektafélags Íslands http://ai.is/ eftir kl. 12:00 mánudaginn 27. október nk.

Skila skal inn forvalsgögnum á rafrænu formi, í tölvupósti **fyrir kl. 16:00, þann 6. nóvember 2014** á netfangið ai@ai.is

NORTH ROCK

Kuldaúlpur
-til í sex litum
Verð: 15.000 kr

Kuldaúlpur

Útivistarbuxur

100% Merino-ull

Börn-dömur & herrar
Verð frá 3500-5500 kr

NÝ VARA
TILBOÐ ÞESSA DAGA

BÖRN & FULLORÐNIR
12000 kr - 13000 kr

Dömu & herra
9000 kr

Flísjakkar

Dömu & herra
6000 kr

GRI-sport
Leður & gritex
Gönguskór
12000 kr

Flíspeysa

Börn-dömur & herrar
Verð frá 4500-5500 kr

Ekki láta þér verða kalt í vetur - frábært í jólapakkann!

LAGER SALA

NORTH ROCK

Laugardagur 25.okt kl.12-17
Sunnudagur 26.okt kl.13-17

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI

50% afsláttur

549 kr. kg

Verð áður ~~1098~~ kr. kg

Grísa Spare Ribs

ÍSLENSKT

MAGN-PAKKNING

32% afsláttur

999 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísakótilettur, magnpakkning

ÍSLENSKT

35% afsláttur

949 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísahryggur

ÍSLENSKT

30% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg

Grísahryggur með pöru

ÍSLENSKT

25% afsláttur

599 kr. kg

Verð áður ~~799~~ kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

ÍSLENSKT

30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakki, úrbeinaðar sneiðar

ÍSLENSKT

36% afsláttur

299 kr. kg

Verð áður ~~469~~ kr. kg

Grísaskankar

ÍSLENSKT

26% afsláttur

1099 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísagúllas og grísasnitsel

ÍSLENSKT

29% afsláttur

599 kr. kg

Verð áður ~~849~~ kr. kg

Grísahakk

ÍSLENSKT

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum

LAMBA CULOTTE STEIK

Nýtt

Miðjarðarhafs kryddlögur

2498 kr. kg

ÍSLENSKT

Lamba culottesteik með hvítlauk & rósmarín, pipar & hvítlauk eða miðjarðarhafs kryddlegi

Lamba culotte að hætti Dana!

Hvað er Lamba culotte steik?

Mjaðmastykkið úr lambalæri: Úrbeinað og kryddað.

Eldunarleiðbeiningar

Medium steiking: Steikið í 160 °C heitum ofni í ca 20 mín. Fyrir gegnumsteikt í 160°C heitum ofni í ca 25 mín.

Takið kjötið úr ofninum og látið hvíla í 5-8 mín. áður en byrjað er að skera það. Best er að skera þvert á langhliðina á kjötinu.

Jóladagatal

Nýtt tilboð alla daga til jóla

50% afsláttur

AÐEINS Í DAG 25. OKTÓBER

HÁMARK 6 PAKKAR Á MANN á meðan birgðir endast!

2 kg

98 kr. pk.

~~Verð áður 195 kr. pk.~~

Allra hveiti, 2 kg

Fylgstu með nýjum tilboðum daglega á kronan.is og sparaðu stórt alla daga til jóla

FYRIR HREKKJAVÖKUNA

Skerðu út þitt eigið grasker!

15% afsláttur

239 kr. stk.

Smarties grasker, 28 g
Milkybar draugur, 24 g

339 kr. pk.

Nóa hrekkjavöku nammi, 200 g

499 kr. kg

~~Verð áður 589 kr. kg~~

Grasker, halloween

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Reynsluheimur karla

BAKÞANKAR
Hildar Sverrisdóttur

KARLKYNS leikskólakennarar eru á leið á karlaráðstefnu til að ræða það alvarlega vandamál hve fáir karlmenn eru leikskólakennarar. Spurning hvort sú karlaráðstefna verði gagnrýnd eins og karlaráðstefna utanríkisráðherra um jafnréttismál. Vonandi ekki, það á ekki að skipta máli hvaðan gott kemur. Karlaráðstefnur geta nefnilega alveg verið fín viðbót í jafnréttismálum, eins og til dæmis karlahópur Femínistafélagsins var á sínum tíma fín viðbót í baráttunni gegn kynferðisbrotum gagnvart konum.

FYRIR nokkrum árum var vinur minn eini karlmaðurinn í hópi starfsmanna á leikskóla, og var þess vegna sá eini sem mátti ekki aðstoða börnin á klósettinu án eftirlits. Hann sagði mér að þótt hann skildi rökin að baki, um að það væru karlmenn sem í flestum tilfellum beittu börn kynferðisofbeldi, fyndist honum erfitt að vera sífellt því marki brenndur. Hann hafði á orði að þetta væri heldur eflaust ekki til þess fallið að fjölga karlmönnum við umönnun barna.

PAÐ ER gott að heimurinn er orðinn meðvitaðri um hvers kyns ofbeldi gagnvart börnum og hvernig sé hægt að hindra það, en kostnaðurinn er að svona reglur eru settar. Smám saman fjölgar aðstæðunum þar sem karlmönnum líður eins og þeir séu stanslaust grunaðir um grænsku; afarnir fá athugasemdir þegar þeir mynda barnabörnin á leikvellinum og menn eru beðnir um að skipta um sæti við konur í flugvélum ef þeir fá sæti við hliðina á ókunnugum börnum.

ÖRYGGI ER mikilvægt en það verður alltaf að gæta jafnvægis á milli öryggis og frelsis. Við eigum að passa að áherslan á öryggi valdi því ekki að smám saman séum við gagnrýnislaust búin að skapa umhverfi sem gengur hættulega nærri frelsi og réttindum annarra; í þessu tilviki karlmanna. Þann vinkil málsins er mikilvægt að ræða áður en frelsisskerðing, sem er réttlætt með fordómum byggðum á einhverri tölfræði, er orðin partur af tilveru þeirra.

KANNSKI AÐ angi af þeirri umræðu væri kvennaráðstefna þar sem konur ræða sín á milli hvað þær geta gert til að sporna við slíku misrétti gagnvart körlum. Mér þætti það til dæmis bara mjög fagurt.

Einvala lið á styrktartónleikum

Ojba Rasta, KK, Prins Póló og Dikta spila á Gálgahraunstónleikum í næstu viku.

„Að fá allt þetta lið saman er „júník“,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens. „Allir sem ég hringdi í vildu endilega vera með.“

Einvala lið tónlistarmanna og hljómsveita kemur fram á styrktartónleikum hans í Háskólabíói á miðvikudaginn vegna nímenninganna sem mótmæltu í Gálgahrauni. Þeir sem stíga á svið eru Spaðar, Ojba Rasta, Amabadama, Pétur Ben, KK, Unnsteinn Manúel, Dikta, Jónas Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar, Hallveig Rúnarsdóttir og Prins Póló. Sjálfur mun Bubbi hugsanlega spila eitt lag.

Kynnir verður Ómar Ragnarsson og segir Bubbi að enginn annar hafi komið til greina enda mótmælti hann í Gálgahrauni á sínum tíma. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og miðaverð er 2.900 krónur.

Dómur var kveðinn upp yfir nímenningunum í Héraðsdómi Reykjaness fyrir tveimur vikum. Þeim var gert að greiða 100 þúsund krónur í sekt á mann, innan fjögurra vikna, ellegar fara í fangelsi í átta daga. „Peningasekt bítur miklu frekar en bara dómur. Hundrað þúsund krónur er mjög mikið fyrir hinn venjulega mann,“ segir Bubbi, sem hvetur fólk til að sýna stuðning sinn í verki.“

Nímenningarnir hafa sótt um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar vegna dómsins. Fari svo að þeir vinni málið rennur peningurinn sem safnast á tónleikunum til umhverfisverndar.

- fb

BUBBI MORTHENS Tónlistarmaðurinn stendur fyrir styrktartónleikum í Háskólabíói á miðvikudagskvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FÓTBOLTAFJÖR Í SMÁRALIND MEÐ GUNNARI HELGASYNI

Allir sem reyna að halda bolta á lofti fá gefins bolta á meðan birgðir endast

AÐALVINNINGUR LANDSLIÐSTREYJA OG EINTAK AF BÓKINNI

Upplestur, happdrætti og boltar

Laugardag klukkan 14 fyrir utan **Eymundsson í Smáralind.** Allir velkomnir.

SMÁRALIND

Penninn Eymundsson

SPORT HD HELGIN Á SPORTSTÖÐVUNUM

LAUGARDAGUR

11.00 Upphitun á laugardegi	Sport 2
11.45 West Ham - Man. City	Sport 2
14.00 Liverpool - Hull	Sport 2
14.00 Sunderland - Arsenal	Sport 3
14.00 Southampton - Stoke	Sport 4
14.00 WBA - Crystal Palace	Sport 5
14.15 R-N Löwen - Kiel	Sport
16.00 Real Madrid - Barcelona	Sport
16.00 Markasyrpa	Sport 2
16.30 Swansea - Leicester	Sport 2
18.00 McGladrey Classic	Golfstöðin
20.00 Cordoba - Real Sociedad	Sport
02.00 UFC 179: Aldo vs Mendes	Sport

SUNNUDAGUR

08.00 MotoGO í Malasíu	Sport
13.30 Tottenham - Newcastle	Sport 2
13.30 Burnley - Everton	Sport 3
16.00 Man.United - Chelsea	Sport 2
18.00 McGladrey Classic	Golfstöðin

MÁNUDAGUR

18.50 Blue Bay LPGA	Golfstöðin
19.15 Skallagrímur - Snæfell	Sport
20.00 QPR - Aston Villa	Sport 2
22.00 Messan	Sport 2

Topplið glíma

HANDBOLTI Topplið Gróttu og Fram mætast í dag í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi í stórleik Olís-deildar kvenna og hefst leikurinn klukkan 13.30. Bæði liðin hafa unnið fimm fyrstu leiki sína á tímabilinu. Aðrir leikir dagsins eru: 13.30 (ÍBV-Selfoss, ÍR-Valur) 14.00 (HK-Haukar, Stjarnan-FH). 15.00 (Fylkir - KA/Þór). Tveir leikir eru líka á dagskrá í Olís-deild karla: 15.30 (ÍR-Akureyri) og 17.00 (Haukar-ÍBV). - óój

FER Í HAFNARFJÖRÐINN Finnur Orri Margeirsson skiptir úr grænum búningi Breiðabliks yfir í svarthvítan hluta Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fer til FH sem miðjumaður

Finnur Orri Margeirsson er farinn af æskuslóðunum í Kópavogi en Blikinn fyrrverandi skrifaði í gær undir þriggja ára samning við FH í Hafnarfirði.

FÓTBOLTI Finnur Orri Margeirsson samdi í gær við FH til næstu þriggja ára en þessi öflugi miðjumaður yfirgefur þar með uppeldisfélag sitt, Breiðablik. Á endanum stóð valið á milli FH, KR og Breiðabliks en Finnur Orri, sem var samningslaus eftir tímabilið, segist sáttur við ákvörðun sína þó að hún hafi vissulega verið erfið. Hann lék sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir Breiðablik árið 2008, þá sautján ára gamall, og á alls 163 leiki að baki í deild og bikar fyrir félagið.

„Það var fyrst og fremst erfitt að fara frá Breiðabliki og gaf ég mér smá tíma í að taka þessa ákvörðun. Það var smá stormur hausnum á manni á meðan maður hugsaði málið en það er gott að vera búinn að taka þessa ákvörðun. Það er ákveðinn léttir," segir Finnur Orri sem segir spennandi tilhugsun að skipta yfir í FH.

Finnur Orri, sem er 23 ára, er miðjumaður og vill spila sem slíkur, þó svo að hann hafi oft gegnt hluti miðvarðar þegar þess gerðist þörf hjá Breiðabliki. „Ég geri sjálfur miklar kröfur til mín um að standa mig í þeirri stöðu og ég tel mig geta staðið undir því. Miðjan er mín staða og ræddi ég um það við FH-inga. Það er auðvitað mikil samkeppni um þá stöðu en ég hlakka til að takast á við það."

Kassim Doumbia var sem kunnugt er dæmdur í fjögurra leikja bann eftir að upp úr sauð eftir úrslitaleik FH og Stjörnunnar í lokaumferð Pepsi-deildar karla í haust en Finnur Orri segir að hann muni ekki leysa hann af. „Ég tel að FH sé með öfluga varnarmenn og efast ekki um að þeir komist í gegnum leikbann hjá Doumbia. Þeir hafa gert það áður."

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, segir sjálfur í samtali við Fréttablaðið að Finnur Orri sé kominn til FH sem miðjumaður. „Við teljum að hann sé betri miðjumaður en varnarmaður," segir Heimir sem segir að það sé mikill fengur að hafa fengið Finn Orra. „Hann býr yfir mikilli reynslu þrátt fyrir ungan aldur, bæði úr deildinni hér heima og Evrópukeppni. Þetta er góð lausn fyrir okkur, nú þegar Hólmar Örn [Rúnarsson] er farinn í Keflavík. Við væntum mikils af honum."

Finnur Orri útilokar þó ekki að fara í atvinnumennsku ef slíkt tækifæri kemur upp. „Ef eitthvað kemur upp verður það skoðað í samráði við FH."

eirikur@frettabladid.is

Finnur Orri nær ekki leikjameti Arnars

Finnur Orri Margeirsson hefur ákveðið að yfirgefa Breiðablik en eftir nýlokið tímabil í Pepsi-deildinni í fótbolta var hann aðeins þremur leikjum frá því að jafna félagsmet Blika yfir flesta leiki í efstu deild.

Leikjametið á einmitt Arnar Grétarsson, nýráðinn þjálfari Blika í Pepsi-deild karla. Arnar þarf reyndar að hafa „áhyggjur" af öðrum leikmanni því Olgeir Sigurgeirsson vantar bara tólf leiki til að jafna metið. - óój

Flestir úrvalsdeildarleikir fyrir Breiðablik

Arnar Grétarsson	143
Finnur Orri Margeirsson	140
Vignir Baldursson	133
Olgeir Sigurgeirsson	131
Kristján Jónsson	118

NÝ VERSLUN DVERGSHÖFÐA 2



BRUNAÐU Í HEIMSÓKN

VIÐ FLUTTUM BARA Í NÆSTA HÚS

Bílanaust

Gæði, reynsla og gott verð!

LIONEL MESSI


LUIS SUAREZ

NEYMAR

Verður Suárez bitlaus eftir bannið?

Fyrsti El Clásico-leikur vetrarins á milli Real Madrid og Barcelona fer fram á Santiago Bernabéu í Madríd á laugardaginn klukkan 16.00. Stóra sagan er endurkoma úrúgvæska framherjans Luis Suárez sem losnar úr fjögurra mánaða keppnisbanni skömmu fyrir leikinn.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

FÓTBOLTI Knattspyrnuleikir í Evrópu gerast ekki stærri en El Clásico. Þar mætast tvö af stærstu og bestu liðum heims; Real Madrid og Barcelona. Fyrsta viðureign þessara fornu erkifjenda fer fram á laugardaginn klukkan 16.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. „Þetta er bara knattspyrnuveisla. Þetta er það geggjaðasta sem sést í fótboltanum á hverju tímabili," segir Guðmundur Benediktsson, knattspyrnulýsandi á Stöð 2 Sport, um leikinn við Fréttablaðið, en Gummi Ben mun að sjálfsögðu lýsa þessum stórleik.

Sálfræðistríðið hefur verið í fullum gangi fyrir leikinn; Börsungar þar duglegri að láta gamminn geisa en óvinir þeirra úr höfuðborginni. Fréttum fyrir leikinn fækkaði reyndar alveg um 30 prósent eða svo þegar José Mourinho lét af störfum sem þjálfari Real. Honum leiddist aldrei að skjóta á Börsunga, reyndar leiðist honum bara ekkert að tala yfirhöfuð.

Forseti brasilíska félagsins Santos lét heyra í sér í vikunni og sagði að Neymar hefði kosið sjálfur að spila fyrir Barcelona frekar en Real Madrid. Hjálp í sálfræðihernaðinum úr óvæntri átt en vel þegin.

Suárez, Suárez, Suárez

Allt í kringum El Clásico að þessu sinni snýr að úrúgvæska framherjanum Luis Suárez sem Barcelona keypti fyrir fúlgur fjár frá Liverpool í sumar. Það vissi að þar væri á ferð strákur sem á við erfiðleika að stríða, en það bjóst nú væntanlega við að hann væri búinn að spila leik fyrir félagið áður en hann gerði endanlega allt vitlaust í knattspyrnuheiminum.

Þeir sem eru með módem heima hjá sér og hafa internet-aðgang eða lesa dagblöð vita vel að Luis Suárez hefur verið í löngu keppnisbanni eftir að smakka ítalskt á HM í Brasilíu í sumar.

Luis Enrique, þjálfari Barcelona, er búinn að gefa það út að Suárez muni koma við sögu í leiknum. Ekki vænkast hagur mótherja Barcelona þegar Messi, Neymar og Suárez verða komnir á fullt, en það er einmitt spurningin. Hversu mikið getur Luis Suárez gefið af sér í leiknum?

Það er ekkert grín að spila alvöru fótboltaleik eftir fjögurra mánaða frí og hvað þá einn stærsta leik ársins. Munurinn er vissulega sá að hann er ekki að koma úr meiðslum og þurfti enga endurhæfinu; Suárez hefur verið að æfa og spila æfingaleiki allan tímann.

Deilt hefur verið um í hversu góðu formi Suárez er, en hann var úthrópaður silakeppur af spænskum fjölmiðlum þegar hann spilaði fyrsta æfingaleikinn.

„Suárez er ekki í yfirvigt. Alls ekki. Þetta eru bara þið, fjölmiðlarnir. Hann er í eðlilegri þyngd eins og hjá Liverpool," sagði Enrique, sem var ekki skemmt.

Auðveldari vika hjá Barca

Bæði Barcelona og Real Madrid spiluðu í Meistaradeildinni í vikunni, og hefur Cristiano Ronaldo látið óánægju sína í ljós með að El Clásico-fari fram á laugardegi þegar Real spilaði á miðvikudegi.

Vikan var nefnilega öllu auðveldari fyrir Barcelona sem mætti Ajax á þriðjudaginn og það á heimavelli. Luis Enrique vildi ekki viðurkenna að hann væri að hvíla menn fyrir El Clásico, en samt voru Jérémy Mathieu, Sergio Busquets og Gerard Pique hvíldir. Þá tók Enrique Messi, Neymar og Iniesta út af við fyrsta tækifæri.

Real Madrid þurfti að spila stórleik í sínum riðli gegn Liverpool á Englandi. Það vann auðveldan sigur, en fékk degi minna í hvíld, þurfti að fljúga aftur heim og spila á sínu besta liði.

Múrað fyrir – skora mikið

Bæði Barcelona og Real Madrid hafa verið þekkt fyrir öflugan sóknarleik undanfarin ár og það hefur ekki breyst. Luis Enrique hefur aftur á móti látið sína menn í Barcelona prófa nýjan hlut; að fá ekki á sig mark. Þegar átta umferðum er lokið í deildinni er Barcelona búið að vinna sjö leiki, gera eitt jafntefli, skora 22 mörk og fá ekki á sig eitt einasta.

Þar munar mikið um komu franska varnarmannsins Jérémy Mathieu frá Valencia; miðvörður af gamla skólanum sem gerir þetta einfalt. Engar krúsídúllur; bara stendur sína vakt og sparkar boltanum burt ef það eru vandræði. Hann og Javier Mascherano mynda öflugt miðvarðapar.

Real Madrid hefur aðeins fengið á sig rétt rúmt mark í leik að meðaltali, en skorar eins og enginn sé morgundagurinn. Þrjátíu mörk komin í átta leikjum og er annað hægt með svona stormsveit fyrir framan miðlínuna? Ronaldo skorar í hverjum leik og hinn gríðarlega vanmetni Karim Benzema blómstrar með aðstoð Toni Kroos og James Rodríguez.

MARKAVÉL Cristiano Ronaldo skorar að vild. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Barca vinnur með Suárez

„Ég myndi láta Luis Suárez byrja leikinn," segir Guðmundur Benediktsson, beðinn um að spá í spilin fyrir þennan stórleik.

„Ég myndi vera með Messi í holunni, Suárez frammi með Neymar vinstra megin og Ivan Rakitic hægra megin. Busquets og Iniesta á miðjunni, Xavi er búinn," segir Guðmundur sem vill sjá Real-liðið óbreytt fyrir utan að Frakkinn ungi Rafael Varanë þarf að víkja fyrir Sergio Ramos í vörninni.

Guðmundur telur Barcelona sigurstranglegra þrátt fyrir að vera á útivelli. Það hefur reyndar unnið níu af síðustu sautján leikjum á Bernabéu og þekkir því vel að vinna í Madríd. Möguleikar Barcelona liggja þó í því að spila Suárez sem mest.

„Barcelona vinnur með Suárez í byrjunarliðinu. Ég held að pressan fremst á vellinum verði bara of góð með hann þarna því hann getur hlaupið endalaust. Þarna er Barcelona líka komið með mann sem getur leitt línuna. Hann býr til pláss fyrir Messi sem hefur verið í erfiðleikum með að finna það undanfarið. Varnarmennirnir geta bara hópað sig í kringum hann," segir Guðmundur, en Real-liðið segir hann sterkara á miðjunni.

„Eftir komu Toni Kroos er Real með sterkari miðju. Hann er alveg frábær, en hann og Modric spila mjög vel saman með Isco og James eiginlega á köntunum í 4-4-2 eins og á Anfield. Þar fékk Ronaldo bara að leika lausum hala. Það hentar honum líka ágætlega," segir Guðmundur Benediktsson.

SPÆNSKU RISARNIR KLÁRIR Í EL CLÁSICO

Real Madrid – Barcelona
Santiago Bernabéu, Madríd

Leikir liðanna (allar keppnir)

Síðustu leikir í spænsku deildinni

2013	Barcelona	2-1	Real
2014	Real	3-4	Barcelona

Tölfræðin á þessu tímabili

Real Madrid		Barcelona
30	Skoruð mörk	22
9	Mörk fengin á sig	0
147	Skot	137
5147	Sendingar	5904
12	Gul spjöld	12

Real Madrid	Barcelona
Þjálfari Carlo Ancelotti	**Þjálfari** Luis Enrique
Fyrirliði Iker Casillas	**Fyrirliði** Xavi Hernandez
Markhæstur í deildinni Cristiano Ronaldo, 15	**Markahæstur í deildinni** Neymar, 8
La Liga 2014/15 S6 J0 T2	**La Liga 2014/15** S7 J1 T0

Lykilleikmenn



- **Cristiano Ronaldo**: Getur ekki hætt að skora
- **James Rodriguez**: Tvö mörk og þrjár stoðsendingar á fyrsta tímabili
- **Toni Kroos**: Lykilmaður á miðjunni sem kom frá Bayern
- **Lionel Messi**: Tveimur mörkum frá því að bæta markametið í deildinni
- **Neymar**: Hefur staðið sig vel í ár og tengir betur við Messi
- **Luis Suarez**: Snýr aftur úr fjögurra mánaða leikbanni eftir HM-bitið

Myndir: Getty Images © GRAPHIC NEWS

Pjálfari Barcelona hataður í Madríd

Luis Enrique, þjálfari Barcelona, snýr aftur á Santiago Bernabéu í fyrsta sinn sem þjálfari á laugardaginn þegar El Clásico fer fram. Enrique hóf leikmannsferil sinn með Sporting Gíjon, en gekk í raðir Real Madrid árið 1991. Hann spilaði 213 leiki fyrir Madrídarliðið á fimm árum.

Enrique hóf ferilinn sem framherji, en var mikið notaður sem bakvörður hjá Real. Undir lokin var hann lítið notaður og vildi losna frá liðinu. Hann fór 1996 og gerði það sem ekki má eftir að spila með Real; semja við Barcelona.

Enrique skapaði usla strax á fyrsta blaðamannafundi sem Börsungur þegar hann sagði: „Mér líkaði aldrei við að sjá sjálfan mig í búningi Real. Mér líður mun betur í litum Barcelona." Eftir það varð ekki aftur snúið. Enrique er hataður af stuðningsmönnum Real Madrid, og ekki hjálpaði til að hann fagnaði mörkunum fimm sem hann skoraði á móti Real með Barcelona af þvílíkum krafti að annað eins hefur varla sést. „Ég á engar góðar minningar frá tíma mínum hjá Real Madrid," sagði Luis Enrique einu sinni. Honum verður ekki vel tekið á Bernabéu.

ÞURRKUBLÖÐ
Í allar gerðir bíla og vörubíla.

BOSCH
Invented for life

15% afsláttur

STP
HREINSIEFNI

15% afsláttur

TJÖRU-HREINSIR
1 lítri.

15% afsláttur

DEKKJA-HREINSIR
1 lítri.

15% afsláttur

RÚÐUSÁPA
25 ml.

30% afsláttur

NÝ & GLÆSILEG VERSLUN, DVERGSHÖFÐA 2

SKRANSANDI GÓÐ OPNUNARTILBOÐ

Rúðusköfur með bursta

15% afsláttur

GLERFILMA
ClearVue glerfilma, 300 ml, hrindir frá sér vatni.

350 kr.

20% afsláttur

GLERFILMA
Rain-X glerfilma, 200 ml, hrindir frá sér vatni.

CARGO

ÞURRKUBLÖÐ
Í allar gerðir bíla og vörubíla.

30% afsláttur

RÚÐUVÖKVI
Bílanaust rúðuvökvi, 2,5 l , -12°.

Gott verð!
350 kr.

REYKJAVÍK, Dvergshöfði 2, **KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata, **HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmói 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7, **AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngási 13

www.bilanaust.is | **Sími: 535 9000**

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Fyrir sumarhús, hótel & heimili

Institut Bauen und Umwelt e.V.

KRONOTEX er einn stærsti framleiðandinn í Evrópu á harðparketi og framleiðir yfir 60 milljón fermetra á ári. Kronotex harðparketið er með 25-30 ára ábyrgð, örugg þýsk gæði.

Birgisson ehf. býður 30 tegundir af planka harðparketi af lager, 8, 10 og 12 mm þykkt. Einnig getum við sérpantað yfir 100 aðrar tegundir frá Kronotex. Planka harðparketið frá Kronotex hefur reynst vel við íslenskar aðstæður, um það vitnar fjöldi ánægðra viðskiptavina.

Verið velkomin í sýningarsal okkar í Ármúla 8.

D-3125 Avance eik rustik
Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt.
25 ára ábyrgð.
Borða stærð 1380x193 mm með V-nót.
Verð:1.790 kr. m²

R-1002 Loft eik ljós
Gæðaflookur AC5
10 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380 x 193mm með V-nót.
Verð: 3.331 kr. m²

R-1003 Loft eik grá
Gæðaflokkur AC5
10mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.
Verð: 3.331 kr. m²

D-3081 Everest eik ljós
Gæðaflokkur AC5
12 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1845x188 mm með V-nót.
Verð: 4.943 kr. m²

R-1005 Loft eik natur
Gæðaflokkur AC5
10 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.
Verð: 3.331 kr. m²

R-1006 Loft eik rustik
Gæðaflokkur AC5
10 mm þykkt.
30 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x193 mm með V-nót.
Verð: 3.331 kr. m²

D-3570 Exquisit Harbour eik
Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt.
25 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x244 mm með V-nót.
Verð: 2.890 kr. m²

D-3572 Exquisit Habour eik grá
Gæðaflokkur AC5
8 mm þykkt.
25 ára ábyrgð.
Borða stærð: 1380x244 mm með V-nót.
Verð: 2.890 kr. m²

kronotex

Sértilboð á undirlagi

Athugið, allt harðparket frá KRONOTEX er afrafmagnað.

Hjartalag


kronotex
FLOORS FOR LIVING
HÖRKU
TILBOÐ
Á HÖRKU
PLANKA
HARÐPARKETI
VERÐ FRÁ
1.790 KR.m²
Birgisson
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR

Stöð 2 kl. 20.10

Neyðarlínan

Önnur þáttaröðin með dagskrárgerðarkonunni Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur sem fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna á ögurstundu.

Í KVÖLD

Sjálfstætt fólk

STÖÐ 2 KL. 19.35 Vandaður íslenskur þáttur í umsjá Jóns Ársæls en hann heldur áfram að taka hús á áhugaverðum Íslendingum sem hafa sögur að segja.

Rizzoli and Isles

STÖÐ 2 KL. 20.45 Fjórða þáttaröðin um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman.

El Clásico

SPORT KL. 14.45 Real Madrid - Barcelona, útsending frá leik stórveldanna tveggja í spænsku úrvalsdeildinni, Real Madrid og Barcelona, sem jafnan er kallaður El Clásico.

Bylgjan kl. 10

Sprengisandur

Að venju er Sprengisandur á dagskrá Bylgjunnar. Gestir Sigurjóns að þessu sinni eru á meðal annarra Illugi Gunnarsson og Guðbjartur Hannesson.

Stjórarnir mætast á sunnudag!

Louis Van Gaal og lærisveinar í Manchester United mæta Jose Mourinho og feykisterku liði Chelsea í sannkölluðum stórleik á sunnudag. Hver verður hetjan á Old Trafford?

Ekki missa af þessum stórleik!

SPORT 2 kl. 15:45

MAN. UTD. – CHELSEA

Fáðu þér áskrift! 365.IS

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Elías
08.25 Latibær
08.35 Tommi og Jenni
08.55 Grallararnir
09.15 Ben 10
09.40 Lukku láki
10.05 Kalli kanína og félagar
10.15 Villingarnir
10.40 Scooby-Doo! Mystery Inc.
11.00 Ozzy & Drix
11.20 iCarly
11.45 Töfrahetjurnar
12.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Stelpurnar
14.10 Meistaramánuður
14.45 The Big Bang Theory
15.10 Heilsugengið
15.35 Louis Theroux
16.40 60 mínútur
17.30 Eyjan
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Ástríður
19.35 Sjálfstætt fólk
20.10 Neyðarlínan
20.40 Rizzoli and Isles
21.25 Homeland
22.15 Shamelsess
23.10 60 mínútur
23.55 Eyjan
00.45 Brestir
01.20 Daily Show. Global Edition
01.45 Outlander
02.45 Legends
03.30 Boardwalk Empire
04.25 Pariah

SPORT *besta sætið*

08.00 Moto GP - Malasía BEINT
09.00 Roma - Bayern Munchen
10.40 Cordoba - Real
12.20 Anderlecht - Arsenal
14.00 Meistarad. - Meistaramörk
14.45 Real Madrid - Barcelona
16.25 Moto GP - Malasía
17.25 Tottenham - Asteras Tripolis
19.05 Rhein-Neckar Löwen - Kiel
20.25 Liverpool - Real Madrid
22.05 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
22.35 UFC 179. Aldo vs Mendes

SPORT 2 *enski boltinn*

10.00 WBA - Crystal Palace
11.40 West Ham - Man. City
13.20 Tottenham - Newcastle BEINT
15.45 Man. Utd. - Chelsea BEINT
17.55 Burnley - Everton
19.35 Tottenham - Newcastle
21.15 Swansea - Leicester
22.55 Man. Utd. - Chelsea

INN

14.00 Frumkvöðlar 14.30 Panorama 15.00 Fyrirtækjaheimsókir 15.30 Stormað 16.00 Hrafnaþing 17.00 433 17.30 Gönguferðir 18.00 Björn Bjarnason 18.30 Tölvur og tækni 19.00 ABC barnahjálp 19.30 Frá Haga í maga 20.00 Hrafnaþing á Vestfjörðum 21.00 Auðlindakistan 21.30 Suðurnesjamagasýn 22.00 Hrafnaþing 23.00 Kling Klang 23.30 Eldhús meistaranna

STÖÐ 3

05.15 Ground Floor
06.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó
16.05 The Carrie Diaries
16.50 World Strictest Parents
17.50 Friends With Benefits
18.15 Guys With Kids
18.35 Last Man Standing
19.00 Man vs. Wild
19.45 Bob's Burgers
20.10 American Dad
20.35 The Cleveland Show
20.55 Eastbound and Down 4
21.25 The League
21.50 Almost Human
22.35 Mind Games
23.15 Graceland
00.00 The Vampire Diaries
00.40 Man vs. Wild
01.25 Bob's Burgers
01.50 American Dad
02.10 The Cleveland Show
02.35 Eastbound and Down 4
03.00 The League
03.25 Almost Human
04.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Ævintýri Tinna 07.25 Latibær 07.47 Hvellur keppnisbíll 08.00 Dóra könnuður 08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 08.45 Doddi litli og Eyrnastór 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveinsson 09.45 Elías 09.55 UKI 10.00 Brunabílarnir 10.22 Lína langsokkur 10.43 Ævintýraferðin 10.56 Tommi og Jenni 11.00 Ævintýri Tinna 11.25 Latibær 11.47 Hvellur keppnisbíll 12.00 Dóra könnuður 12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 12.45 Doddi litli 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveinsson 13.45 Elías13.55 UKI 14.00 Brunabílarnir 14.22 Lína langsokkur 14.43 Ævintýraferðin 14.56 Tommi og Jenni 15.00 Ævintýri Tinna 15.25 Latibær 15.47 Hvellur keppnisbíll 16.00 Dóra könnuður 16.24 Mörgæsirnar 16.45 Doddi litli 16.55 Rasmus Klumpur 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveinsson 17.45 Elías 17.55 UKI 18.00 Brunabílarnir 18.22 Lína langsokkur 18.43 Ævintýraferðin 18.56 Tommi og Jenni 19.00 Fuglaborgin 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

17.25 Strákarnir
17.50 Friends
18.10 Little Britain
18.40 Modern Family
19.05 Two and a Half Men
19.25 Viltu vinna milljón?
20.15 Suits
21.00 The Mentalist
21.40 The Tunnel
22.30 Sisters
23.15 The Tunnel
00.05 Viltu vinna milljón?
00.55 Suits
01.40 The Mentalist
02.20 Hunted
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

10.45 To Rome with Love
12.35 Silver Linings Playbook
14.35 Playing for Keeps
16.20 To Rome with Love
18.10 Silver Linings Playbook
20.15 Playing for Keeps
22.00 The Lucky One
23.40 Skyline
01.15 Me, Myself and Irene
03.10 The Lucky One

RÚV

07.00 Morgunstundin okkar
10.00 Chaplin
10.06 Undraveröld Gúnda
10.20 Fisk í dag
10.30 Óskalög þjóðarinnar
11.25 Hraðfréttir
11.50 Nautnir norðursins
12.20 Djöflaeyjan
12.50 Villta Arabía
13.40 Íslendingar
14.30 Gítarveisla Bjössa Thors
15.40 John Grant
16.30 Eldað með Niklas Ekstedt
17.00 Vísindahorn Ævars
17.10 Táknmálsfréttir
17.20 Stella og Steinn
17.32 Sebbi
17.44 Ævintýri Berta og Árna
17.49 Hrúturinn Hreinn
17.56 Skrípin
18.00 Stundin okkar
18.25 Basl er búskapur
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.35 Veðurfréttir
19.40 Landinn
20.10 Óskalögin 1954 - 1963
20.15 Vesturfarar
21.05 Downton Abbey
21.55 Ryð og bein
23.55 Afturgöngurnar
00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.25 The Talk
12.05 The Talk
12.45 Dr. Phil
13.25 Dr. Phil
14.05 Survivor
14.50 Kitchen Nightmares
15.35 Growing Up Fisher
16.00 The Royal Family
16.25 Welcome to Sweden
16.50 Parenthood
17.35 Remedy
18.20 Reckless
19.05 Minute to Win It Ísland
20.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
20.30 Red Band Society
21.15 Law & Order. SVU
22.00 Fargo
22.50 Hannibal
23.35 Ray Donovan
00.25 Scandal
01.10 The Tonight Show
01.55 Fargo
02.45 Hannibal
03.30 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014
11.00 Golfing World 2014
11.50 PGA Tour 2014 - Highlights
12.45 PGA Tour 2014
17.35 Inside The PGA Tour 2014
18.00 PGA Tour 2014
21.00 Golfing World 2014
21.50 Champions Tour 2014
22.45 European Tour 2014
23.30 PGA Tour Latinoamerica

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

SKOÐAÐU NÝJA VÖRULISTANN Á HABITAT.IS

20%
AFMÆLISAFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ HABITAT

POP-UP KAFFIHÚS FRÁ KAFFITÁRI KL. 13-17

FRÍIR KAFFIDRYKKIR OG KRUÐERÍ

30%
AF BAÐVÖRUM FRÁ HABITAT

AÐEINS ÞESSA HELGI!

KYNNING Á SÆLKERAVÖRUM FRÁ NICHOLAS VAHÉ

NÝTT! PARNASSE TESTELLIÐ

HANNAÐ AF SIR TERENCE CONRAN, STOFNANDA HABITAT, Í TILEFNI AF 50 ÁRA AFMÆLINU

NÝTT! THIERRY MARX ELDHÚSLÍNAN

HÖNNUÐ Í TILEFNI AF 50 ÁRA AFMÆLINU



habitat

FRAMÚRSKARANDI Í FIMMTÍU ÁR

SÍÐAN 1964

HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18
og sunnudaga kl. 13 -18

DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

Brad Pitt

„Ég er einn af þeim sem aðrir hata vegna góðra gena. Það er bara sannleikurinn.“

Leikarinn Brad Pitt leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Moneyball, sem sýnd verður á Stöð 2 í kvöld klukkan 23.50.

ÆTLAR AÐ HORFA Á ALLAR SIMPSON-SERÍURNAR Í ELLINNI

ÁRNI HELGASON, LÖGFRÆÐINGUR

Ég reyni að stunda heiðarlegt sjónvarpsáhorf upp á gamla mátann í þeim skilningi að ég horfi á sjónvarpsstöðvar, helst íslenskar eins og ÍNN og N4 en er ekki með Apple TV eða Netflix. Þessar alíslensku stöðvar eru nauðsynlegt mótvægi við alla lífsstílsþættina um fólkið sem býr í katalóg-íbúðum og er einhvern veginn að gera allt rétt.

1 Breaking Bad Það er erfitt að útskýra þættina öðru vísi en að þeir eru hrikalega góðir og maður festist í því að fylgjast með efnafræðikennara sem fær krabbamein og fer út í framleiðslu á methamfetamíni.

2 30 Rock eru líka ótrúlega góðir, óendanlega fyndnir þættir. Alec Baldwin fer á kostum og þeir sem hafa ekki séð þessa þætti og eru að leita að góðu sjónvarpsefni ættu að skoða þá, ég mæli svo sannarlega með þeim.

3 Simpsons Einhvers konar grínsápuópera minnar kynslóðar. Maður sá fyrsta þáttinn 9 ára og það er enn verið að framleiða þá. Mitt fyrsta verk þegar ég sest í helgan stein verður að horfa á allar seríurnar.

FM 957

Íslenski listinn

Ósk Gunnarsdóttir stýrir Íslenska listanum, en þar eru kynnt lög líkleg til vinsælda, lög sem voru á toppnum fyrir 10 árum og fleira skemmtilegt.

SIGRÍÐUR THORLACIUS

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL

FRIÐRIK ÓMAR

MAGNI ÁSGEIRSSON

SIGGA BEINTEINS

RUMOURS

TIL HEIÐURS

FLEETWOOD MAC

MEISTARAVERKIÐ RUMOURS Í HEILD SINNI OG ÖLL BESTU LÖGIN AÐ AUKI

DON'T STOP · DREAMS · GO YOUR OWN WAY · SONGBIRD · SECOND HAND NEWS · LITTLE LIES · ALBATROSS
BLACK MAGIC WOMAN · EVERYWHERE · SEVEN WONDERS · GYPSY · BIG LOVE · TUSK · RHIANNON OG FLEIRI

ELDBORG FÖSTUDAGINN
31. OKTÓBER

EINAR SCHEVING TRÖMMUR OG SLAGVERK EIÐUR ARNARSSON BASSI
SIGURÐUR FLOSASON SAXÓFÓNN OG SLAGVERK KJARTAN VALDEMARSSON HLJÓMBORÐ
ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON GÍTAR UNNUR BIRNA BJÖRNSDÓTTIR HLJÓMBORÐ OG SÖNGUR

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG HARPA.IS
OG Í MIÐASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050

EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI

STÖÐ 2

07.00 Barnaefni Stöðvar 2
07.01 Villingarnir
07.21 Strumparnir
07.45 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Algjör Sveppi
08.05 Ávaxtakarfan - þættir
08.20 Svampur Sveinsson
08.45 Skógardýrið Húgó
09.10 Kai Lan
09.35 Skoppa og Skrítla
09.45 Lína langsokkur
10.10 Kalli kanína og félagar
10.15 Kalli kanína og félagar
10.25 Tommi og Jenni
10.50 Kalli kanína og félagar
11.10 Batman. The Brave and the bold
11.35 Big Time Rush
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Neyðarlínan
14.10 Logi
15.00 Sjálfstætt fólk
15.45 Heimsókn
16.10 Gulli byggir
16.40 ET Weekend
17.25 Íslenski listinn
17.55 Sjáðu
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Mið-Ísland
19.35 Lottó
19.40 The Big Bang Theory
20.00 Stelpurnar
20.25 Enough Said
22.00 G.I.Joe Retaliation
23.50 Moneyball
02.00 Nowhere Boy
03.35 Van Wilder. Freshman Year
05.00 Fever Pitch

SPORT *besta sætið*

08.40 Lille - Everton
10.20 La Liga Report
10.50 Barcelona - Ajax
12.30 Chelsea - Maribor
14.10 Rhein-Neckar Löwen - Kiel
15.45 Real Madrid - Barcelona
18.00 CSKA Moscow - Man. City
19.50 Cordoba - Real Sociedad
21.55 Meistaradeildin - Meistaramörk
22.45 UFC Now 2014
23.35 Real Madrid - Barcelona
01.15 UFC Countdown
02.00 UFC 179. Aldo vs Mendes

SPORT 2 *enski boltinn*

07.35 Match Pack
08.05 Fulham - Charlton
09.45 Messan
10.30 Enska úrvalsdeildin
11.00 Upphitun á laugardegi
11.35 West Ham - Man. City
13.45 Liverpool - Hull
16.00 Markasyrpa
16.20 Swansea - Leicester
18.30 Sunderland - Arsenal
20.10 Southampton - Stoke
21.50 WBA - Crystal Palace
23.30 Liverpool - Hull

INN

17.00 Kling Klang **17.30** Eldhús meistaranna **18.00** Hrafnaþing **19.00** Kling Klang **19.30** Eldhús meistaranna **20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur og tækni **23.00** ABC barnahjálp **23.30** Frá Haga í maga **00.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum

STÖÐ 3

15.55 Welcome To the Family
16.15 Baby Daddy
16.40 Wipeout
17.25 One Born Every Minute US
18.10 American Dad
18.35 The Cleveland Show
19.00 X-factor UK
20.50 X-factor UK
21.40 Raising Hope
22.05 Ground Floor
23.10 Revolution
23.55 Strike back
00.40 Eastbound and Down 4
01.10 The League
01.30 Almost Human
02.15 X-factor UK
04.05 X-factor UK
04.50 Raising Hope

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Lína langsokkur **08.43** Ævintýraferðin **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías**11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Lína langsokkur **12.43** Ævintýraferðin **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór**14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Elías**15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Lína langsokkur **16.43** Ævintýraferðin **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Epic **20.40** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

18.10 Strákarnir
18.35 Friends
18.55 Little Britain
19.25 Modern Family
19.50 Two and a Half Men
20.15 Without a Trace
21.00 The Mentalist
21.40 Life's Too Short
22.10 Fringe
22.55 Suits
23.35 The Tunnel
00.25 Without a Trace
01.10 The Mentalist
01.50 Life's Too Short
02.20 Fringe
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

08.10 The Oranges
09.40 Henry's Crime
11.25 The Internship
13.25 The Vow
15.05 The Oranges
16.35 Henry's Crime
18.20 The Internship
20.20 The Vow
22.00 Movie 43
23.35 Alex Cross
01.15 12 Rounds 2.
02.50 Movie 43

RÚV

07.00 Morgunstundin okkar
07.01 Smælki
07.04 Kalli og Lóla
07.15 Tillý og vinir
07.26 Kioka
07.33 Pósturinn Páll
07.48 Ólivía
07.59 Músahús Mikka
08.21 Hvolpasveitin
08.44 Úmísúmí
09.08 Kosmó
09.21 Loppulúði, hvar ertu?
09.34 Kafteinn Karl
09.47 Hrúturinn Hreinn
09.54 Drekar: Knapar Birkieyjar
10.20 Fum og fát
10.25 Útsvar
11.25 Landinn
11.55 Vesturfarar
12.30 Viðtalið
12.55 Kiljan
13.35 Kjarnakonur í Bandaríkjunum – Upphafið
14.30 Frímann flugkappi
15.10 Alheimurinn
15.55 Fjársjóður framtíðar II
16.25 Ástin grípur unglinginn
17.10 Táknmálsfréttir
17.20 Violetta
18.05 Vasaljós
18.30 Hraðfréttir
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.35 Veðurfréttir
19.40 Óskalög þjóðarinnar
20.40 Dansbylting
22.20 Valkyrja
00.20 Endeavour – Morse hinn ungi
01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.30 The Talk
12.10 The Talk
12.50 The Talk
13.30 Dr. Phil
14.10 Dr. Phil
14.50 Dr. Phil
15.30 Red Band Society
16.15 The Voice
17.45 The Voice
18.30 Extant ns.
19.15 The Biggest Loser
20.00 Eureka
20.45 NYC 22
21.30 The Mob Doctor
22.15 Vegas
23.00 Dexter
23.50 Unforgettable
00.35 Flashpoint
01.20 The Tonight Show
02.05 The Tonight Show
02.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014
11.00 Golfing World 2014
11.50 Champions Tour 2014
12.45 Inside The PGA Tour 2014
13.10 Golfing World 2014
14.00 LPGA Tour 2014 e5
15.35 2012 Ryder Cup Official Film
16.50 PGA Tour Latinoamerica
17.15 European Tour 2014
18.00 PGA Tour 2014
21.00 Golfing World 2014
21.50 PGA Tour 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

ego dekor

NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM

MILANO leðursófasett
3ja sæta - Verð: 199.900,-
Stóll – Verð: 99.900,-

MODESTO leðurhornsófi
Stærð: 300X210cm
Verð: 398.000,-

PISA tungusófi
Stærð: 249x157cm
Verð: 177.000,-

AVALON tungusófi
Stærð: 318X165cm
Verð: 255.000,-

DAKOTA leðurtungusófi
Stærð: 277X168cm
Verð: 338.000,-

ERIC sjónvarpsskenkur
Breidd: 210cm
Verð: 149.900,-

ADRIANA -
stækkanlegt hnotuborð
Stærð: 180(240)x100
Verð: 158.000,-

MORRIS stóll
Verð: 19.900,-

CHESTER stóll
Verð: 19.900,-

-20%
Verð áður: 16.900,-

ARLO stóll
Tilboðsverð: 13.520,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

TVÆR ENDURPRENTANIR

Þrátt fyrir að jólabókaflóðið sé nýhafið hefur Forlagið þegar ákveðið að hefja endurprentanir á tveimur titlum. Um er að ræða hina sögulegu skáldsögu Náðarstund eftir Hannah Kent sem fjallar um síðustu aftökuna á Íslandi og bókina Kötu eftir Steinar Braga sem fjallar um kynferðisofbeldi og viðbrögð við því. - fb

„Ég er skelfingu lostin. Þetta stendur skrifað í Biblíunni. Það stendur í Biblíunni að það verði plága og þetta er hún. Ég held það."

OFURFYRIRSÆTAN NAOMI CAMPELL UM EBÓLU Í BRESKA ÆTTINUM CELEBRITY GOGGLEBOX.

TILNEFNDUR SEM MBA-NEMI ÁRSINS

Leikarinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson hefur verið tilnefndur MBA-nemi ársins 2014. Hann útskrifaðist með MBA-gráðu síðastliðið vor frá Háskólanum í Reykjavík. Verðlaunin verða veitt við hátíðlega athöfn í Lundúnum þann 30. október þar sem Guðmundur verður viðstaddur ásamt Þórönnu Jónsdóttur, forseta viðskiptadeildar HR. Það eru samtökin AMBA sem standa að verðlaununum á hverju ári en þau hafa það að markmiði að efla viðskiptamenntun á framhaldsstigi í Evrópu. Guðmundur tók nýlega við starfi framkvæmdastjóra Tjarnarbíós. - fbj

ÁRTÚN BEST Í CHICAGO

Ártún, stuttmynd Guðmundar Arnars Guðmundssonar, var valin besta leikna stuttmyndin á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Chicago. Hún hlaut að launum Gullna skjöldinn. Guðmundi hefur verið boðið að sýna Ártún á fjölda erlendra kvikmyndahátíða, þar á meðal á hátíð í Zagreb í Króatíu, á norrænum kvikmyndadögum í Lübeck í Þýskalandi, norrænni hátíð í Hollandi og á evrópsku stuttmyndahátíðinni í Brest í Frakklandi. Önnur stuttmynd eftir Guðmund Arnar, Hvalfjörður, hlaut dómnefndarverðlaun í Chicago í fyrra. - fb

Æskulýðsráð

Viðurkenningar fyrir æskulýðsstarf

Æskulýðsráð veitir í ár viðurkenningar í æskulýðsstarfi. Viðurkenningarnar eru ætlaðar til að vekja athygli á því sem er til fyrirmyndar í æskulýðsstarfi á Íslandi og vera hvatning til þróunar, nýsköpunar og þátttöku. Viðurkenningarnar verða veittar á ráðstefnunni ***„Stefnum saman til framtíðar - Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2014"*** sem haldin verður í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi **24. nóvember 2014.**

Óskað er eftir tilnefningum í eftirfarandi flokkum:

1. Ungt fólk sem lagt hefur alúð við þátttöku sína í æskulýðsstarfi eða nýtt reynslu sína úr æskulýðsstarfi á öðrum sviðum þjóðlífsins.

2. Aðilar sem sinnt hafa nýsköpun eða þróun í æskulýðsstarfi. Hægt að tilnefna einstaklinga, félög, hópa eða stofnanir.

3. Starfsmenn eða sjálfboðaliðar í æskulýðsstarfi sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað fram úr.

Æskulýðsráð skipar dómnefnd sem velur úr tilnefningum og ábendingum. Tilnefningar ásamt rökstuðningi skal senda til Valgerðar Þórunnar Bjarnadóttur sérfræðings hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í netfangið **valgerdur.thorunn.bjarnadottir@mrn.is**

Frestur til að skila inn tillögum er til og með 17. nóvember 2014.

Trendsetterinn vill verða forseti Íslands

Tískubloggið trendsetterinn.wordpress.com sló í gegn í vikunni. Bloggari síðunnar kveðst vera lítið, viðkvæmt blóm sem ekki vill koma fram undir nafni að svo stöddu. Trendsetterinn, eins og hún kallar sig, ætlar sér stóra hluti í blogginu.

Trendsetterinn er 20 og eitthvað ára „fashion og lifestyle" bloggari á síðunni trendsetterinn.wordpress.com. sem sló rækilega í gegn í vikunni. Þar sýnir hún spennandi hluti, nýjar snyrtivörur sem hún fær gefins, fallegan mat í krukkum og fleira.

Fréttablaðið fékk einkaviðtal við Trendsetterinn sem leiddi okkur í allan sannleika um hvernig ná skal langt sem tískubloggari.

Hvernig byrjaði þetta? „Fólk í kringum mig var búið að taka eftir því hversu góð tískuvitund mín væri og bað mig um að blogga. Ég er líka frábær kokkur og get gert kökur með rósakremi. Á líka fullt af iittala-dóti og alls konar fallegu fyrir heimilið sem ég get sýnt öðrum. Ég hef þetta allt. Ég er hinn fullkomni tískubloggari," segir Trendsetterinn.

En hvernig hafa viðbrögðin verið við blogginu? „Þau hafa verið betri en ég átti von á og ég er nú þegar komin með stór verkefni, sem ég get því miður ekki talað um eins og er. Ég get samt sagt að mér hefur verið boðið að keppa í Eurovision fyrir Íslands hönd og að skrifa handritið að Áramótaskaupinu. Ég afþakkaði bæði boðin," segir hún.

Innblástur segist hún fá úr sínu eigin höfði, enda sé hún mjög skapandi manneskja með mikið tískuvit. „Mér finnst langskemmtilegast að gera persónuleg blogg og svona „new in" blogg. Þá get ég sýnt lesendum allt það sem ég hef verið að kaupa mér og það sem er búið að gefa mér frítt."

Að vera bloggari hlýtur að hafa sína kosti, en hún segist því miður ekki vera að raka inn á þessu. „Það er það eina sem ég er ósátt við. Það er ekki verið að senda mér nóg af fríu dóti. Ég hvet fyrirtæki til þess að hafa samband við mig," segir hún. Hvert stefnir Trendsetterinn? „Á toppinn! Bloggið er ákveðið start fyrir ferilinn. Mig langar að gera eigin sjónvarpsþátt og bíð bara eftir símtalinu. Ég ætla að halda áfram að lifa og hrærast í þessum heimi þar til ég verð 35 ára, en þá mun ég verða forseti Íslands."

Trendsetterinn leitar eins og er að umboðsmanni og biður áhugasama um að bjóða sig fram. „Ég er búin að tala við Óla Geir [Ólaf Geir Jónsson] en hann var því miður upptekinn við að skipuleggja klámkvölds-aðventutónleika í Hallgrímskirkju."

adda@frettabladid.is

HEITASTA TRENDIÐ Hér má sjá trendsetterinn í nýjasta trendinu, fur on fur eða feldur við feld.

SNIÐUG LAUSN Trendsetterinn gerði sína eigin útgáfu af vinsælu Calvin Klein-nærfötunum.

- 30.000 heimsóknir á síðuna þann 23. október
- 1.000 deildu færslu hjá henni um iittala
- 9. sæti yfir mest heimsóttu Wordpress-síður 24. október

Tilnefnd til virtra hönnunarverðlauna

Þórunn Árnadóttir tilnefnd fyrir besta hönnunarstúdíóið á uppleið.

„Þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu," segir Þórunn Árnadóttir hönnuður.

Hún var tilnefnd í vikunni til The Icon Awards, virtra verðlauna sem fara til framúrskarandi arkítekta, vöruhönnuða og frumkvöðla.

Þórunn er tilnefnd til „Emerging Design Studio of the Year", verðlauna fyrir besta hönnunarstúdíóið á uppleið. „Það er frábært að fá þessa athygli því vonandi fær maður fleiri verkefni út frá þessu," segir hún. „Þetta eru rosa flott verðlaun og ég hef alveg tekið eftir þeim áður, þannig að þetta er mikill heiður."

Hönnun Þórunnar hefur vakið mikla athygli undanfarið, meðal annars Pyropets, kerti sem eru í laginu eins og sætur köttur sem skilur eftir sig ógnvænlega beinagrind þegar kertið hefur brunnið upp til agna.

Að sögn Þórunnar vinnur hún nú líka að vörulínunni Ship Ahoy í samstarfi við netagerðina Egersund á Eskifirði og handverksfólk á Austurlandi.

Verðlaunaafhendingin fer fram í Lundúnum í byrjun desember þar sem Þórunn verður viðstödd en hún ætlar að taka með sér Ship Ahoy-línuna til að kynna hana.

„Ég ætla að skreppa til Lundúna og tala við ýmsar búðir þar sem ég er að selja. Það er fínt að hitta verslanaeigendurna og kíkja á afhendinguna enda er þetta gott tækifæri til að hitta fólkið í bransanum." - þij

KOM Í OPNA SKJÖLDU Þórunn segir þetta gott tækifæri til að hitta fólk í hönnunargeiranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚTHLUTUN ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA.

Samgöngustofa auglýsir laust til umsóknar 1 leyfi til leiguaksturs á Akureyri.

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001, sbr.reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.
Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2, Reykjavík eða á www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember 2014.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Opnum í dag á Selfossi

Halló Selfoss!
Opnum í dag nýja verslun á Selfossi. Bjóðum upp á kaffi, piparkökur og Svala í tilefni dagsins. Verið velkomin!

ÆRLIGHEDKÆRLIGHEDKÆRLIGHEDK

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 68202 08/14

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í NEW YORK

Verð frá 33.200* kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.

Njóttu hverrar mínútu

Þú þarft ekki að æða upp Empire State. Eða rjúka í gegnum Central Park og missa af öllu á hraðferðinni. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Labba frekar en að taka leigubíl. Kíkja handan við hornið. Skrifa ferðadagbók og taka þúsundir ljósmynda. Horfa upp. Hlusta. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

NÆRMYND

Heimir Hallgrímsson

annar tveggja þjálfara íslenska A-landsliðs karla í knattspyrnu og sjálfstætt starfandi tannlæknir í Vestmannaeyjum.

ALDUR 47 ára
MAKI Íris Sæmundsdóttir
BÖRN Hallgrímur og Kristófer

Í vikunni bárust þau tíðindi að Ísland væri í 28. sæti á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA. Sigrarnir í Lettlandi og Hollandi fyrr í mánuðinum fleyttu liðinu upp um sex sæti. Þetta er í fyrsta skipti sem liðið er efst Norðurlandaþjóða á listanum.

„Heimir er mjög skipulagður og vandvirkur og skemmtilegur að vinna með. Hann er metnaðarfullur og vill leita leiða til að bæta sig og aðra. Sínar bestu hugmyndir virðist hann fá í baði enda er hann iðulega á leiðinni í bað, í baði eða nýbúinn í baði."

***Gunnar Gylfason**, samstarfsmaður hjá KSÍ*

„Heimir er mjög metnaðarfullur, vinnusamur og gerir kröfur. Hann hefur ótrúlega mikla þekkingu á öllu sem viðkemur fótbolta. En fyrst og fremst er hann frábær persóna og góður vinur."

***Gunnar Leifsson**, æskuvinur úr Eyjum*

„Ég á fjóra bræður og hinir verða ábyggilega brjálaðir ef ég segi að hann sé besti bróðir minn–sem hann er. Hann var ljúfur og þægur sem barn og er enn þá sami gæðadrengurinn. Einu skiptin sem hann er ekki í góðu skapi er þegar hann tapar fótboltaleik, þá er ég ekkert að reyna að tala við hann. Heimir er mikill húmoristi og skemmtilegur og honum hefur vegnað mjög vel í lífinu."

***Jónína Hallgrímsdóttir** systir*

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you

með Android PHILIPS

Heimilistæki ht.is

VINTER 2014 sængurverasett B150×L200/B50×L60cm. Rautt/hvítt **1.990,-** *Einnig til grátt/hvítt*

Nýtt

URSULA teppi. 100% bómull B120×L180cm. Rautt **4.950,-**

790,-

Nýtt

VINTER 2014 gestahandklæði. B30×L50cm Hvítt/rautt

VINTER 2014 púði B40×L65cm. Prjónað/hvítt **2.850,-**

Jólin þín byrja í IKEA

Jólin eru hátíð hefða, en þó eru hver jól og aðdragandi þeirra einstök. Nú höfum við sett upp jólin í IKEA, bæði innan- og utandyra, og hlökkum til að aðstoða þig við að undirbúa jólin þín.

Nýtt

VINTER 2014 dyramottur 100% kókostrefjar B40×L70cm Ýmsir litir **1.690,-/stk.**

EMMIE RUTA sængurverasett B150×L200/B50×L60cm. Grátt/hvítt **4.890,-**

Nýtt

VINTER 2014 rúmteppi B150×L240cm. Ýmsir litir **2.450,-**

Nýtt

VINTER 2014 teppi 80% akrýl, 20% ull. B115×L180cm. Hvítt **4.950,-**

VINTER 2014 metravara B150cm. 100% bómull

Nýtt

VINTERMYS geitur 100% pólýester. Rautt eða grátt
H50cm **5.950,-**
H15cm **990,-**

1.650,-

VINTER 2014 inniskór. Stærðir: S-XL
Fylling: 100% pólýester. Ýmis mynstur

DVALA teygjulak B90×L200cm Rautt **1.790,-**

Nýtt

VINTERMYS skrautkertastjaki 100% pólýester H35cm Rautt eða hvítt **1.450,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

790,-/stk.

GURLI púðaver B50×L50cm Ýmsir litir
Innri púði seldur sér

VINTER 2014 stólsessa B40×L40cm Rautt/hvítt **990,-**

OFELIA teppi B130×L170cm Hvítt **2.850,-**

Nýtt

VINTER 2014 metravara B150cm. Hvítt/rautt **990,-/m**

JÓLAGLAUNA-VÖTTUR VR

VEITINGASTAÐURINN 1.195,-
Rammíslenskt hangikjöt
með kartöflum, uppstúf, grænum baunum og rauðkáli

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®